

**SKOÐUN** Erik Scheller, sænskur þingmaður, biður Ísland um að ganga í Evrópusambandið. 21



**MENNING** Myndband hljómsveitarinnar Ylju við lagið Út valið komst í lokaúrtak Silversound-hátíðarinnar. 34



**SPORT** Strákarnir okkar mæta heimsmeisturum Spánar í dag í úrslitaleik B-riðilsins á EM í handbolta. 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
16. janúar 2014
13. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Skrið á rafmagnsbílum**
Frá 2011 hefur sala rafmagnsbíla aukist um 258 prósent en nýskráningar metanbíla dregist saman um 64 prósent. 4

**Ósammála um rjómaverð** Hagfræðingur segir MS hagnast mjög á að halda uppi rjómaverði. Forstjóri MS bendir á Verðlagsnefnd búvara. 6

**Njósnatæki beint í tölvur** Bandarískir njósnarar hafa sett njósnabúnað í nærri hundrað þúsund tölvur víðs vegar um heiminn. 8

**Rammaáætlun í uppnámi** Endurskoða þarf lagabókstafinn til að eyða óvissu um rammaáætlun. 10




20

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | | ANA | 6 |
| Akureyri | 2° | | A | 6 |
| Egilsstaðir | 2° | | ANA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | NA | 9 |
| Reykjavík | 3° | | ANA | 6 |

**Rigning** eða slydda A-lands en annars lítils háttar úrkoma. Strekkingur með SA-ströndinni en annars hægari vindur. Hiti 0-6 stig á láglendi. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk


FÓLK
MEÐ HÁRIÐ BUNDIÐ Í TAGL
FULLKOMNUNARÁRÁTTA SKAÐAR
STÓRÚTSALA
ÚTSALA

# Efstu sæti D-lista óbreytt í Reykjavík

Þrír karlmenn munu skipa efstu sæti D-listans fyrir kosningarnar í vor verði tillaga kjörnefndar samþykkt. Rýr hlutur kvenna stendur þrátt fyrir gagnrýni.

**STJÓRNMÁL** Lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík verður ekki breytt frá niðurstöðu prófkjörs flokksins í nóvember og því verður hann skipaður karlmönnum í þremur efstu sætum. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Kjörnefnd flokksins í Reykjavík mun í dag leggja þessa tillögu fyrir fulltrúaráðsfund en eina breytingin sem gerð verður á listanum fyrir borgarstjórnarkosningarnar 31. maí næstkomandi er sú að frambjóðendur fyrir neðan þriðja sæti færast upp um eitt sæti þar sem Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi, sem hafnaði í fjórða sæti í prófkjöri, mun ekki taka sæti á lista.

Ekki verður farið að kröfum þeirra sem kallað hafa eftir fleiri konum í forystusæti á listanum en hávær krafa þar um heyrðist eftir prófkjör flokksins þar sem ljóst varð að karlmenn skipa efstu þrjú sætin. Þeir eru Halldór Halldórsson, Júlíus Vífill Ingvarsson og Kjartan Magnússon.

Landssamband sjálfstæðiskvenna sendi frá sér yfirlýsingu í desember þar sem sambandið harmaði hversu hlutur kvenna væri rýr í efstu sætum lista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík í vor ef niðurstöður prófkjörsins yrðu látnar standa. Hvatti kjörnefnd til að nýta sér það svigrúm til breytinga sem hún hefur. Nýkjörinn formaður Landssambandsins er Þórey Vilhjálmsdóttir, aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra. Þáverandi formaður sambandsins, Jarþrúður Ásmundsdóttir, sagði í kjölfar prófkjörsins að það að stilla upp körlum í þrjú efstu sætin gæti ekki talist sigurstranglegur listi og sagði niðurstöðuna mikil vonbrigði fyrir sjálfstæðiskonur.

Það er Vörður, fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, sem boðar til fundarins þar sem endanleg ákvörðun verður tekin.

- kh, aó



**KONUR Í FORYSTUSÆTI** Fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi boðuðu til blaðamannafundar í Iðnó í gær til að hvetja til vals á konum í forystusæti í stjórnmálum og atvinnulífinu almennt. Konur eru hvattar til að setja myndina sem fulltrúarnir halda á lofti á fésbókarsíður sínar, í því felst „kvennabylgjan“ sem mun fara fram á samfélagsmiðlum. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Titringur í bæjarstjórn:

## Meirihlutinn tórir ennþá



GUNNAR I. BIRGISSON

**KÓPAVOGUR** „Minnihlutinn í meirihlutanum stendur,“ segir Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks í Kópavogi.

Titringur varð í Kópavogi í gær þegar Gunnar Birgisson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, kaus með minnihlutanum í bæjarstjórn um húsnæðismál.

„Gunnar Birgisson er bara annar maður eftir að hann missti oddvitasætið. Þetta er í þriðja sinn sem svona stórt mál kemur upp og Gunnar hleypur út undan sér,“ segir Ómar.

- ebg / sjá síðu 4

Talar á HönnunarMars:

## Calvin Klein á leið til Íslands

**HÖNNUN** Bandaríski fatahönnuðurinn Calvin Klein mun flytja erindi á „DesignTalks“-fyrirlestradegi Hönnunarmiðstöðvar á HönnunarMars þann 27. mars. Calvin Klein ætti að vera flestum kunnur en hann hefur um árabil verið einn fremsti fatahönnuður og ilmvatnsframleiðandi heims.

Dagskrá fyrirlestradagsins í ár er óvenju glæsileg en auk Calvins Klein koma fram Robert Wong hjá Google Creative Lab, Kathryn Firth, arkitekt og hönnunarstjóri hjá London Legacy Development Corporation, Mikael Schiller, stofnandi sænska fatamerkisins Acne Studios, og Marco Steinberg, fyrrverandi stjórnandi Helsinki Design Lab.



- ósk / sjá nánar á blaðsíðu 50






Knattspyrnumaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson er með í súperliði Pepsi 2014:

# Í auglýsingu með þeim bestu

**FÓLK** Pepsi afhjúpar í dag súperlið sitt fyrir árið 2014 en í því eru margir bestu knattspyrnumenn heims, þar á meðal Lionel Messi, Robin van Persie og Vincent Kompany. Íslenski fótboltamaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson er í liðinu og mun hann leika í sjónvarpsauglýsingu með goðunum í byrjun febrúar. Þá mun mynd af Gylfa prýða hálfs lítra og tveggja lítra Pepsi- og Pepsi Max-flöskur á Íslandi sem fara í sölu eftir páska.

„Mér finnst bara gaman að taka þátt í þessari herferð með þessu stórfyrirtæki. Þetta er frábær auglýsing fyrir sjálfan mig og íslenskan fótbolta. Fótboltalega séð gerir þetta ekkert fyrir ferilinn en vonandi kemur þetta Íslandi einhvern veginn á kortið fyrir einstaklinga úti í heimi sem þekkja ekki fótboltann þar,“ segir Gylfi í samtali við Fréttablaðið. Hann vill ekki gefa upp hvað hann fær borgað fyrir herferðina en þess má geta að Lionel Messi fékk tvær milljónir dollara, rúmlega 230 milljónir króna, fyrir herferð hjá sportvörumerkinu Adidas.

„Ég einbeiti mér bara að því að spila fótbolta. Þegar ég var yngri langaði mig að vera eins og þessir frægu leikmenn eins og Beckham sem voru alls staðar. Núna finnst mér þetta meira bara bónus.“

Pepsi er einn vinsælasti gosdrykkur heims og að sjálfsögðu þykir Gylfa drykkurinn góður. „Já, ég er mikill Pepsi-maður.“

- lkg / sjá nánar síðu 40



**SÚPERLIÐ PEPSI 2014** Gylfi Þór Sigurðsson segir að vitanlega þyki honum góður drykkurinn sem hann auglýsir.




## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, vitið þið hvað klukkan slær?

**„Við boðum betri tíma.“**

Guðmundur Steingrímsson er formaður Bjartrar framtíðar, sem vill láta seinka klukkunni um eina klukkustund til að létta lund landsmanna í skammdeginu.

Stækkunarstjóri ESB segir sambandið opið fyrir aðildarumsókn Íslendinga:

# Füle segir boltann hjá Íslandi

**STJÓRNMÁL** Stækkunarstjóri Evrópusambandsins, Štefan Füle, sagði í ræðu á Evrópuþinginu í gær að sambandið hefði enn vilja til að halda áfram aðildarviðræðum við Ísland, vildu Íslendingar halda þeim áfram.

Í ræðu sinni fór Füle yfir stöðu aðildarumsóknarinnar. Hann sagði ástæðuna fyrir því að sambandið hefði hætt að veita Íslendingum svokallaða IPA I styrki vera þá að ekki væri réttlætanlegt að skattgreiðendur aðildarríkja Evrópusambandsins greiddu fyrir slíka styrki þegar íslensk stjórnvöld hefðu einhliða ákveðið að stöðva aðildarviðræðurnar.

Evrópusambandið hefði síðan í samráði við íslensk stjórnvöld hætt við styrkveitingar á IPA II styrkjum sem áttu að koma til framkvæmda á árunum 2014-2020. Í niðurlagi ræðunnar áréttaði Füle að boltinn væri hjá Íslendingum en sambandið ætti áfram að vera hliðhollt aðildarumsókn Íslendinga. -eh



**Í BRUSSEL** Gunnar Bragi og Štefan Füle á fundi í fyrrasumar. MYND/ESB

Ráðherra kynnir tillögur:

# 500 milljónir í aukna löggæslu

**LÖGREGLUMÁL** Innanríkisráðherra mun í dag kynna tillögur þingnefndar um skiptingu 500 milljóna króna fjárveitingar til að efla löggæslu í landinu.

Björgvin G. Sigurðsson, sem í nefndinni sat, sagði í samtali við Sunnlenska í gær að niðurstaða nefndarinnar væri fagnaðarefni fyrir svæði utan höfuðborgarsvæðisins og að lögreglumönnum í Árnessýslu myndi fjölga um fjóra, meðal annars með stöðu rannsóknarlögreglumanns. -eh



**HÓPURINN** Frakkarnir hittust í gærmorgun fyrir utan Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

Ferðuðust um Suðurland á sextán Land Rover-jeppum:

# Bókunum í janúar hefur fjölgað

**FERÐAÞJÓNUSTA „Það er ánægjulegt að sjá hvað janúar fer vel af stað og það er mikið um bókanir fram undan. Þetta er árstími hvataferða en það er óvenjulegt að þetta byrji svona snemma,“ segir Jón Baldur Þorbjörnsson, eigandi og stofnandi Bílaleigunnar Ísaks.**

**Fyrirtækið leigði hópi franskra ferðamanna sextán Land Rover-jeppa í gær. Ferðamennirnir lögðu af stað frá Hörpu í dagsferð austur á Stokkseyri. „Við erum búin að reka jeppaleiguna í sex ár og það er mikil eftirspurn á öllum tímum ársins að nóvember frátöldum. Ég reikna með að við höfum séð um 20-25 prósenta aukningu á síðasta ári miðað við árið á undan,“ segir Jón.** - hg

# Vilja að konurnar taki sér meira rými

Félagsmálaráðherra fagnar því að Ragnheiður Elín viðskiptaráðherra hafi lýst því yfir að hún hafi hætt við að afnema kynjakvótalögin. Þverpólitísk samstaða þingkvenna var boðuð á fundi með hvatningu um að konur verði valdar í forystusæti.

**STJÓRNMÁL** „Það er ánægjulegt að viðskipta- og iðnaðarráðherra hafi tekið af skarið um að hún ætli ekki að afnema lögin um hlutföll kynja í stjórnum fyrirtækja,“ sagði Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra í samtali við Fréttablaðið á blaðamannafundi í gær þar sem kynnt var sameiginleg aðgerð allra stjórnmálaflokka til að hvetja til vals á konum í forystusæti í stjórnmálum og atvinnulífinu almennt.

Ragnheiður Elín Árnadóttir viðskiptaráðherra boðaði í vikunni til lokaðs fundar með fulltrúum frá atvinnulífinu til að fá fram ólíkar skoðanir á lögunum. Ráðherrann var framsögumaður minnihlutaálits viðskiptanefndar á sínum tíma þar sem fram kom skýr andstaða við lagasetninguna. Hún sagði í viðtali við Fréttablaðið á þriðjudag að hún myndi ekki taka lögin til endurskoðunar núna á vorþingi.

Upphaf þessarar aðgerðar sem kynnt var í gær má rekja til fundar Eyglóar og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra með formönnum allra stjórnmálaflokka í Ráðherrabústaðnum þar sem rætt var um nauðsyn þess að velja konur til forystu í flokkunum.

„Ég studdi þessa lagasetningu á sínum tíma og tel að það þurfi að koma meiri reynsla á framkvæmd laganna og áhrif þeirra áður en farið er að fjalla um að afnema þau,“ sagði Eygló.

„Við erum hér samankominn hópur kvenna sem erum ósammála um langflest en höfum ákveðið að vinna saman að því sem við erum þó sammála um,“ sagði Eygló Harðardóttir í samtali við Fréttablaðið. Hún sagði viðbrögðin á fundinum í Ráðherrabústaðnum við þessu átaki og áskorun hafa verið misjöfn. „En það var ákveðið að taka þetta mál á næsta skref og þess vegna boðum við til þessa fundar,“ sagði Eygló.

Fulltrúar flokkanna voru hver og einn með stutta framsögu á fundinum þar sem þeir lýstu nauðsyn þess að konur jafnt sem karlar skipuðu forystusæti í stjórnmálum og atvinnulífinu og boðaðar voru frekari aðgerðir af þessum meiði. Meðal þeirra sem tóku til máls var Heiða Kristín Helgadóttir, annar formanna Bjartrar framtíðar, sem varaði þá sem væru með kvíðahnút í maganum yfir þessu átaki við því að hnúturinn ætti aðeins eftir að stækka. Þá sagði Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, svona framtak mikilvægt, en raunverulegar aðgerðir þurfi líka að koma til. Hún bætti við að ef konur ætluðu sér að taka meira rými, þá þyrftu einhverjir að gefa það eftir eðli málsins samkvæmt.

fanney@frettabladid.is



**SAMSTAÐA** Konur úr öllum flokkum voru sammála um að grípa þyrfti til aðgerða vegna hlutar kvenna í stjórnmálum og atvinnulífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Aðgerðin „Konur í forystusæti“ boðuð

Fulltrúar kvennahreyfinga allra flokka á Alþingi stóðu að blaðamannafundi í Iðnó í gær ásamt formönnum Kvenréttindafélagsins, Kvenfélagasambandsins og Femínistafélagsins. Tilgangur blaðamannafundarins var að kynna sameiginlega aðgerð sem felur í sér hvatningu um að velja konur í forystusæti í stjórnmálum og atvinnulífinu almennt.

Í aðgerðinni verður samfélagsmiðlum beitt til að ná árangri í jafnréttisbaráttunni. Allar konur eru hvattar til að setja mynd með slagorðinu inn á Fésbókarsíðu sína og deila henni áfram. Í því felst „kvennabylgjan“ og fer hún fram á Fésbókarsíðum.

Fulltrúi páfa í yfirheyrslu:

# Spurður út í barnaníðinga

**PÁFAGARÐUR, AP** Í dag mæta fulltrúar Páfagarðs til yfirheyrslu í Genf hjá nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem fylgist með framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Meðal annars verða til umræðu kynferðisbrot gegn börnum, sem prestar og aðrir útsendarar kaþólsku kirkjunnar hafa orðið uppvísir að í mörgum löndum.

Þetta er í fyrsta sinn sem Páfagarður þarf að svara ásökunum um að hafa tekið af mikilli linkind á slíkum brotum og frekar staðið vörð um eigin orðspor en að sækja barnaníðinga til saka. - gb

Tók samfanga í gíslingu:

# Fékk ótímabundinn dóm

**DANMÖRK** Karlmaður, sem fyrir tæpu ári tók samfanga sinn í gíslingu á útisvæði á þaki lögreglustöðvarinnar í Kaupmannahöfn, var í gær dæmdur til ótímabundinnar fangelsisvistar. Politiken segir svo frá.

Slíka dóma fá þeir sem teljast ógn við samfélagið. Það felur í sér fangelsi í minnst þrjú ár og svo árlegt mat þar til rétturinn telur viðkomandi mega fá frelsi á ný. Maðurinn ógnaði yngri fanga með heimatilbúnu vopni úr sambræddum tannburstum og hélt föngnum í fjórar klukkustundir áður en hann gafst upp. - þj






Fjölgun ferðamanna virðist leiða af sér hlutfallslega minni skatttekjur:

# Fá nú minna út úr ferðamönnum

**STJÓRNMÁL** Skatttekjur af hverjum ferðamanni lækka umtalsvert á milli ára. Þetta kemur fram í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Oddnýjar G. Harðardóttur um tekjur ríkissjóðs af hverjum ferðamanni.

Tæplega 300 þúsund ferðamenn komu hingað til lands árið 2002 samanborið við 670 þúsund árið 2013 og voru beinar skatttekjur af hverjum ferðamanni á verðlagi ársins 2013 helmingi lægri árið 2012 en árið 2002. Árið 2002 voru uppreiknaðar skatttekjur tæplega 60 þúsund á hvern ferðamann samanborið við rétt rúmlega 30 þúsund árið 2012.

Oddný telur að skoða þurfi rekstrarumhverfi ferðaþjónustu hér á landi með hliðsjón af þessum svörum.

„Það er rík ástæða til þess að skoða rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar, miðað við svör ráðherra. Þegar við erum með atvinnugrein sem er að vaxa svona hratt, þá verðum við að skoða hvort við viljum að hún vaxi í þessu umhverfi,“ segir Oddný. - eh



**BREYTT SAMSETNING** Ísland virðist ekki lengur vera bara fyrir auðuga ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## HVERJU LANGAR ÞIG AÐ SAFNA FYRIR?

Einfaldasta leiðin til að safna fyrir því sem þig langar í er að setja þér markmið og leggja fyrir.

Þú getur nýtt þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir Arion banka í ýmsum tilgangi, til lengri eða skemmri tíma, með stór eða smá markmið.

**Fjárhæðaþrep 30** er hávaxtareikningur með óverðtryggða breytilega vexti. Vextirnir eru þrepaskiptir eftir inneign og byrja í 4,05%. Engin lágmarksupphæð er á reikningnum.

Farðu inn á **arionbanki.is/sparnaður** og skoðaðu hvernig þú nærð þínum markmiðum eða hafðu samband við næsta útibú Arion banka.




Arion banki

Samkvæmt sparnaðarkönnun Capacent og Arion banka

## SVONA ERUM VIÐ



**7.736** heimili fengu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum í landinu á árinu 2012.

**Það eru 6,2% heimila í landinu.** Hlutfallið hefur aukist verulega, en það var 3,6% árið 2007. *Heimild: ASÍ*

Titringur varð í Kópavogi í gær þegar Gunnar Birgisson bjó til nýjan meirihluta í bæjarstjórn:

# Stefna á að halda meirihluta út tímabilið





**KÓPAVOGUR** Nýr meirihluti myndaðist í bæjarstjórn Kópavogs í gær þegar Gunnar Birgisson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, gekk til liðs við minnihlutann í atkvæðagreiðslu um húsnæðismál.

Eftir töluverðan titring innan meirihlutaflokkanna og fundarhöld varð niðurstaðan þó sú að meirihlutinn stendur.

Bragi Mikaelsson, formaður stjórnar kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins, segir almennan vilja að meirihlutinn haldi áfram og það hljóti að finnast leið til að klára starfið.

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks, staðfestir að minnihlutinn í meirihlutanum standi en að staðan sé ekki æskileg.

„Ég er pirraður á þessu en ergelsið er fyrst og fremst út í Gunnar Birgisson og hvernig hann hagar sér. Hann hættir í vor og við krossum fingur að fólk hafi ekki lært mikið af honum eins og hann hefur hagað sér frá því að hann missti oddvitasætið.“

Rannveig Ásgeirsdóttir, bæjarfulltrúi Kópavogslista og forseti bæjarstjórnar, segist verða fegin þegar skilið verður við gömlu pólitíkina.

„Við höfum unnið markvisst að öllum verkefnum sem við höfum sett okkur og gert það í ró og næði. Það er aðeins vegna örfárra óróaseggja sem við höfum þurft að standa í svona uppákomum og ég er sannfærð um að Kópavogsbúar verða fegnir þegar þessir tímar líða undir lok í vor,“ segir Rannveig.

**- ebg**



**Á VETTVANGI** Borgarstarfsmenn hreinsa til eftir sprengjuárás. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengjuárásir í Írak:

## Kostuðu tugi manns lífið

**ÍRAK, AP** Sprengjuárásir hafa kostað að minnsta kosti 41 mann lífið í Írak í gær. Mannskæðust varð árás á jarðarför í bænum Buhriz, sem kostaði 16 manns lífið og særði 26.

Hinar árásirnar voru gerðar á nokkrum stöðum í höfuðborginni Bagdad og hafa kostað að minnsta kosti 25 manns lífið samtals.

Átök hafa magnast í landinu á síðustu vikum og mánuðum, einkum þó eftir að herskáir íslamistar tengdir al-Kaída náðu á sitt vald tveimur borgum í Anbar-héraði fyrr í mánuðinum.

Á síðasta ári kostuðu átökin nærri níu þúsund manns lífið, en það sem af er þessu ári hafa þau kostað nærri 300 manns lífið. **- gb**

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Megi ekki fara í verkfall

Bæjarritarinn í Garðabæ vill að upplýsingastjóri bæjarins og forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands séu á sérstökum lista yfir starfsmenn sveitarfélagsins sem ekki mega fara í verkfall. Starfsmannafélag Garðabæjar gerir athugasemd við að störfin séu á listanum.

### Sundlaugin hiti upp hús

Bæjarráð Fjallabyggðar hefur falið tæknideild bæjarfélagsins að kanna hvort hægt sé að nýta affallsvatn sundlaugarinnar í Ólafsfirði til upphitunar í öðrum húsum bæjarfélagsins.

# Rafbílum fjölgaði á meðan sala á metanbílum hrundi

Sala á rafbílum jókst um 258 prósent árið 2013 miðað við 2011. Á sama tíma drógust nýskráningar metanbíla saman um 64 prósent. Aukin sala á rafbílum er sögð tengjast niðurfellingu virðisaukaskatts og vörugjalda.

**VIÐSKIPTI** Nýskráningum rafbíla fjölgaði um 258 prósent á síðasta ári miðað við árið 2011. Sala á nýjum metanbílum dróst aftur á móti saman um 64 prósent á sama tímabili og bifreiðum sem var breytt í metanbíla fækkaði úr 404 í 57. Þetta kemur fram í tölum frá Samgöngustofu.

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, tengir aukna sölu á rafbílum við ákvörðun stjórnvalda um að fella niður virðisaukaskatt og vörugjöld á rafbílum.

„Þá urðu bílarnir samkeppnishæfir í verði sem þeir eru annars ekki því þeir eru dýrari en aðrir bílar. Það skýrir þessa sprengingu í rafbílasölu sem við höfum séð á síðustu tveimur árum,“ segir Özur.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), tekur undir með Özuri um áhrifin af aðgerðum stjórnvalda.

„En á sama hátt er undarlegt að í nýrri löggjöf um vistvænt eldsneyti í samgöngum á landi er ekki gert ráð fyrir því að fjölgun rafbíla geti verið þáttur í að auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi. Við hjá FÍB teljum að þar hafi stjórnvöld fúskað við lagagerðina,“ segir Runólfur.

Samdráttur í sölu metanbíla á sér margar skýringar að mati Özurar og Runólfs. Özur nefnir meðal annars að fáir bílaframleiðendur selja metanbíla og aðgengi að metandælum er takmarkað.

„Til skamms tíma var einungis hægt að kaupa metan á einum útsölustað og nú er búið að bæta við einni eða tveimur stöðvum. Síðan voru stofnuð hér hin og þessi fyrirtæki sem voru að breyta bílum í metanbíla. Það var misvel gert og það hafði auðvitað sín áhrif. Í mörgum tilvikum var um algjört fúsk að ræða og hreinlega með ólíkindum að sumum þessara fyrirtækja hafi verið leyft að breyta bílunum,“ segir Özur.

Runólfur nefnir einnig breytingar á vörugjöldum bifreiða frá árinu 2011.

„Þeim var breytt þannig að þau miðast ekki lengur við stærð bílvéla heldur mengun í útblæstri. Því eru fleiri ökutæki undir nýja mengunarviðmiðinu og metanbílar hafa því fengið aukna samkeppni frá neyslugrönnum bensín- og dísilbílum,“ segir Runólfur.

„Í mörgum tilvikum var um algjört fúsk að ræða og hreinlega með ólíkindum að sumum þessara fyrirtækja hafi verið leyft að breyta bílunum,“ segir Özur.

**haraldur@frettabladid.is**



**METANI DÆLT** N1 á Bíldshöfða hefur selt metan í nokkur ár og Olís opnaði metanafgreiðslu í Mjódd í september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Þróunin í rafmagns- og metanbílum

| Ár | Fjöldi nýskráðra rafmagnsbíla | Fjöldi nýskráðra metanbíla | Fjöldi breyttra ökutækja (metan) |
|---|---|---|---|
| 2011 | 64 | 190 | 404 |
| 2012 | 209 | 201 | 195 |
| 2013 | 229 | 68 | 57 |

Heimild: *Samgöngustofa*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HITI VERÐUR YFIR FROSTMARKI** á láglendi næstu daga og sú úrkoma sem fellur því ýmist á formi rigningar eða slyddu. Inn til landsins má þó gera ráð fyrir vægu frosti og mögulegri snjókomu.




**Á morgun**
Strekkingur með SA-ströndinni en annars hægari vindur.




**Laugardagur**
Strekkingur með SA-ströndinni en annars hægari vindur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 14° | Berlín | 4° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 19° | New York | 6° | París | 10° |
| Aþena | 16° | Billund | 4° | Gautaborg | 3° | London | 11° | Orlando | 11° | San Francisco | 19° |
| Basel | 7° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 3° | Mallorca | 15° | Ósló | -2° | Stokkhólmur | -2° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# TÆKNINÁM NTV SKILAR ÁRANGRI!

## Skráningar á vorönn standa yfir

### Kerfisstjórabraut - 371 stundir - Verð: 564.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Námið samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, Win 7/8 & Netvork+ ásamt MCSA Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur af öllum pakkanum.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified Solutions Associate“

| Morgunnámskeið byrjar 28. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 27. jan. |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 268.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 28. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 27. jan. |

### Cisco CCNA Routing & Switching - 85 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA Routing & Switching er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 200-120 sem er CCNAX prófið frá Cisco og er það innifalið í verði.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 21 janúar |

### Win 7/8 og Network+ - 108 stundir - Verð: 169.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2012 Server. Eftir námið á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 27. feb. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. feb. |

### Fornám í forritun - 108 stundir - Verð: 149.000.-

Forritun er fjölbreytt, skapandi, alþjóðleg og skemmtileg starfsgrein sem stöðugt virðist vanta nýja starfskrafta. Markmiðið með þessu námskeiði er að undirbúa nemendur fyrir Diplomanám í forritun og einnig að gera nemendum betur kleift að meta hvort þeir hafi áhuga og getu til að halda áfram á þessari braut. Til þess að komast áfram í diplomanámið þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn í þeim prófum sem lögð eru fyrir.

Stúdentspróf eða hliðstæð menntun veitir beinan aðgang í Diplomanámið.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 8. apríl |

### Diplomanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. febrúar |

### Tölvuviðgerðir - 78 stundir - Verð: 129.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband.

| Morgunnámskeið byrjar 28. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 27. jan. |

### MCSA kerfisstjórnun - 185 stundir - Verð: 329.000.-

MCSA námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem innifalin eru og þarf til að fá gráðuna: „Microsoft Certified Solutions Associate“

| Morgunnámskeið byrjar 28. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið 27. eða 28. jan. |

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS

ntv

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða fyrirtæki keypti um eitt þúsund nýja fólksbíla á síðasta ári?
**2.** Hvað heitir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu?
**3.** Frá hvers konar orkugjöfum kom þriðjungur þess rafmagns sem notað var í Danmörku á síðasta ári?

**SVÖR:**

**1.** Bílaleiga Akureyrar. **2.** Ásbjörg Arnþórsdóttir. **3.** Frá vindorkuverum.

George Osborne, fjármálaráðherra Breta, vill víðtækar umbætur á Evrópusambandinu:

# Vill fremur úrsögn úr ESB en evruna

**BRETLAND** George Osborne, fjármálaráðherra Bretlands, segir að ef ekki verði gerðar víðtækar umbætur á Evrópusambandinu geti Bretar þurft að standa frammi fyrir því að velja hvort þeir eigi heldur að segja sig úr ESB eða taka upp evru.

„Ég tel það ekki vera neinum í hag að Bretland þurfi að standa frammi fyrir vali um það hvort taka eigi upp evruna eða segja skilið við Evrópusambandið,“ sagði Osborne í ræðu í gær.

„Stærsta efnahagsáhættan sem ESB stendur frammi fyrir kemur ekki frá þeim sem vilja endurbætur og nýja samninga. Hún stafar af því að ekki verði gerðar endurbætur og samið upp á nýtt. Það er óbreytt ástand sem dæmir íbúa Evrópu til áframhaldandi efnahagsvanda og frekari hnignunar.“

Hann tók fram að Bretar vildu hvorki taka upp evruna né ganga úr Evrópusambandinu, en á hinn bóginn yrði það mjög slæmt fyrir Evrópusambandið að missa Bretland.

Breski Íhaldsflokkurinn, sem situr við stjórnvölinn í Bretlandi ásamt Frjálslynda flokknum, hefur boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort Bretar eigi að vera áfram í Evrópusambandinu. Atkvæðagreiðslan yrði haldin fyrir árslok 2017, fari svo að Íhaldsflokkurinn haldi völdum í næstu þingkosningum. **- gb**



**GEORGE OSBORNE** Fjármálaráðherra Bretlands kallar eftir umbótum á Evrópusambandinu. NORDICPHOTOS/AFP







# Eru ósammála um „ofurverð“ á rjóma

Hagfræðingur segir Mjólkursamsöluna hafa hagnast mikið á því að verði á rjóma sé haldið uppi. Forstjóri MS segir Verðlagsnefnd ákveða verð. Framlegðin af rjóma hafi lengi verið notuð til þess að halda niðri verði á almennum neysluvörum.

**IÐNAÐUR** Ætla má að verð á rjóma hér á landi sé tvöfalt til þrefalt hærra en eðlilegt getur talist og það „ofurverð“ hafi skilað Mjólkursamsölunni (MS) um 800 til 900 milljónum króna á ári. Þetta kom fram í aðsendri grein Þórólfs Matthíassonar hagfræðiprófessors í Fréttablaðinu í gær.

Í greininni tekur Þórólfur fram að 2 til 2,5 lítra af rjóma þurfi til að búa til eitt kíló af smjöri. Miðað við að heildsöluverð á rjóma í lausu máli er 798 krónur á lítrann þurfi því að kosta til 1.600 til 2.000 krónum í rjóma til að framleiða eitt kíló af smjöri, að frátöldum öðrum kostnaði, meðal annars vegna vinnu.

Leiðir Þórólfur þannig rök að því að kostnaðurinn við framleiðslu á smjöri sé á bilinu 2.000 til 2.500 krónur. Verðlagsnefnd búvara, sem ákvarðar heildsöluverð á búvörum, setur hins vegar heildsöluverð ópakkaðs smjörs 624 krónur á hvert kíló og þannig sé hvert kíló selt með 1.400 til 1.900 króna tapi. Segir hann að Verðlagsnefnd búvara hafi augljóslega ekki gætt eðlilegs samræmis milli verðs á rjóma annars vegar og smjörs hins vegar. „Verð rjóma virðist ofurverð!“ segir hann.

Þórólfur segir að ætla megi að verð á rjóma sé því tvöfalt til þrefalt hærra en eðlilegt geti talist.

„Verð rjóma er sannarlega ofurverð enda ætti heildsöluverð rjóma að vera um 250 til 300 krónur á lítra en ekki 624 krónur á lítra sé miðað við verðlagningu smjörs,“ segir hann og bætir við að það sem leiða megi líkur að því að rjómaneysla á Íslandi sé um 2.500 tonn á ári hafi meint ofurverð á rjóma því aukið tekjur MS um 800 til 900 milljónir króna á ári.

Þórólfur segir íslenska neytendur nú eiga kröfu meðal annars á að innflutningstollar af smjöri verði felldir niður og að MS „skili til baka þeim tekjum sem hún hefur haft af ofurverðlagningu á rjóma á undangengnum 5–10 árum“.

### Lúxusvara lækkar neysluvöru

Einar Sigurðsson, forstjóri MS, segist ekki vilja fara ofan í einstaka tölur í útreikningum, en tekur þó fram að ein lykilforsenda Þórólfs, magnið af rjóma sem hann reiknar með til smjörframleiðslu, sé um 40% meira en raunin er í þeim verðflokki sem hann reiknar sig út frá.

„Það sem skiptir hins vegar máli er að það hefur legið fyrir áratugum saman að verðið á rjóma í smásölu er hærra en verðið á þeim rjóma sem er notaður í smjör. Þess vegna hefur framlegð af rjóma í heildarrekstri iðnaðarins alltaf verið tiltölulega há, en framlegðin af smjöri verið nánast engin.“

Einar segir að ýmislegt liggi þarna að baki. Annars vegar sé rjómi lúxusvara sem seljist í miklu magni rétt fyrir páska og jól. Smjör seljist hins vegar jafnt og þétt og hafi mikið geymsluþol. Verðlagsnefnd framfylgi svo hlutverki sínu með því að nýta framlegð af lúxusvörum til að tryggja hagstætt verð á almennum neysluvörum; mjólk, smjöri og ostum.

Þá hafi núverandi fyrirkomulag tryggt bændum hátt hráefnisverð en haldið aftur af hækkunum á útsöluverði og þannig valdið því að fyrirtækin hafi orðið að hagræða í rekstri, sem hafi skilað neytendum verulegum árangri þar sem verð á mjólkurvörum hefur almennt hækkað minna en verðlag.

„Hafi safnast upp fjármunir hjá okkur eru þeir komnir aftur út til neytenda í gegnum verðlagsnefndina.“

Ólafur Friðriksson, formaður Verðlagsnefndar búvöru, segist í samtali við Fréttablaðið ekki vilja tjá sig um útreikninga Þórólfs, en segir að verðtilfærsla milli vöruflokka hafi til margra ára verið heimiluð með lögum.

„Undanfarin sex eða sjö ár hefur verið unnið markvisst að því að draga úr þessum verðmismun og láta hverja og eina vörutegund endurspegla sem mest framleiðsluverð. Lögunum var breytt frá og með síðustu áramótum þar sem sérstakt verðtilfærslugjald, sem lagt var á afurðastöðvarnar, var afnumið, en afurðastöðvunum er enn heimilt að gera verðtilfærslur milli vöruteg-unda og það er því enn til staðar í litlum mæli.“

Í þessu kerfi felst að sögn Ólafs meðal annars að hægt er að halda verði á nýmjólk niðri á meðan rjóminn, sem dæmi, er verðlagður hærra.

„Fulltrúar neytenda hafa gjarnan haldið því fram að það væri nauðsynlegt að hafa mjólkina sem slíka eins ódýra og hægt er. Samt hefur verið dregið jafnt og þétt úr þessu.“

Þórólfur segist í samtali við Fréttablaðið standa við það sem stendur í greininni.

„Ég sendi fyrirspurn á MS varðandi hversu mikið af rjóma þyrfti til að framleiða smjör, en ég fékk ekkert svar. Svo þegar ég talaði við Einar sagðist hann ekki vita það þá. Mínar tölur fékk ég frá matvælafræðingi og bakka ekki með þær strax. Ég hafði gefið MS fullt tækifæri til að gefa mér upplýsingar og það þýðir því ekkert að fela sig á bak við það núna.“

Þórólfur segir að sé verðið á rjóma notað til að halda verði á öðrum vörum niðri, stríði það í það minnsta gegn anda búvörulaga og samkeppnislaga og slíkt eigi ekki að líðast.

„Ég er tilbúinn til að leiðrétta ef þeir geta sýnt fram á einhver mistök í greininni, en ég stend við prinsippin þar að baki.“

**thorgils@frettabladid.is**

## → Heildsöluverð og útreikningar á framleiðsluverði smjörs og rjóma

miðað við forsendur Þórólfs Matthíassonar hagfræðings.




Ef raunhæft verð á smjöri er 624 kr./kg segir Þórólfur að rjómalítri ætti að kosta á bilinu 250 til 300 krónur í heildsölu í stað 798 króna eins og nú er.

Mismunur: **498-548 kr. á hvern rjómalítra**

Miðað við að MS selji **2.500 tonn** af rjóma ár hvert telur Þórólfur að samsalan hafi hagnast um **800-900 milljónir** króna á ári vegna „ofurverðs“ á rjóma. Forstjóri MS þvertekur fyrir slíkt. Öll aukaframlegð af rjómasölu skili sér í lægra verði á almennri neysluvöru.



**Ég er tilbúinn til að leiðrétta ef þeir geta sýnt fram á einhver mistök í greininni, en ég stend við prinsippin þar að baki.**

*Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor*



**Hafi safnast upp fjármunir hjá okkur eru þeir komnir aftur út til neytenda í gegnum verðlagsnefndina.**

*Einar Sigurðsson forstjóri MS*

# ÚTSALA

# 40%
TIL
# 70%

## AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**SLEÐAHUNDAR** Att verður kappi á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sleðamót fer fram í Eyjafirði um komandi helgi:

## Husky-hundar keppa í drætti

**ÍÞRÓTTIR Árleg sleðahundakeppni félagsins Icehusky fer fram í Kjarnaskógi, Naustaborgum og Hömrum á laugardaginn. Að því er fram kemur á heimasíðu Akureyrarbæjar eru fimmtán lið skráð til keppninnar auk sex liða í barna- og unglingakeppni.**

**Að því er segir á Facebook-síðu Icehusky er það félag á Norðurlandi sem sérhæfir sig í dráttarhundaíþróttum, hvort sem er á sleðum, reiðhjólum eða heimatilbúnum tækjum.** - gar

Skáksambandið fær styrk:

## Borgin styrkir afmælismót

**SKÁK** Reykjavíkurborg styrkir Skáksamband Íslands um 6,5 milljónir króna. Styrkurinn er veittur vegna 50 ára afmælis Reykjavíkurmóts Skáksambandsins sem fer fram 4. til 12. mars í Hörpu.

Þegar hafa um 170 skráð sig til keppni. Fyrsta mótið var haldið í Lídó og tóku 16 keppendur þátt. Reykjavíkurskákmótið er í dag orðið eitt stærsta alþjóðlega mót hvers árs í skákheiminum. Á síðasta ári tóku 230 keppendur frá 37 löndum þátt í mótinu. - jme

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

### Sautján ára á þorrablót

Þorrablótsnefnd 2014 í Langanesbyggð hefur fengið undanþágu frá sveitarstjórninni svo allir sem verða átján ára á árinu komist á þorrablótið en ekki aðeins þeir sem náð hafa þeim aldri þegar blótið fer fram eins og reglur félagsheimilisins um aldurstakmark segja til um.

### Lán fyrir afborgunum

Bæjarráð Vesturbyggðar hyggst sækja um 98 milljóna króna lán frá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna 86 milljóna króna afborganir af lánum sveitarfélagsins hjá sjóðnum fyrir 12 milljóna króna gatnaframkvæmdum.

# Setja njósnabúnað beint í tölvurnar

Bandarískir njósnarar hafa sett njósnabúnað í nærri hundrað þúsund tölvur víðs vegar um heim og geta þá fylgst með þeim þótt þær séu ekki nettengdar. Obama Bandaríkjaforseti hyggst á morgun kynna breyttar reglur um njósnastarfsemi.

**BANDARÍKIN** Starfsmenn bandarísku Þjóðaröryggisstofnunarinnar, NSA, hafa komið njósnabúnaði fyrir í nærri hundrað þúsund tölvum víðs vegar um heim – en þó ekki í Bandaríkjunum.

Þennan búnað nota þeir til að njósna meðal annars um opinberar stofnanir og félagasamtök í Kína, Rússlandi, Indlandi, Pakistan, Sádi-Arabíu og víðar.

Bandaríska dagblaðið New York Times skýrði frá þessu í gær, og vísar meðal annars í skjöl frá NSA sem fengin eru frá uppljóstraranum Edward Snowden.

Blaðið segir að um nokkurra ára skeið hafi NSA farið um heiminn og sett örsmá rásaspjöld og minniskort í tölvur. Eftir það sé hægt að komast í samband við þessar tölvur með því að nota útvarpsbylgjur.

Þetta geri njósnurunum kleift að fylgjast með tölvunum, þótt þær séu ekki tettengdar. Einnig komast þeir með þessum hætti framhjá öllum netöryggisbúnaði í tölvunum.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hyggst á morgun kynna breyttar reglur um njósnastarfsemi NSA. Með þessum breyttu reglum eigi að setja skýrari og stífari ramma utan um starfið, sem hefur sætt harðri gagnrýni eftir að fyrstu uppljóstranirnar frá Snowden tóku að rata í fjölmiðla síðastliðið vor.



**BARACK OBAMA** Bandaríkjaforseti kynnir á morgun hvaða breytingar verða gerðar á njósnaheimildum NSA. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn er ekki vitað hversu langt Obama hyggst ganga og hversu víðtækar heimildir NSA til njósna verða samkvæmt nýju reglunum, eða hvort megináherslan verði lögð á að tryggja að erfiðara verði fyrir uppljóstrara að ná sér í gögn á borð við þau sem Snowden hafði með sér eftir að hafa starfað um skeið fyrir NSA sem verktaki.

Þó hefur AP-fréttastofan eftir þremur bandarískum embættismönnum, ónafngreindum, að breytingar verði á því hvernig upplýsingum um síma- og netnotkun almennings verði safnað.

Einnig er fastlega gert ráð fyrir því að eftirlit með þessari starfsemi NSA og annarra njósnastofnana verði eflt, auk þess sem tryggja eigi betur persónuvernd einstaklinga.

Víst er að ráðamenn víða í ríkjum Evrópu og Suður-Ameríku, sem orðið hafa fyrir njósnum Bandaríkjamanna, muni bíða spenntir eftir því hvaða breytingar Obama hyggst gera.

gudsteinn@frettabladid.is

Láttu hjartað ráða




„Hnetusmjörið mitt inniheldur 99,5% hnetur og aðeins 0,5% salt og er því í miklu uppáhaldi hjá mér.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · www.lífrænt.is

HIMNESKT

markhonnun.is

NÝTT KORTATÍMABIL




# Lífsstílsdagar í Nettó

## – FRÁBÆR HEILSURÁÐ, UPPSKRIFTIR OG SPENNANDI VÖRUR




# heilsu & lífsstíls dagar

tilboðin gilda **16.** - **29.**jan. 2014



*við minnum ykkur á að:* **nettó** mjódd *og* granda *er með* lágt verð dag og nótt

Kaupás lækkar verð:

## Lækkun á eigin innflutningi

**NEYTENDUR** Kaupás ehf., sem rekur matvörukeðjurnar Krónuna, Nóatún og Kjarval, hefur ákveðið að lækka verð á þeim vörum sem félagið annast alfarið sjálft innflutning á.

Verðlækkunin kemur til framkvæmda á næstu dögum og verður hún á bilinu 3-5%. Að meðaltali nemur lækkunin tæplega fjórum af hundraði. Verðlækkunin nær til 700-800 vörutegunda, að því er segir í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu. - ibs

Sænski menntamálaráðherrann bregst við slæmri útkomu sænskra nemenda í PISA-könnun:

# Vilja óháða erlenda rannsókn á skólunum

**SVÍÞJÓÐ** Sænsk stjórnvöld ætla að setja á laggirnar nefnd með erlendum sérfræðingum sem eiga að gera úttekt á sænska skólakerfinu. Fjölmiðlar í Svíþjóð hafa það eftir Jan Björklund, menntamálaráðherra Svíþjóðar, að um verði að ræða óháða rannsókn undir stjórn OECD, Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Ástæðan fyrir rannsókninni er slæm útkoma sænskra skóla samkvæmt niðurstöðum nýju PISA-könnunarinnar. Gert er ráð fyrir að starf nefndarinnar taki að minnsta kosti eitt ár.

Haft er eftir Björklund að ekki sé verið að láta undan kröfu jafnaðarmanna um skipan neyðarnefndar. Um sé að ræða vísindalega nefnd og óháða úttekt þar sem sannleikans verði gætt, hversu óþægilegur sem hann kunni að vera.

Ibrahim Baylan, talsmaður jafnaðarmanna í menntamálum, segir það jákvætt að stjórnvöld hafi ákveðið að bregðast við. Augljóst sé að jafnaðarmenn séu drifkraftur í sænskri skólapólitík. Það sé hins vegar ekki nóg. Aðgerða sé þörf strax. Ekki sé hægt að bíða árum saman með það sem sérfræðingar leggja til núna, eins og til dæmis að minnka bekki.

Sænsku kennarasamböndin fagna fréttinni um úttektina á því hvers vegna kunnáttu sænskra nemenda hefur hrakað. - ibs



**Á FUNDI** Jan Björklund, menntamálaráðherra Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Á VESTFJÖRÐUM** Stuðla á að sjálfbærri ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umhverfisvottun á Vestfirði:

## Taka alltaf mið af náttúrunni

**UMHVERFISMÁL** Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa fengið umhverfisvottun frá áströlsku samtökunum EarthCheck, að því er segir á vef Reykhólahrepps.

EarthCheck er sögð stærsta rannsóknamiðstöð ferðamála í heiminum sem stuðlar að sjálfbærni í ferðaþjónustu. „Með aðild sinni að EarthCheck hafa vestfirsku sveitarfélögin níu skuldbundið sig til þess að taka mið af náttúrunni í öllum ákvörðunum sínum og tryggja sjálfbærni þeirra auðlinda sem til staðar eru á svæðinu," segir á reykholar.is - gar

Barroso ver ferðafrelsið:

## Segir lýðskrum marka umræðu

**EVRÓPUMÁL** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir ekki mega skipta íbúum ESB í fyrsta og annars flokks borgara. Hann segir að framkvæmdastjórnin muni verja frelsi íbúa sambandsins til að búa og starfa í öðrum aðildarlöndum en heimalandi sínu.

Þýska tímaritið Der Spiegel skýrir frá þessu. Barroso sakar ráðamenn nokkurra aðildarríkjanna um lýðskrum, en í Bretlandi, Þýskalandi og víðar hafa komið upp hugmyndir um að verja þurfi landamærin betur. - gb

# Rammaáætlun í uppnámi

Endurskoða þarf lagabókstafinn til að eyða óvissu um rammaáætlun. Náttúruverndarsamtök telja tillögu umhverfisráðherra um breytt friðlýsingarmörk Þjórsárvera ekki standast lög – og í raun stríðsyfirlýsingu.

**UMHVERFISMÁL** Lögin sem rammaáætlun er byggð á þurfa endurskoðunar við, enda leggja þau ekki þær skýru línur um orkunýtingu eða vernd landsvæða sem þeim var ætlað. Tillaga umhverfisráðherra um breytingu á friðlandsmörkum í Þjórsárverum er túlkuð sem stríðsyfirlýsing af náttúruverndarsamtökum og þau íhuga málsókn.

Þetta má kalla niðurstöðu fundar umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis í gær sem fjallaði um Norðlingaölduveitu og tillögu Sigurðar Inga Jóhannssonar umhverfisráðherra um breytingu á friðlandsmörkum Þjórsárvera.

Rauði þráðurinn á fundinum var einfaldlega sá að upp er risin lagaleg óvissa – svo djúpstæð, mátti skilja á fundarmönnum, að ástæða sé til að lögin verði endurskoðuð ef mögulegt á að reynast að ná fram markmiði þeirra.

Katrín Júlíusdóttir, þingkona Samfylkingarinnar, sagði að svæðið allt hafi átt að njóta verndar og það hafi verið samþykkt af Alþingi fyrir réttu ári. Vísaði hún þar til allrar efri Þjórsár frá Sultartangavirkjun upp að Þjórsárverum, og þar með frægrar fossaraðar sem spillist verði af framkvæmdum.

„Það er alveg skýrt að hér er talað um landssvæði og ég spyr því hvernig hægt sé að taka málið upp á grundvelli nýrrar útgáfu af orkukosti," sagði Katrín.

Sigurður ítrekaði fyrri rök sín í málinu og sagðist einfaldlega vilja stækka friðlandið eins og hægt væri í samráði og sátt við sveitarfélögin og aðra.

Náttúruverndarsamtök, en fulltrúar fernra slíkra sóttu fundinn, telja að ákvörðun ráðherra standist hvorki lög né afmörkun svæða samkvæmt ákvörðun verkefnisstjórnar rammaáætlunar sem skipaði Norðlingaölduveitu í verndarflokk áætlunarinnar. Skýrt kom fram á fundinum sú túlkun þeirra að tillaga ráðherra væri í raun stríðsyfirlýsing og setti rammaáætlun í fullkomið uppnám.

Margir stigu fram á fundinum og ítrekuðu hvað það þýddi ef virkjunarkosturinn, eða veitan, sem á að fóstra fjórar virkjanir sem fyrir eru á svæðinu verður að veruleika. Landsvirkjun benti á að um hagfelldasta kost fyrirtækisins væri að ræða og fyrirtækið færi að lögum, en aðrir héldu á lofti því sem myndi tapast – og þá í leiðinni annarri atvinnuuppbyggingu þar sem gróskan er núna mest, eða í ferðaþjónustu.

svavar@frettabladid.is



**UMDEILD ÁKVÖRÐUN** Stjórnarandstaðan og náttúruverndarsamtök gagnrýna Sigurð Inga harðlega en hér ráðfærir hann sig við aðstoðarmann sinn, Ingveldi Sæmundsdóttur. Ákvörðun hans er sögð pöntuð af Landsvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# DEBENHAMS

# ÚTSALA

## ENN MEIRI LÆKKUN

# 50-70%

## AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

**20%**
AFSLÁTTUR AF:

Öllum nýjum dömuvörum frá:

THE COLLECTION DEBENHAMS

MAINE NEW ENGLAND

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**NÝTT KORTATÍMABIL**

Finndu okkur á facebook

**Opið** 11 - 21 í kvöld

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Hlutverk stjúpforeldra oft óskýrt

**Valgerður Halldórsdóttir hefur gert könnun meðal stjúpforeldra og foreldra í stjúpfjölskyldum. Helmingur upplifir stjórnleysi í fjölskyldunni og viðurkenning stjúpbarna skiptir langflesta miklu máli. Valgerður segir samfélagið vera með stjúpblindu sem valdi því að stjúptengsl séu nánast ósýnileg í stefnumótun og umræðu en fagnar áhuga þeirra sem standa að málþingi um margbreytileika fjölskyldugerða.**

Í nýrri könnun um stjúpfjölskyldur kemur meðal annars fram að stjúpforeldrum og foreldrum finnst flóknara að vera í stjúpfjölskyldum en þeir áttu von á og eru óvissir um hlutverk sitt.

Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi og formaður Félags stjúpfjölskyldna, gerði könnunina og mun kynna niðurstöður hennar á málþingi um margbreytileika fjölskyldugerða á morgun.

„Þessi rannsókn hefur sínar takmarkanir en gefur vísbendingar um stöðuna og ástæðu til að kanna málin nánar,“ segir Valgerður. „Það vantar ef til vill samanburð við aðrar fjölskyldugerðir en það er augljóst að margir stjúpforeldrar eru óvissir um stöðu sína í fjölskyldunni, hvar og hvort þeir megi setja mörk og efast jafnvel um hvort tilfinningar þeirra eigi rétt á sér.“

Valgerður bendir á að fyrr á tímum var hlutverk stjúpforeldris mun skýrara. Yfirleitt var það staðgengill foreldris sem var annaðhvort látið eða fjarverandi. Í dag eru aftur á móti yfirleitt fyrrverandi makar á hliðarlínunni og þátttakendur í lífi barna sinna.

„Það kom til dæmis í ljós að um 25 prósent svarenda eru mjög sammála eða sammála því að foreldri eigi ekki að borga meðlag með barni sem býr bæði með foreldri og stjúpforeldri. Umræðuna um fjárhagslegan stuðning í stjúpfjölskyldum þarf að kanna nánar.“

Valgerður segir niðurstöður könnunarinnar staðfesta margt sem hún hefur séð og heyrt í starfi sínu í fjölskylduráðgjöf við stjúpfjölskyldur.

„Það er ánægjuefni að finna áhuga þeirra sem standa að málþinginu. Fram til þessa hefur ákveðin stjúpblinda einkennt samfélagið þar sem stjúptengsl hafa nánast verið ósýnileg í opinberri stefnumótun, gögnum, umræðum, rannsóknum sem og markaðssetningu vöru og þjónustu. Það er kannski ekki skrýtið að stjúpforeldrar séu óöryggir í hlutverki sínu.“

erlabjorg@frettabladid.is


VALGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR

**„Fram til þessa hefur ákveðin stjúpblinda einkennt samfélagið.**

*Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi og formaður Félags stjúpfjölskyldna*

## STJÚPFJÖLSKYLDUR SAMSKIPTI, VIÐHORF OG LÍÐAN FORELDRA OG STJÚPFORELDRA*

**Það er flóknara að vera í stjúpfjölskyldu en ég átti von á**
43% MJÖG SAMMÁLA
33,8% SAMMÁLA

**Viðurkenning barna maka míns skiptir mig máli**
54,1% SAMMÁLA
23% MJÖG SAMMÁLA

**Ég upplifi oft stjórnleysi í fjölskyldunni**
23,3% MJÖG SAMMÁLA
32% SAMMÁLA

**Ég er ekki viss um hvert er hlutverk stjúpforeldris**
17,9% MJÖG SAMMÁLA
27,8% SAMMÁLA

*Dæmi tekin úr niðurstöðum netkönnunar sem 238 manns svöruðu.




Málþing um margbreytileika fjölskyldugerða:

# Fjölskyldustefna þarf að ná yfir öll heimili

Velferðarvaktin stendur fyrir málþingi á morgun um margbreytileika fjölskyldugerða þar sem meðal annars verður rætt hvort opinber fjölskyldustefna taki mið af fjölbreytilegum fjölskylduformum.

Málþingið er haldið í samstarfi við velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Heimili og skóla, Kennarasamband Íslands og Félag stjúpfjölskyldna.

Lára Björnsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar, mun opna málþingið.

„Það hafa orðið gífurlegar breytingar á íslensku samfélagi á undanförnum áratugum. Fjölskyldur eru orðnar mun flóknari og það snertir okkur öll, afa og ömmu og stórfjölskyldu.“

Lára segir mikilvægt að einstaklingar séu ekki skilgreindir út úr fjölskylduforminu.

„Fjölskyldan er gríðarlega mikilvæg fyrir allar manneskjur og margbreytileikinn er góður. Nú eru til dæmis margir einhleypir sem kjósa að búa einir og því er spurning hvort ætti að tala um heimili í stað fjölskyldna.“ - ebg



**„Fjölskyldur eru orðnar mun flóknari og það snertir okkur öll.**

*Lára Björnsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar*





**STYRKTARÞJÁLFUN** Styrktarþjálfun og þolæfingar draga úr hættunni á fullorðinssykursýki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Niðurstöður rannsóknar á hjúkrunarfræðingum:

# Sterkar konur fá síður sykursýki tvö

Konur sem eru eldri en 30 ára og stunda styrktarþjálfun í hverri viku eru í minni hættu á að fá sykursýki 2 en aðrar konur. Geri þær þolæfingar að auki er hættan enn minni. Þetta eru niðurstöður rannsóknar danskra og bandarískra vísindamanna sem greint er frá í ritinu PLOS Medicine.

Vísindamennirnir skoðuðu gögn um 100 þúsund hjúkrunarkonur á aldrinum 31 til 86 ára sem tekið höfðu þátt í tveimur öðrum rannsóknum. Þær sem stunda styrktarþjálfun lengur en í 150 mínútur á viku eru í 30 til 40 prósenta minni hættu á að fá sykursýki 2 en þær sem ekki stunda slíka þjálfun. Jóga eða aðrar teygjuæfingar koma einnig að gagni.

Ofþyngd og lítil hreyfing auka hættuna á krónískum lífsstílssjúkdómum. - ibs



GOTT VERÐ 14.999kr/stk

SAFAPRESSA

# OFURFÆÐA

## Borðum ávexti og grænmeti daglega!

Ávextir eru mjög ríkir af vítamínum, andoxunar- og steinefnum. Í þeim er líka að finna mikið af trefjum og mörgum öðrum hollustuefnum. Rannsóknir benda til þess að neysla á grænmeti og ávöxtum geti dregið úr líkum á ýmsum sjúkdómum.



Þú færð íþróttanammið í Hagkaup!



Robin

APPELSÍNUR

C vítamínríkar og svalandi!

Ný uppskera!



# ANANAS

### Vissir þú?

- Ananas er stútfullur af C-vítamínum.
- Ananas inniheldur bromelain ensím sem er gott fyrir meltingu og hefur verið þekkt fyrir að bæla hósta og vera slímlosandi.
- Ein ananasplanta gefur af sér einn ananas á tveggja ára fresti.
- Ananasplantan getur lifað í u.þ.b. 50 ár.
- Ananas er hitaeiningalítill og trefjaríkur



ávöxtur mánaðarins

# BANANAR

### Vissir þú?

- Að banani gefur samstundis varanlegt og jafnt orkubúst. Rannsóknir sýna að tveir bananar gefa næga orku í 90 mínútna erfiða líkamsrækt. Engin furða að bananinn er sá ávöxtur sem íþróttafólk í fremstu röðum velur sér.
- Banani inniheldur mikið af járni sem örvar framleiðslu af hemóglóbín í blóðinu og hjálpar þar af leiðandi við blóðleysi.
- Kalíum er nauðsynlegt steinefni sem hjálpar hjartanu og sendir súrefni til heilans og passar upp á vatns jafnvægið í líkamanum. Þegar við stressumst minnkar kalíum magnið í líkamanum. Þetta er hægt að laga með því að borða kalíumríkann banana.

Það geta ekki allir bananar orðið Chiquita bananar!

Chiquita



# MANGÓ

## Mangóin okkar eru fullþroskuð þegar þau koma í búðir og því hægt að borða þau strax!

Mangóið er ríkt af C-vítamíni. Einnig inniheldur það talsvert af A- og B-vítamínum, steinefnum og járni. Mangó er tilvalið eitt og sér sem og í salöt og eftirrétti.

### Vissir þú?

- Að til eru mörg hundruð afbrigði af mangó og er það einn mest notaði ávöxturinn í heiminum.



## RADÍSUR

Ríkar af andoxunarefnum og meðal annars glucosinolates. Viðhalda heilsusamlegri lifur og gallblöðru, innihalda mikið af C-vítamíni, fólinsýru, kalíum og selen.



## SHITAKE SVEPPIR

Shitake sveppir innihalda plöntuefni sem er talið styrkja ofnæmiskerfið með því að örva hvítu blóðkornin. Rannsóknir sýna að shitake sveppir geta hjálpað í lækkun á háu kólesteróli. Shitake sveppir innihalda B-vítamín.



Avocado hjá okkur eru fullþroskuð þegar þau koma í búðir og því hægt að borða þau strax!

## AVOCADO

Inniheldur einómettaðar fitusýrur. Þær lækka magn LDL (slæma) kólesteróls í líkamanum og stuðla þannig að heilbrigðu hjarta- og æðakerfi. Einnig er avocado ríkt af E-vítamíni og B6 vítamíni.



## GRÆNKÁL

Grænkál inniheldur mikið af C-vítamíni, beta-carotínl, fólinsýru og trefjum ásamt því að innihalda kalsíum sem er vörn við beinþynningu.



## SÆTAR KARTÖFLUR

Innihalda mikið af E-vítamíni. Einnig er að finna A-vítamín, C-vítamín, B6-vítamín ásamt kopar, járn og kalíum.



## KIWI

Kiwi inniheldur tvisvar sinnum meira C-vítamín en appelsínur og jafn mikið af kalíum og banani. Einnig er að finna andoxunarefnið lútein sem nýlegar rannsóknir benda til þess að geti gegnt mikilvægu hlutverki í verndun augna og sjónar.

Gildir til 19. janúar á meðan birgðir endast.


24 Hagkaup

OPIÐ allan sólarhringinn

Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



RISA ÚT
ELLINGSEN
DIDRIKSONS BARNAÚLPUR
25% AFSLÁTTUR
COLUMBIA COMBIN GÖNGUSKÓR
Stærðir 7,5–12
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.
70% AFSLÁTTUR
SKOGSTAD PIPPA DÚNÚLPA
Stærðir 36–48
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
COLUMBIA BUGABOOT KULDASKÓR
Stærðir 32–39
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 17.990 KR.
ALLT DEVOLD PULSE
40% AFSLÁTTUR
COLUMBIA NEWTON GÖNGUSKÓR
Stærðir 32–39
11.990
VERÐ ÁÐUR 16.990 KR.
AÐRAR DEVOLD VÖRUR
20% AFSLÁTTUR
ZAMBERLAN PARROT GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–48
16.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.990 KR.
COLUMBIA MERCURY DÚNÚLPA
Stærðir XS–XL
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.
COLUMBIA MINX KULDASKÓR
Stærðir 36–43
22.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
VERDUN JAKKI
Stærðir S–XL
12.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.
COLUMBIA CHAMPEX GÖNGUSKÓR
Stærðir 8,5–15
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 38.990 KR.
FERÐAVÖRUR
30% AFSLÁTTUR
SKOT- OG STANGVEIÐI-VÖRUR
20% AFSLÁTTUR
LOOP FLUGUVEIÐISETT 9 NO 6
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.
CHAR-BROIL 2 BRENNARA GASGRILL
55.993
VERÐ ÁÐUR 79.990 KR.
ÖLL GRILL Á
30% AFSLÆTTI
TATONKA HITABRÚSI 750 ML
3.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.
COLUMBIA GRUBEN GÖNGUSKÓR
Stærðir 8,5–15
26.243 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.
COLUMBIA BUGABOOT KULDASKÓR
Stærðir 41–50
22.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
PIPAR\TBWA • SÍA • 140022


SALA
20-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
JACKET SCOTT
FREERIDE TP
Stærðir M–XXL
14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.900 KR.
MOUNTAIN HARDWEAR
KELVINATOR
Stærðir S–XL
54.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 79.990 KR.
COLUMBIA
POWDERBUG
KULDASKÓR
Stærðir 25–31
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.
BAKPOKAR
30%
AFSLÁTTUR
COLUMBIA REACTOR
35 SVEFNPOKI
Hitastig -6°
24.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.
COLUMBIA BUGABOOT
KULDASKÓR
Stærðir 36–43
22.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
DEERHUNTER
ALASKA HÚFA
3.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.
SKOGSTAD
BARNAÚLPUR
30%
AFSLÁTTUR
MERIDA FINSE
HYBRID REIÐHJÓL
59.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.
40%
AFSLÁTTUR
MENSA OMNIS HITARI
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.900 KR.
DEERHUNTER
ALASKA VEIÐIÚLPA
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.
ORTLIEB CITY
REIÐHJÓLATASKA 20L
14.392 KR.
VERÐ ÁÐUR 17.990 KR.
MANNBRODDAR
Stærðir S–XL
1.521 KR.
VERÐ ÁÐUR 1.890 KR.
COLEMAN TAURI
CONNECT X2 TJALD
24.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 35.900 KR.
50%
AFSLÁTTUR
DEERHUNTER BIB
ALASKA VEIÐIBUXUR
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.
COLUMBIA
TASKA LODE 100 L
Einnig til 30 l, 50 l og 75 l
17.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## Hengingarhætta af snúru á vakttækinu Angelcare

Neytendastofa vekur athygli á tilkynningu á heimasíðu VL heildverslunar ehf. vegna hengingarhættu sem skapast getur af snúru á tækinu Angelcare sem nemur hljóð og hreyfingar í rúmi hjá ungbörnum.

Skynjaraplata sem sett er undir dýnu í barnarúm er tengd við Angelcare-móðurstöð með snúru. Ef ekki er gengið frá snúru líkt og leiðbeiningar segja til um er hætta á að börn geti náð til hennar og snúran vafist um háls þeirra. Í Bandaríkjunum hafa tvö börn látist vegna þessa og tvö önnur verið hætt komin.

Til að draga úr þessari hættu lét framleiðandi Angelcare-tækjanna útbúa öryggishlíf sem sett er yfir snúruna milli skynjaraplötu og móðurstöðvar. Einnig er mikilvægt að gæta að því að að minnsta kosti 1 metri sé á milli barnarúms og vakttækis.

**NEYTANDINN** Teitur Örlygsson

## Hvít Lada Sport bestu kaupin



Bestu kaup Teits Örlygssonar, þjálfara karlaliðs Stjörnunnar í körfubolta, eru hvítur jeppi af gerðinni Lada Sport. „Ég var einu sinni að selja bíl og var plataður til þess að taka Lödu Sport upp í. Ég trúði félaga mínum að þetta væru alveg þvílíkt góð kaup og að ég myndi losna við bílinn um leið. Hann sagði mér að auglýsa bílinn í Bændablaðinu og síminn hjá mér gjörsamlega stoppaði ekki. Ég átti Löduna í einhverja tvo sólarhringa og græddi um hundrað þúsund kall á henni,“ segir Teitur.

Hann segir verstu kaupin tengjast skemmtilegri ferð til New York á níunda áratugnum þegar hann var átján ára. „Þá var ég plataður til að kaupa forláta myndbandsupptökuvél á svarta markaðinum, einhverja sem hafði „fallið af vörubíl“. Þegar ég opnaði síðan kassann þá var auðvitað engin upptökuvél í honum. Þetta er alveg ógleymanlegt og aðallega stoltið sem særðist. En seinna meir er þetta partur af New York sem er mín uppáhaldsborg í dag.“

- hg



**STEIK** Samkvæmt nýjum reglum ESB á ekki aðeins að merkja nautakjöt með upprunalandi, heldur einnig alifugla-, kinda-, geita- og svínakjöt.

NORDICPHOTOS/GETTY

Krafa Neytendasamtakanna:

## Allt kjöt verði strax merkt með uppruna

„Íslensk stjórnvöld eiga tafarlaust að setja reglur um að allt kjöt skuli merkt með upprunalandi. Engin ástæða er til að bíða eftir tilskipun ESB sem gengur í gildi 1. nóvember næstkomandi.“ Þetta segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

Á síðasta þingi samtakanna, sem haldið var fyrir rúmu ári, var samþykkt krafa um að setja þyrfti reglur um að upprunaland matvæla komi alltaf fram á umbúðum. „Þetta er hluti af því að tryggja að neytendur geti valið á upplýstan hátt. En að okkar mati ætti í rauninni ekki að þurfa að setja þetta í lög. Auðvitað ættu innflytjendur, framleiðendur og seljendur að sjá sóma sinn í því að merkja matvælin á þennan hátt,“ segir Jóhannes.

Nú er aðeins skylt að merkja grænmeti og nautakjöt með upprunalandi. Með nýju Evrópureglunum verður einnig skylt að merkja alifugla-, kinda-, geita- og svínakjöt. Þessar reglur verður Ísland að taka upp vegna aðildar að EES-samningnum.

Neytendasamtökin vilja að í framhaldinu verði settar reglur um að upprunaland komi fram á öllum matvörum.

- ibs

# Lækka leigu á skíðum rétt fyrir lokun svæðisins

Ekki þarf lengur að greiða heilsdagsleigu fyrir skíða- og brettabúnað ætli menn aðeins að renna sér í stutta stund. Dagskostnaður getur verið um 10.000 krónur. Boðið er upp á fría kennslu í grunntækni um helgar.

Þeir sem þurfa að leigja sér skíðaeða brettabúnað í Bláfjöllum þurfa ekki lengur að greiða heilsdagsleigu ef þeir ætla aðeins að renna sér síðustu stundir dagsins. Hægt er að kaupa allt niður í einnar stundar aðgangskort í brekkurnar.

„Það var tekin ákvörðun um það í síðustu viku að lækka verðið á leigupakkanum um nær helming, eða 2.000 krónur, þegar tvær klukkustundir eru í lokun. Það er alltaf eitthvað um að fólk komi á þessum tíma dagsins,“ segir Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Hann segir ekki hægt að bjóða upp á hálfsdagsleigu á búnaðinum. „Aðstæður eru þannig að við getum engan veginn fylgst með því að menn skili á tilsettum tíma. Það er stundum öngþveiti í skíðaleigunni. Fólk skilur skíðin eftir og fer og maður þyrfti mögulega að fara í innheimtu eftir á ef búnaðinum er skilað of seint. Það væri of mikið vesen. En þegar keypt eru aðgangskort í ákveðinn fjölda klukkustunda lokast hliðin fyrir viðkomandi þegar tíminn er útrunninn.“

Allir skíðaiðkendur í Bláfjöllum þurfa að kaupa svokallað „hart“ kort sem hægt er að fylla á aftur og aftur. Kortið kostar 1.000 krónur en vilji menn skila því fá þeir 500 krónur til baka ef kortið er í lagi.



> Það er alltaf eitthvað um það að fólk komi á þessum tíma dagsins.
>
> *Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins*

Að sögn Magnúsar er mjög þægilegt að nota harða kortið. Það er haft í vasa vinstra megin og ekki þarf að taka það upp þegar farið er í gegnum hliðin.

Börn á leikskólaaldri, eldri borgarar sem fæddir eru 1947 og fyrr og öryrkjar fá frítt á skíðasvæðið en þurfa þó að kaupa „hart“ kort eins og aðrir.

Fullorðinn einstaklingur, sem tekur skíðabúnað á leigu í heilan dag, kaupir heilsdagskort, hart kort og fer með rútu fram og til baka, þarf að greiða 10.100 krónur samtals. Rútan fer frá Mjódd og Olís í Norðlingaholti en þó ekki fyrr en um hádegi um helgar.

Dags- og klukkustundakort eru seld hjá N1 í Ártúnsbrekku og N1 við Lækjargötu í Hafnarfirði.

ibs@frettabladid.is

## Hvað kostar að fara á skíði í Bláfjöllum?

| | Fullorðnir | Unglingar (f. 1998-2002) | Börn (f. 2003-2007) |
|---|---|---|---|
| Heilsdagsleiga á skíðapakka | 4.500 kr. | 4.000 kr. | 4.000 kr. |
| Dagskort | 3.100 kr. | 1.200 kr. | 800 kr. |
| 2 klst. | 2.000 kr. | 750 kr. | 450 kr. |
| Hart kort | 1.000 kr. | 1.000 kr. | 1.000 kr. |
| Rúta báðar leiðir | 1.500 kr. | 1.500 kr. | 1.500 kr. |

*Verð fyrir aðra leiðina með rútu, aðeins úr fjöllunum, er 1.300 kr.*



**Á TÖFRATEPPINU** Það er þægilegt að geta „hvílt“ sig þegar leiðin liggur upp á við.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## FRÍ KENNSLA, SKÍÐASKÓLI OG EINKAKENNSLA

- Boðið er upp á fría skíðakennslu fyrir alla í vetur. Skíðakennari er við kaðallyftuna við Bláfjallaskála kl. 11-15 um helgar og veitir kennslu í grunntækninni. Ekki er þörf á skráningu heldur bara að mæta og fá leiðsögn hjá honum. Ekki er um einkakennslu að ræða né mjög djúpt farið í hlutina.
- Skíða- og brettaskóli er í Bláfjöllum allar helgar fram yfir páska. Verð í skólann er 6.000 kr. og er matur innifalinn í hádeginu. Skíðaskólinn er opinn kl. 11-15 en brettaskólinn 10.30-14.30. Ekki er tekið við skráningum eftir kl. 21.00 daginn fyrir áætlað námskeið.
- Byrjendakennsla á skíði fyrir fullorðna er mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 19-21. Mæting 30 mín. fyrr. Þeir sem þurfa skíðapakka úr leigunni fá hann á 2.000 kr. Ekki er tekið við skráningum eftir kl. 21 daginn fyrir áætlað námskeið. Verð í skólann er 6.000 kr.
- Einnig er hægt að panta einkatíma hjá skíða/brettakennurum á skrá. Þeir vinna þó sjálfstætt og eru ekki á launaskrá skíðasvæðanna. Þeir kenna byrjendum sem og lengra komnum ásamt því að kenna carving-tækni.

*Heimild: skidasvaedi.is*



# Jeppadagar



## RAV4 og Land Cruiser á sérstökum nýárskjörum

Á jeppadögum eru söluráðgjafar okkar í samningsgírnum og við bjóðum glæsilega jeppa á sérstökum nýárskjörum. Betra verð og hagstæð fjármögnun hjá Ergo: 20% útborgun, fjármögnun í allt að 7 ár, lægri greiðslubyrði og platinumkjör. Nú er tími til að fá sér flottan Toyota jeppa. Komdu í Kauptún og við tökum vel á móti þér.




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk, aukasæti
Á götuna 02.12 Ekinn 26.500 km
**Betra verð:** 8.590.000.- Raðnr: 999152




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk,
Á götuna 10.12 Ekinn 16.400 km
**Betra verð:** 9.390.000.- Raðnr: 999407




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk,
Á götuna 05.13 Ekinn 22.000 km
**Betra verð:** 9.350.000.- Raðnr: 999418




**Toyota Land Cruiser 150 VX**
3000 Dísel, sjálfsk,
Á götuna 10.11 Ekinn 57.000 km
**Betra verð:** 9.580.000.- Raðnr: 999351




**Toyota Rav4 GX Plus**
2000 Bensín, sjálfsk,
Á götuna 04.13 Ekinn 23.800 km
**Betra verð:** 5.650.000.- Raðnr: 999428




**Toyota Rav4 GX Plus**
2000 Bensín, sjálfsk,
Á götuna 04.13 Ekinn 28.000 km
**Betra verð:** 5.620.000.- Raðnr: 999406




**Toyota Rav4 GX**
2200 Dísil, sjálfsk,
Á götuna 05.13 Ekinn 28.700 km
**Betra verð:** 5.990.000.- Raðnr: 999417




**Toyota Rav4 GX Plus**
2000 Bensín, sjálfsk,
Á götuna 04.13 Ekinn 25.000 km
**Betra verð:** 5.690.000.- Raðnr: 999416

1 ár – Lágmarks-ábyrgðartími
% – Lánshlutfall
5,2 lítrar – Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri
$CO_2$ 120g – Útblástur $CO_2$ gr.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Sími: 570-5070
Opið mán-fös kl. 07.45-18.00 - lau kl. 12.00 - 16.00
info@toyota.is

*Farðu á **www.toyotakauptuni.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

ergo

**Betri** notaðir bílar

TOYOTA

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðan akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

Nýsköpun í stjórnsýslunni:

## Yfir 40 verkefni tilnefnd í ár

Fleiri en fjörutíu verkefni eru tilnefnd til Nýsköpunarverðlaunanna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Verðlaunin verða afhent í þriðja sinn 24. janúar næstkomandi á Grand Hótel Reykjavík.

Afhending verðlaunanna fer fram á ráðstefnu um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, mun setja ráðstefnuna.

Aðalfyrirlesari er Marga Pröhl, framkvæmdastjóri European Institute of Public Administration (EIPA). Hún mun ræða aðferðir til að styðja við og styrkja nýsköpun í opinbera geiranum. - hg

Ölgerðin semur við Nýherja:

## Umhverfisvæn prentþjónusta

Ölgerðin hefur tekið í notkun Rent A Prent, umhverfisvæna prentþjónustu Nýherja. Innleiðing þjónustunnar mun vera í takt við umhverfisstefnu Ölgerðarinnar en í fréttatilkynningu segir að Ölgerðin hafi á liðnum árum unnið markvisst eftir skýrri stefnu um samfélagslega ábyrgð. Mörg verkefni því tengd hafa verið skilgreind hjá fyrirtækinu, svo sem orkunotkun, vatnsnotkun í framleiðslu, endurvinnanlegar umbúðir og nýting kolsýru. - fbj

# Þarf bara að hafa hugmynd

**Frumkvöðlar keppa um Gulleggið árlega en keppnin er orðin gæðastimpill á viðskiptahugmyndir, þar sem skapast vettvangur fyrir ungt athafnafólk til að öðlast þjálfun og reynslu í mótun þeirra og rekstri fyrirtækja.**

Frumkvöðlakeppnin Gulleggið er í fullum gangi en frestur til að skila inn hugmyndum í keppnina er til og með mánudeginum 20. janúar næstkomandi.

Klak Innovit stendur árlega fyrir keppninni sem hófst árið 2008 og er meginmarkmið hennar að skapa vettvang fyrir ungt athafnafólk til að öðlast þjálfun og reynslu í mótun nýrra viðskiptahugmynda og rekstri fyrirtækja.

Síðan keppnin var fyrst haldin hafa borist 1.326 hugmyndir og hafa mörg þekkt sprotafyrirtæki tekið sín fyrstu skref í Gullegginu, meðal annars Meniga, Clara, Karolina Fund, Nude Magazine og fleiri.

„Keppnin er öllum opin, í rauninni þarf fólk bara rétt að hafa hugmynd og senda inn stutta lýsingu á henni og fær þá þátttökurétt í keppninni. Fólk þarf ekki að kunna neitt, það þarf bara að hafa áhuga og vera tilbúið til að takast á við þessa áskorun að vera með í keppninni,“ segir Stefán Þór Helgason, verkefnastjóri Gulleggsins.

Hann segir öllum þátttakendum bjóðast að sitja námskeið þar sem þeir fái aðstoð frá sérfræðingum, reyndum frumkvöðlum, með að koma hugmynd sinni á koppinn. „Allir sem lesa yfir hugmyndirnar eru bundnir trúnaði þannig að það þarf enginn að vera hræddur um að hugmyndum verði stolið taki þeir þátt,“ segir Stefán.



**VIGGÓ ÁSGEIRSSON**



**STEFÁN ÞÓR HELGASON**

Í ár verður bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða fólki að skrá sig án hugmyndar.

„Fólk getur skráð sig af einskærum áhuga, hafi það einhverja sérstaka hæfileika eða hæfni, til dæmis viðskiptafræðingar, lögfræðingar, grafískir hönnuðir eða hvaðeina. Það þarf bara að vera tilbúið að taka þátt í þessu ferli og hjálpa þá þeim sem hafa hugmyndir og koma inn í slík teymi,“ segir Stefán.

Viggó Ásgeirsson er einn stofnenda Meniga, sem tók þátt í keppninni árið 2009. Hugmynd þeirra hlaut ekki verðlaunasæti en Viggó segir það ekki endilega segja til um árangur hvar menn lenda í keppninni heldur lærdómurinn sem situr eftir.

„Það er mjög góð og lærdómsrík reynsla fyrir fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref á sviði nýsköpunar að fara í gegnum þetta ferli. Aðallega er það lærdómsríkt þegar maður fer í svona keppni að þurfa að móta hugmyndina sína, búa til viðskiptaáætlun og ekki síst mikilvægt að þurfa síðan að kynna áætlunina fyrir væntanlegum fjárfestum,“ segir Viggó.




**STÓR HÓPUR** Starfsmönnum Meniga hefur fjölgað úr fjórum upp í tæplega 70 frá því á árinu 2009 þegar þeir tóku þátt í Gullegginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ GUNNAR FREYR STEINSSON

„Við höfum alla tíð síðan litið á Klak Innovit sem nokkurs konar guðforeldri okkar af því Innovit hýsti okkur í Tæknigarði fyrsta árið okkar, við vorum þar í pínulítilli skrifstofu, um 20 fermetrum, en höfum síðan flutt okkur í 600 fermetra. Við nutum verulega góðs af þessu framtaki frumkvöðlasetranna og höfum því aldeilis vaxið síðan,“ segir Viggó.

Keppnin orðin gæðastimpill á viðskiptahugmyndir og fyrir frumkvöðla sem munu á næstu árum laða að enn fleiri styrki, fjárfesta, skapa ný störf og verðmæti fyrir íslenskt þjóðfélag.

fanney@frettabladid.is

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

## Hluthafafundur í Regin hf.
### verður haldinn 11. febrúar 2014

Stjórn Regins hf. boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn í **Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í fundasalnum Rímu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, þriðjudaginn 11. febrúar 2014** og hefst stundvíslega kl. **16:00**.

**Dagskrá fundarins er svohljóðandi:**

1. Tillaga um heimild til stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um 128.700.000 kr. að nafnvirði með breytingu á samþykktum félagsins sem felst í eftirfarandi viðbót við 4. gr. samþykkta félagsins:

   *„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um 128.700.000 kr. að nafnvirði. Lögbundinn forgangsréttur hluthafa gildir ekki um hið nýja hlutafé. Stjórninni skal heimilt að ráðstafa hlutafjárhækkuninni sem greiðslu fyrir hlutafé í Klasa fasteignum ehf. á genginu 13,63 krónur á hlut, í samræmi við kaupsamning þar að lútandi dags. 21. desember 2013. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Framangreind heimild stjórnar Regins hf. rennur út þann 31. desember 2014.“*

2. Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar með það löngum fyrirvara, að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið fyrir á dagskrá fundarins. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til samþykkta félagsins sem finna má á heimasíðu þess.

Hluthafafundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann skv. 2. mgr. 16. gr. sbr. 14. gr. samþykkta félagsins.

Dagskrá og endanlegar tillögur með greinargerð ásamt öðrum gögnum sem tillögunni kunna að fylgja munu vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins í Smáralind, 3. hæð, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, einni viku fyrir hluthafafundinn. Dagskrá og endanlegar tillögur verða auk þess aðgengilegar á heimasíðu félagsins, www.reginn.is.

Kópavogur, 16. janúar 2014
**Stjórn Regins hf.**

REGINN HF. HAGASMÁRA 1 201 KÓPAVOGUR SÍMI 512 8900 REGINN.IS



**FULL ENDURGREIÐSLA** Edith Ramirez, yfirmaður hjá Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna, tilkynnti um niðurstöðuna á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Semja til að sleppa við málsókn vegna appkaupa:

## Apple endurgreiðir kaup ólögráða barna

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska tæknifyrirtækið Apple mun endurgreiða jafnvirði 3,8 milljarða króna til viðskiptavina sinna til að ná sátt vegna opinberra málaferla gegn fyrirtækinu. Málið snýst um kaup ólögráða barna á leikjum í forritum eða öppum í snjalltækjum, án vitundar foreldra þeirra. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna tilkynnti í gær að Apple myndi endurgreiða foreldrunum að fullu og mun þurfa að breyta framkvæmd gjaldtöku sinnar til að augljósara að verið sé að kaupa leik eða forrit. Stofnunin sagðist hafa fengið tugi þúsunda kvartana yfir óheimilum gjaldfærslum. - fbj

Löngu söluferli á vegum Íslandsbanka loks lokið:

## Haru Holding kaupir flugfélagið Bláfugl

Haru Holding ehf., móðurfélag Air Atlanta, hefur keypt allt hlutafé í Bláfugli ehf. af SPW ehf., dótturfélagi eignarhaldsfélagsins Miðengis sem er í eigu Íslandsbanka. Haru Holding hefur síðan áframselt allt hlutafé í Bláfugli ehf. til nýstofnaðs félags, BB holding ehf., sem er í eigu Haru Holding og Stefáns Loga Björnssonar, fyrrverandi forstjóra Skipta. Stefán Logi mun gegna hlutverki stjórnarformanns í bæði BB Holding og Bláfugli.

Salan átti sér langan aðdraganda því opið söluferli á Bláfugli hófst í lok febrúar árið 2012.

Framan af gekk erfiðlega að selja félagið þar sem rekstur þess var erfiður og sögðu fulltrúar Íslandsbanka að þar væri um að kenna erfiðu starfsumhverfi þar sem fraktflug gengi almennt brösulega í heiminum öllum. Einhverjum kauptilboðum var hafnað í söluferlinu þar sem menn náðu ekki saman um verð. Bláfugl verður áfram rekið sem sjálfstætt íslenskt flugfélag á sama grunni og verið hefur samkvæmt tilkynningu frá Air Atlanta.

Flugvélafloti félagsins samanstendur af fimm Boeing 737-fraktvélum. - fbj



HIRO SPOT
Verð áður kr. 19.900
Verð nú kr. 14.900
LED VEGGLAMPI
Verð áður kr. 17.900
Verð nú kr. 12.900
FOCA GÓLFLAMPI
Verð áður kr. 16.900
Verð nú kr. 7.900
FREYA
Verð áður kr. 68.900
Verð nú kr. 34.500
Útsala
Mikil verðlækkun á sýnishornum í verslun
HALLEY LOFTLJÓS
Verð áður kr. 24.900
Verð nú kr. 12.900
TAK LOFTLJÓS
Verð áður kr. 55.900
Verð nú kr. 39.500
PROMO
Verð áður kr. 28.900
Verð nú kr. 19.000
DAGSBIRTULAMPI
Verð áður kr. 17.900
Verð nú kr. 13.900
OVERLOCKVÉL
Verð áður kr. 69.900
Verð nú kr. 54.900
Pfaff Grensásvegi 13 Sími 414 0400 www.pfaff.is
PFAFF

Pikkföst í fjandsamlegu kerfi:

# Stóra rjómamálið vindur upp á sig

Vitleysan ríður ekki við einteyming þegar íslenskur landbúnaður er annars vegar. Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor skrifaði áhugaverða grein um rjóma í Fréttablaðið í gær. Þar kom fram að samkvæmt öllu ætti heildsöluverð rjóma að vera undir 300 krónum en er vel yfir 600 krónum.



**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is

Af hverju? Jú, verðinu á rjóma er haldið uppi til að halda niðri verði á öðrum mjólkurvörum, að sögn Einars Sigurðssonar, forstjóra Mjólkursamsölunnar. Ólafur Friðriksson, formaður Verðlagsnefndar búvöru, staðfestir þetta og vísar í lagaheimildir í blaðinu í dag.

Svona æfingar með verðlag minna helst á það sem við þekkjum úr sögubókum um ráðstjórnarríkin. Enda er það svo að á þessu ári munu íslenskir skattgreiðendur greiða yfir 12 milljarða með íslenskum landbúnaði sem er næstum helmingur af tekjum greinarinnar. Eins og það sé ekki nóg, þá verndum við þennan sama landbúnað með tollum þannig að samkeppni í greininni er nær engin.

Mjólkursamsalan er undanþegin samkeppnislögum og hefur lengi varið stöðu sína á markaði af mikilli hörku. Lítil fyrirtæki mega sín lítils í samkeppni við risann. Þeim er gert nær ókleift að koma vörum á markað og þurfa fyrirtækin að kaupa afurðir Mjólkursamsölunnar á háu verði. Einar Sigurðsson forstjóri vísar því hins vegar á bug að fyrirtækið sjálft hafi eitthvað með verðlagningu mjólkurafurða eins og rjóma að gera og vísar hann á Verðlagsnefnd búvara.

Ólafur Friðriksson, formaður Verðlagsnefndar, vildi ekki tjá sig um útreikninga Þórólfs hagfræðiprófessors en segir: „Undanfarin sex eða sjö ár hefur verið unnið markvisst að því að draga úr þessum verðmismun og láta hverja og eina vörutegund endurspegla sem mest framleiðsluverð.“

Um þetta mál hefur verið þrefað svo árum og áratugum skiptir en fátt ef nokkuð breytist. Virðist þar engu máli skipta þó svo að lögð séu fram gild rök þess efnis að kerfið sé neytendum fjandsamlegt. Þetta virðist snúast um eitthvað allt annað en heilbrigða skynsemi.

Eftir sem áður sitjum við hér uppi með vonlaust kerfi sem virðist ekki gagnast neinum nema þeim sem hafa beina hagsmuni af því að viðhalda því.

Neytendur borga vel fyrir úrelt landbúnaðarkerfi, bæði við innkaupin sjálf sem og í formi óbeinna skatta. Afstaða bænda sjálfra er svo ráðgáta, þeir virðast ekki vilja hrófla við þessu fyrirkomulagi en bera sjálfir lítið úr býtum; flestir fastir í fátæktargildru.

Við sitjum uppi með vonlaus búvörulög og kerfi sem er eitt hið dýrasta og óskilvirkasta í heimi. Hvenær rennur upp sá tími þetta kerfi verði endurskoðað án þess að annarlegir hagsmunir ráði för?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Löður

Löður er með Rain-X á allan bílinn

rain-x

- Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn
- Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi
- Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu

www.lodur.is - Sími 544 4540

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ófremdarástand

Það er ófremdarástand hjá meirihlutanum í Kópavogi eftir tilburði fyrrverandi bæjarstjóra, Gunnars I. Birgissonar. Gunnar samþykkti tillögu minnihlutans, þrátt fyrir að sitja í meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, þess efnis að kaupa og byggja skuli félagslegar íbúðir. Núverandi bæjarstjóri, Ármann Kr. Ólafsson, hefur sagt þetta brjálæði. Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að ljóst sé að ekkert sé á Gunnar treystandi í meirihlutasamstarfinu og að flokkurinn skoði þann möguleika að ræða við Samfylkinguna, Vinstri græna og Y-listann um hvort ekki þurfi að mynda starfhæfa stjórn. Þannig er ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn í Kópavogi mun að minnsta kosti fara laskaður inn í prófkjör sem haldið verður 8. febrúar næstkomandi.



### Hefndin er sæt

Gunnar gerði félögum sínum í Sjálfstæðisflokknum í Kópavogi vægast sagt óleik með uppátæki sínu í fyrradag. Gunnar tapaði sem kunnugt er fyrir Ármanni í baráttu um oddvitasætið í sveitarfélaginu fyrir fjórum árum. Þá hefur hann tilkynnt að hann muni hætta afskiptum af stjórnmálum þegar þessu kjörtímabili lýkur. Hægt er að fullyrða að með gjörðum sínum hafi hann sett flokksbróður sinn Ármann í erfiða stöðu, ef meirihlutinn springur á lokametrum kjörtímabilsins, en Ármann hefur fengið mótframboð í oddvitabaráttunni í komandi prófkjöri, þar sem Margrét Friðriksdóttir, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi, hefur einnig gefið kost á sér í 1. sæti listans. Ólíklegt verður að teljast að Gunnar gráti þá stöðu sem núverandi oddviti er settur í ef meirihlutinn springur.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Stóra verkefnið

**SKIPULAG**



**Hjálmar Sveinsson**
varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Þrátt fyrir mikil umsvif á byggingarmarkaði á höfuðborgarsvæðinu árin fyrir hrun blasir við skortur á litlum íbúðum á viðráðanlegu verði í Reykjavík. Á leigumarkaði ríkir neyðarástand. Margar skýrslur hafa verið skrifaðar um mögulegar úrbætur. Nýja ríkisstjórnin er búin að skipa enn eina nefndina.

Ein ástæðan fyrir ástandinu er sú að hér var byggt upp kerfi sem umbunaði fjármálaöflum og verktökum sem byggðu stórar og dýrar íbúðir. Afraksturinn blasir við í lúxusíbúðaturnunum við Skúlagötu.

Kannski er það skýringin á því að margir borgarbúar hafa illan bifur á „þéttingu“ byggðarinnar. Þeir sjá fyrir sér uppbyggingu rándýrra íbúða á miðborgarsvæðinu þar sem almenningur á enga möguleika á að búa. Reynslan sýnir að einmitt það mun gerast verði ekkert að gert. Það er meðal annars þess vegna að nú er verið að vinna að róttækri stefnubreytingu í Reykjavík.

Ný húsnæðisstefna kveður á um að byggðar verði 2.500 til 3.000 nýjar leigu- og búseturéttaríbúðir í Reykjavík næstu 3–5 árin. Gert er ráð fyrir samvinnu við traust húsnæðis- og byggingarsamvinnufélög og verkalýðshreyfinguna. Einnig hefur verið sett af stað hönnun svokallaðra Reykjavíkurhúsa, hagkvæmra fjölbýlishúsa þar sem félagsleg blöndun er tryggð. Stefnt er að byggingu 400 til 800 íbúða í 15–30 húsum á næstu 3 til 5 árum.

**➜ Ný húsnæðisstefna kveður á um að byggðar verði 2.500 til 3.000 nýjar leigu- og búseturéttaríbúðir í Reykjavík næstu 3-5 árin. Gert er ráð fyrir samvinnu við traust húsnæðis- og byggingarsamvinnufélög og verkalýðshreyfinguna.**

Húsnæðisstefnan er byggð á nýju aðalskipulagi fyrir Reykjavík. Þar er lögð áhersla á að húsagerðir og búsetukostir henti öllum félagshópum og allt að fjórðungur nýrra íbúða í borginni verði leiguíbúðir. Slíkar íbúðir eiga einkum að byggjast á miðlægum svæðum þar sem almenningssamgöngur eru góðar. Reykjavíkurborg mun leggja fram lóðir og lönd og annað sem til þarf til að þessi stefna verði að veruleika.

Samfylkingin hefur leitt þessa vinnu í borginni í góðri samvinnu við Besta flokkinn. Samfylkingin hefur líka verið leiðandi á Alþingi í húsnæðisumræðunni. Undirbúningsvinnan hefur verið vönduð og mikil. Nú er kominn tími til að láta verkin tala. Það er stóra verkefni Samfylkingarinnar Jafnaðarmannaflokks Íslands næstu árin.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ég bið þig Ísland, að ganga í ESB

EVRÓPUMÁL



**Erik Scheller**
tilnefndur til Evrópuþingsins, f.h. Folkpartiet liberalerna í Svíþjóð

Fyrir stuttu lauk árlegum fundi Norðurlandaráðs í Ósló. Svíþjóð, Noregur, Finnland, Ísland og Danmörk og sjálfsstjórnarsvæðin hittust, eins og vant er, til að vinna að áframhaldandi norrænu samstarfi. Út frá sameiginlegri sögu/fortíð leggjum við grunninn að sameiginlegri framtíð.

Lönd okkar hafa sameinaða rödd á alþjóðlegum vettvangi. Við mætumst með það að markmiði að viðhalda sterkum velferðarríkjum með opnum útflutningsmiðuðum hagkerfum. Við erum talsmenn jafnréttis, hreinskilni og umburðarlyndis. Þegar Svíþjóð nýlega tók á móti Obama forseta í hans opinberu heimsókn þótti okkur ekkert annað en sjálfsagt að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra myndi einnig vera viðstaddur og fá tækifæri til að tala fyrir hönd Íslands.

Okkar norræna rödd getur orðið sterkari því fleiri sem sameiginlegir snertifletir okkar verða. Metnaður minn og margra annarra Svía er að Svíþjóð muni eins fljótt og auðið er ganga í NATO og ósk mín, sem og margra annarra Svía, er að eins fljótt og auðið er muni Ísland og einnig Noregur, verða aðilar að Evrópusambandinu. Þó er það svo að aðeins Íslendingar sjálfir geta ákveðið hvort aðildarviðræðum verði haldið áfram. Svíþjóð og sænskir stjórnmálamenn geta ekki gert annað en að standa hjá og vonast til að geta greitt Íslendingum leiðina til Brussel. Og Svíar hafa góða ástæðu til að vona:

- Aðild Íslands að ESB myndi styrkja hina norrænu rödd í Evrópu. Til að mynda með eigin framkvæmdastjóra, atkvæði í ráðherraráðinu og fleiri norrænum sætum á Evrópuþinginu.
- Aðild Íslands að ESB myndi styrkja Atlantshafstengslin enn frekar. Ykkar framúrskarandi samband við Kanada myndi bæta enn frekar hið verðandi samstarf milli ESB og Kanada sem nú myndast með fríverslunarsamningnum milli þessara tveggja aðila.
- Aðild Íslands að ESB myndi ljúka stækkun ESB í norðvesturátt. Nú þegar evrópskt samstarf vex í austur, sem er sannarlega jákvæð þróun, er það jafnframt mikilvægt að norðvesturhluti sambandsins haldi áfram að gegna stóru hlutverki.

Ég hef mikinn skilning á að sigrast þurfi á mörgum áskorunum ætli Ísland að gerast meðlimur í Evrópusambandinu. Þó er ég viss um að þetta séu áskoranir sem hægt er að sigrast á í sameiningu. Með EES-samningnum ættu nýjar samningaviðræður

**➜ Þegar sá dagur kemur að Ísland ákveður að taka fullan þátt í hinu evrópska samstarfi þá mun ég standa með hagsmunum ykkar í Brussel. Sem Norðurlandabúar eigum við að hjálpast að og styðja hverjir aðra. Þau skilaboð sem ég er að reyna að koma á framfæri eru að ávinningurinn fyrir okkur öll er of stór til þess að láta kyrrt liggja: Ég bið þig Ísland, að ganga í ESB.**

að geta hafist tafarlaust á ný og á áhrifaríkan hátt. Svíþjóð mun standa með ykkur. Þannig birtast tengsl bræðraþjóða.

Í maí á næsta ári eru kosningar til Evrópuþingsins. Þar kem ég til með að vera fulltrúi frjálslyndra gilda og hins norræna samfélagslíkans. Þegar sá dagur kemur að Ísland ákveður að taka fullan þátt í hinu evrópska samstarfi þá mun ég standa með hagsmunum ykkar í Brussel. Sem Norðurlandabúar eigum við að hjálpast að og styðja hverjir aðra. Þau skilaboð sem ég er að reyna að koma á framfæri eru að ávinningurinn fyrir okkur öll er of stór til þess að láta kyrrt liggja: Ég bið þig Ísland, að ganga í ESB.

# Kryddað samtal um Hörpu

MENNING



**Ástríður Magnúsdóttir**
verkefnastjóri hjá Hönnunarmiðstöð Íslands

Svar við innsendu bréfi Örnólfs Hall sem birtist í Fréttablaðinu 15. janúar 2014 „„Málheft“ málþing í og um tónlistarhúsið Hörpu“.

Í dag, fimmtudag, verður málþingið Skóflustunga haldið í Hörpu kl. 15-17 í Norðurljósum. Ákveðið var að fara nýjar leiðir í fyrirkomulagi málþingsins en uppstillingin verður eins og sjónvarpsþáttur í beinni, eins konar „Kryddsíld“ sem verður stjórnað af þáttarstjórnanda, sem spyr spurninganna og áhorfendur fylgjast með úr sal. Þetta er alþjóðlega þekkt og viðurkennt fyrirkomulag en telst heldur til nýbreytni hér á landi.

Þar verður rætt um Hörpu út frá arkitektúrnum, nýtingu hússins, hvernig hún er að reynast okkur, hvaða áhrif hún hefur á borgarumhverfið og mannlífið í Reykjavík. Dagskráin hefst með stuttum innleggjum frummælenda og í kjölfarið verður efnt til hringborðsumræðna undir stjórn Hjálmars Sveinssonar, borgarfulltrúa og fyrrverandi útvarpsmanns.

Umræðan verður ekki bara út frá arkitektúrnum heldur líka notandanum og hinum almenna borgara, svo hún ætti að höfða til breiðs hóps. Gott fólk, fulltrúar ólíkra sjónarmiða, tekur þátt í umræðunum svo óhætt er að búast við gagnrýninni, lifandi og skemmtilegri umræðu. Það er alls ekki meiningin að þetta verði einhver hyllingarsamkoma og þeir sem taka þátt hafa ólíkar skoðanir.

Þarna mætir fulltrúi hönnuða hússins, Sigurður Einarsson, arki-

**➜ Það er alls ekki meiningin að þetta verði einhver hyllingarsamkoma …**

tekt hjá Batteríinu Arkitektum, Hilmar Þór Björnsson, arkitekt hjá Á stofunni og bloggari, með bloggið Arkitektúr, skipulag og staðarprýði, eina lifandi umræðuvettvang um arkitektúr og skipulag á Íslandi, Ólöf Örvarsdóttir, arkitekt og sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fulltrúi eins helsta notanda hússins, Eyjólfur Pálsson húsgagnahönnuður, eigandi Epal, fulltrúi þjónustuaðila, og Egill Helgason, sinfóníuunnandi, nágranni Hörpu, menningarrýnir, þáttastjórnandi og bloggari, fulltrúi hins gagnrýna borgara og almenna notanda Hörpu.

Reykvíkingar, sinfóníuunnendur, arkitektar, embættismenn, popptónlistarmenn, Eurovison-aðdáendur, skipulagsfræðingar, hönnuðir og nágrannar Hörpu eru hvattir til að mæta og hlusta á áhugverða, lifandi og gagnrýna umræðu um Hörpu kl. 15-17 í Norðurljósum í dag. Boðið verður til móttöku eftir málþingið við afmælissýningu Mies van der Rohe-verðlaunanna, en þetta er síðasti dagurinn sem hún er uppi í húsinu. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

Viðburðurinn er haldinn og skipulagður í samstarfi Hönnunarmiðstöðvar, Arkitektafélags Íslands og Hörpu.



# Hvernig skal túlka virðingarvott þjóðhöfðingja til stríðsglæpamanna?

UTANRÍKISMÁL



**Ma Jisheng**
sendiherra Alþýðulýðveldisins Kína á Íslandi

Eftirfarandi spurning snertir réttlætis- og siðferðiskennd allra: Hvaða tilfinning fer um þig þegar leiðtogi ríkis lítur á stríðsglæpamenn sem „píslarvotta" og vottar þeim virðingu sína? Myndi þér finnast það sjálfsagt og eðlilegt? Eflaust kannt þú að spyrja hvort leiðtogi með slíkar skoðanir fyrirfinnist. Slíkur einstaklingur er til, hann er forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe.

Í lok síðasta árs heimsótti hann og baðst fyrir í Yasukuni-stríðshofinu sem hefur m.a. að geyma grafir 14 af verstu stríðsglæpamönnum seinni heimsstyrjaldarinnar. Hann vottaði þeim virðingu sína og gaf opinberlega út að engin gagnrýni myndi hafa áhrif á staðfestu hans að heimsækja hofið. Hann veit fullvel að á sínum tíma þegar Japan stofnaði til árásarstríðs gagnvart öðrum þjóðum, þjónaði Yasukuni-hofið sem andlegt musteri hernaðarhyggju landsins og gegndi mikilvægu og illu hlutverki í þeirri þróun. Hann gerir sér fullkomlega grein fyrir að í Yasukuni-stríðshofinu eru grafnir 14 stríðsglæpamenn sem hlutu dóma fyrir alþjóðlegum stríðsglæpadómstól og teljast til verstu stríðsglæpamanna, þar á meðal, Hideki Tojo sem leiddi Japan í stríð gegn Kína, fyrirskipaði árásina á Perluhöfn ásamt mörgum öðrum glæpum sem hann hefur á samviskunni. Honum átti jafnframt að vera ljóst að heimsókn hans í stríðshofið yrði harðlega mótmælt af íbúum Kína, Kóreu og fjölda annarra þjóða Asíu, sem máttu þola yfirgang af hendi Japans, og særa þannig tilfinningar fólks þessara landa.

Samt ákvað hann að fara og valdi til þess þau tímamót er menn kveðja hið gamla og taka á móti hinu nýja ásamt því að halda upp á eins árs starfsafmæli sitt sem forsætisráðherra með þessum hætti. Þessi atburður er augljóslega vel hugsaður og gefur sterk pólitísk skilaboð sem eru ætluð til ögrunar. Hann ögrar réttlátum dómum alþjóða stríðsglæpadómstólsins, ögrar sigri heimsins yfir fasismanum og skipulagi heimsmála eftir seinna stríð sem grundvallast á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, hann ögrar samvisku mannkyns og tilfinningum þeirra þjóða sem þjáðust.

### Á braut hægri stefnu

Á þessu eina ári síðan Shinzo Abe tók við völdum hefur hann fært Japan á braut hægri stefnu af auknum krafti. Hann hefur tilkynnt opinberlega að hans æðsta markmið sé að breyta stjórnarskrá landsins og hefur frá fyrsta degi sem forsætisráðherra ekki dregið af sér við að fylgja þessari stefnu eftir, að breyta núverandi friðarstjórnarskrá Japans.

Hann hefur staðið fyrir aðgerðum til að efla her landsins. Hann hefur tjáð sig opinberlega á þann hátt að neita sögu yfirgangs gagnvart öðrum þjóðum. Í umræðum á þjóðþingi landsins hefur hann jafnvel látið hafa eftir sér að í heiminum í dag sé ekki nein ein sameiginleg skilgreining á því hvað felst í hugtakinu „innrás" og dregið þannig úr merkingu orðsins. Undirmaður hans í ríkistjórninni, varaforsætisráðherra landsins, hefur jafnvel sagt að Japanir gætu lært af Þýskalandi nasismans og hvernig þeir breyttu sinni stjórnarskrá hægt og hljótt. Abe og kollegar hans í hinni hægrisinnuðu ríkisstjórn sem nú situr að völdum í Japan hafa sannarlega sýnt sitt rétta pólitíska andlit.

Á fjórða áratug síðustu aldar varð Japan að uppsprettu fasisma í austri og ollu innrásir þeirra ómældum þjáningum fyrir íbúa Asíu, þar á meðal Japana sjálfra. Nú þegar tæp 70 ár eru síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk og alþjóðasamfélagið er á einu máli um hvernig meta skuli sögu yfirgangs Japans þess tíma eru leiðtogar Japans að reyna að breyta sögunni. Ekki einungis með því að fjalla á jákvæðan hátt um árásarstríð gagnvart öðrum þjóðum heldur einnig með því að tilbiðja stríðsglæpamenn frá þessum tíma. Það kemur því ekki á óvart að menn spyrji sig; hvað vakir fyrir Shinzo Abe og hvaða stefnu er Japan að taka? Augljóslega er þetta ekki einungis spurning um innanríkismál Japans eða tvíhliða samskipti Japans við einstök ríki heldur er þetta grundvallarspurning um hvernig beri að skilja þetta tímabil í mannkynssögunni og hvernig friði var komið á eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Ekki má gleyma sögunni, heldur læra af henni. Allir sem elska frið og réttlæti í heiminum, þar með talið Kínverjar og aðrir íbúar Asíu, munu ekki leyfa Abe að færa Japan inn á hættulegar brautir og endurtaka fyrri söguleg mistök.

**→ Nú þegar tæp 70 ár eru síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk og alþjóðasamfélagið er á einu máli um hvernig meta skuli sögu yfirgangs Japans þess tíma eru leiðtogar Japans að reyna að breyta sögunni. Ekki einungis með því að fjalla á jákvæðan hátt um árásarstríð gagnvart öðrum þjóðum heldur einnig með því að tilbiðja stríðsglæpamenn frá þessum tíma.**

# Sköpunin, listin, náttúran og heimskan

MENNING



**Björn Þorláksson**
ritstjóri

Einn forstjóra Nike flaug milli jóla og nýárs á síðasta ári frá Boston til Íslands í þeim erindagjörðum að gera samning við íslenskan listamann um hönnun á nýrri skólínu. Fundir þeirra tveggja gengu vel og varð að veruleika að Nike-stjórinn eyddi áramótunum á Íslandi, svo vel leist honum á landið. Listamaðurinn bauð honum í partí til Bjarkar Guðmundsdóttur söngkonu á gamlárskvöld og fannst bandaríska viðskiptamanninum afar mikið um, enda mikill aðdáandi Bjarkar.

Andlitið datt af honum þegar hann hitti Bono í partíinu. Og síðar um nóttina kastaði Damon Albarn á hann kveðju. Nike-forstjóranum leið eins og Lísu í Undralandi. „Hvers konar land er þetta sem þið eigið?" spurði hann og kleip sig í handlegginn.

Nokkrum dögum áður höfðu franskir ferðamenn notið akureyskrar gestrisni eins og fjallað var um í fjölmiðlum. Akureyrsk fjölskylda sýndi þá víðsýni og gjafmildi að opna hús sitt á sjálft aðfangadagskvöld fyrir útlendingum sem vildu kynnast íslensku jólahaldi. Það er glæsilegt viðhorf sem sérhver stórþjóð í heimi myndi öfunda okkur af.

En aftur að Nike-forstjóranum. Ekki er að efa að hann mun segja söguna af íslensku áramótunum, hvar sem hann kemur í heiminum á árinu. Hvaða líkur eru á því að bissnessmaður í Boston hitti Björk, Damon Albarn og Bono á sömu freðnu þúfunni lengst norður í rassgati?! Nike-forstjórinn er örugglega þegar farinn að selja landið okkar fyrir Ferðamálastofu. „Word of mouth" er það kallað á ensku þegar upplifun og reynsla berst frá manni til manns. Engir peningar geta keypt áhrifin af því. Engir.

### Skammsýni

Samt er það þannig að skammsýnir pólitíkusar á Íslandi tala bara um peninga og langflestar fréttir okkar hverfast um framboð á peningum, vörslu þeirra, gnótt eða í síðustu tíð – skort. Skorturinn hefur orðið til þess að margir vilja lama skapandi starfsemi hér á landi, eða a.m.k. veikja hana. Ástæða þess að Björk, Bono og Damon og fleira fólk með snilligáfu kýs að verja áramótunum á Íslandi er að í náttúru og menningu okkar finnur fólk kærleika, kraft, örvun og andlegt fóður. Ekki gamalli kynþáttaþjóðmenningu heldur nútímamenningu. Samt liggja þessi helstu verðmæti þjóðarinnar nú vel við höggi stjórnmálamanna. Annars vegar skapandi hugsun. Hins vegar íslensk náttúra.

Umræðan um listamannalaunin er einn anginn af þeirri skammsýni að skapandi listamenn séu einskis nýtir nema þeir sjái sér efnalega farborða sjálfstætt. Með sama hætti er það sennilega ranghugmynd að fjármunir til ferðamannaátaks skili nokkru sinni meiri tekjum inn í landið en orðsporið sem af okkur fer í gegnum fólk eins og forstjórann frá Nike. Hið skapandi element Íslendinga hefur margendurtekið vegna fámennis okkar og einangrunar vakið heimsathygli. Sköpunargáfan er að einhverju leyti afurð ytri aðstæðna en hún gæti líka verið afurð félagslegrar sérstöðu, til dæmis þeirrar að við höfum engan her. Sköpunin er óþrjótandi auðlind nema stjórnvöld drepi hana niður. Þá er þetta orðið gott. Allir sem mestur veigur er í munu fara héðan. Og enginn koma í heimsókn. Við höfum sýnt milljónum fórnarlamba viðskiptahátta okkar að Íslendingar kunna ekkert að reka banka á alþjóðavísu, við erum versta og siðvilltasta bankafólk í heimi, það sýnir sagan. Við höfum heldur ekki lært að græða pening á virkjunum. Erlendar skýrslur gefa Íslandi falleinkunn þegar kemur að framlegð í orkugeiranum. En við eigum Björk, við eigum Sjón, við eigum listamenn og menningu sem fjölmörgum þykir forvitnileg. Við eigum land sem býr yfir stórbrotinni og einstæðri náttúru sem margir öfunda okkur af.

En við eigum stjórnmálamenn sem enginn öfundar okkur af.

**→ Ástæða þess að Björk, Bono og Damon og fleira fólk með snilligáfu kýs að verja áramótunum á Íslandi er að í náttúru og menningu okkar finnur fólk kærleika…**

# Hvað fæ ég frá lífeyrissjóðnum mínum?

LÍFEYRISSJÓÐIR



**Ásta Rut Jónasdóttir**
stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Almenn skylda til að greiða iðgjöld í lífeyrissjóði er frá 16 ára til 70 ára aldurs samkvæmt lögum og kjarasamningum.

Hvað fáum við fyrir þessi iðgjöld?

Launþeginn greiðir 4% af launum sínum í sjóðinn og launagreiðandinn leggur til 8% í viðbót, alls 12%. Þetta er talsverð fjárhæð og yfir alla starfsævina hafa þessar mánaðarlegu greiðslur myndað sjóð sem stendur undir greiðslu ævilangs lífeyris.

Stundum heyrist sagt að við fáum „ekkert" út úr lífeyrissjóðunum. Hér vil ég skoða aðeins nánar hvað við fáum til baka fyrir iðgjaldið. Rétt er að hafa í huga, að margir sem komnir eru um eða yfir miðjan aldur, hafa ekki greitt iðgjald í lífeyrissjóð af öllum sínum tekjum, sem er skýring þess að þeir hafa ekki myndað full lífeyrisréttindi. Áður var ekki fortakslaus lagaskylda að greiða í lífeyrissjóð eins og nú er.

### Góð langtímaávöxtun

Lífeyrissjóðurinn tekur við iðgjöldum sjóðfélagans, geymir þau og ávaxtar eins vel og mögulegt er. Ávöxtun getur gengið misjafnlega frá ári til árs, en yfir lengri tíma hafa íslensku lífeyrissjóðirnir almennt náð góðri ávöxtun. Þannig var t.d. raunávöxtun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna yfir 20 ára tímabil, frá 1993 til og með 2012, að meðaltali 4,6% á ári. Það er talsvert umfram þau 3,5% sem miða þarf við samkvæmt lögum í útreikningum á tryggingarfræðilegri stöðu sjóðsins.

Hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna er ævilangur lífeyrir (ellilífeyrir) um tveir þriðju hlutar allra lífeyrisgreiðslna, um þriðjungur eru örorku-, maka- og barnalífeyrir.

### Nærri níu milljarðar

Samtals greiddi sjóðurinn rúmlega 7,7 milljarða króna í lífeyri árið 2012 og á síðasta ári er heildarfjárhæð þess lífeyris, sem Lífeyrissjóður verzlunarmanna greiddi út, um milljarði hærri en árið áður eða 8,7 milljarðar króna.

Hve háan ellilífeyri fæ ég þá? Fjárhæð lífeyris ræðst af greiddum iðgjöldum til sjóðsins og hve lengi hver sjóðfélagi hefur greitt til sjóðsins. Lífeyrir er verðtryggður og breytist mánaðarlega miðað við vísitölu neysluverðs.

### Ævilangur lífeyrir

Vert er að minna sérstaklega á að ellilífeyrir er ævilangur lífeyrir, hann er greiddur út mánaðarlega alla ævina frá því taka lífeyris hefst, hversu gamall sem sjóðfélaginn verður.

Skoðum þá fjárhæðina. Ef miðað er við að sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna hefji töku lífeyris 67 ára fær hann í lífeyri um 64% af þeim meðallaunum sem greitt var af yfir um 40 ára starfsævi. Þannig er áætlaður verðtryggður lífeyrir sjóðfélaga sem er með að jafnaði 400 þúsund króna mánaðarlaun yfir starfsævina 256 þúsund krónur á mánuði ævilangt.

**→ Vert er að minna sérstaklega á að ellilífeyrir er ævilangur lífeyrir, hann er greiddur út mánaðarlega alla ævina frá því taka lífeyris hefst, hversu gamall sem sjóðfélaginn verður.**

# Umbætur á húsnæðismarkaði

HÚSNÆÐI



**Pétur Ólafsson**
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi

Því hefur verið haldið fram af m.a. af bæjarstjóra Kópavogs í stórum fréttamiðlum að tillaga Samfylkingarinnar, VG og Næstabestaflokksins sem samþykkt var á bæjarstjórnarfundi á þriðjudaginn var, um að kaupa félagslegt húsnæði annars vegar og reisa fjölbýlishús til leigu á almennum markaði muni kosta bæjarfélagið þrjá milljarða. Ekkert er eins fjarri sanni enda munu bæjarfulltrúar aldrei setja fjárhag Kópavogs í uppnám.

### Sanngjarnt leigufélag

Tillagan var lögð fram vegna neyðarástands á húsnæðismarkaði. Það mun taka tíma að kaupa allt það félagslega húsnæði sem um getur í tillögunni. Fyrir þeim fæst lán á afar hagstæðum vöxtum. Hvað varðar fjölbýlishúsin til útleigu á almennum markaði munum við kalla til lífeyrissjóði, aðila vinnumarkaðarins og fasteignafélög sem hafa hug á að stofna til leigufélags á samfélagslegum grunni. Það gæti jafnvel farið svo að það eina sem Kópavogsbær þyrfti að gera væri að reiða fram lóð og lendur undir húsnæðið.

### Mannréttindi

Það er vont að hlusta á bæjarstjóra nefna þriggja milljarða króna kosningavíxil sem ríkisfjölmiðlar og aðrir birta án þess að bera undir tillöguflytjendur. Við í Samfylkingunni höfum alltaf talað fyrir ábyrgum rekstri bæjarsjóðs en þegar neyðarástand skapast verða kjörnir fulltrúar að bregðast við, vegna þess að þak yfir höfuðið eru mannréttindi – án tillits til þess hvað talsmenn hins frjálsa markaðar kunna að segja um það.

**→ Það er vont að hlusta á bæjarstjóra nefna þriggja milljarða króna kosningavíxil …**


ÉG VALDI EKKI
ÞESSA ÁSKORUN
EN ÞÚ GETUR VALIÐ AÐ VERA VINUR
Við byggjum upp fólk til að takast á við lífið eftir áföll
Tryggðu þér vinanúmer núna á
www.sibs.is eða í síma 560 4800
HAPPDRÆTTI
SÍBS
... fyrir lífið sjálft
DRÖGUM
Í DAG
H:N Markaðssamskipti / SÍA

# Heimsborgarar og héraðshöfðingjar

MENNTUN



Vilhjálmur Egilsson
rektor

Háskólinn á Bifröst menntar fólk til leiðandi starfa í atvinnulífinu og samfélaginu, ábyrga einstaklinga sem hafa þekkingu og metnað til þess að ná árangri. Að mörgu er að hyggja þegar slíkt nám er skipulagt. Það þarf að byggja á traustum grunni en jafnframt sífelldri nýsköpun þannig að námið nýtist sem best inn í framtíðina þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Enginn sem gengur í gegnum háskóla verður þó nokkurn tímann fullnuma því að landamæri þekkingarinnar eru alltaf að færast út. Háskólanám verður að gera fólk hæfara til að fylgjast með og tileinka sér nýjungar alla starfsævina.

Miklar breytingar eru að verða í Háskólanum á Bifröst sem eru nauðsynlegar til þess að hann gegni enn betur veigamiklu hlutverki sínu í íslensku samfélagi. Nám í skólanum mun almennt verða í lotukennslu frá og með næsta hausti og kennsla í staðnámi og fjarnámi fer fram samhliða. Með þessu er þjónusta skólans við nemendur aukin og fyrirkomulag kennslu stílað inn á að nemendur geti nýtt tíma sinn og orku sem allra best.

Ný námsbraut í matvælarekstrarfræði verður tekin upp í skólanum. Námið er þróað út úr hefðbundnu viðskiptafræðinámi en með sérstakri áherslu á að byggja upp þekkingu á matvælum, innihaldi þeirra, vöruþróun, framleiðslu, flutningum, dreifingu og viðskiptum með matvæli. Lögð er áhersla á þekkingu og skilning á allri verðmætakeðjunni frá frumframleiðslu til endanlegrar sölu í verslun, á veitingastað eða erlendan markað. Námið gefur víðtæka möguleika fyrir fólk til að láta til sín taka alls staðar á þeim fjölmörgu sviðum atvinnulífsins sem þar sem unnið er með matvæli. Þá verður aukið við framboð í meistaranáminu við skólann, annars vegar með nýrri línu í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði og hins vegar með nýrri stjórnunarlínu þar sem áherslur skólans í stjórnunarnámi koma sterkt fram.

**➜ Háskólinn á Bifröst veitir nemendum sínum þekkingu sem dugar þeim vel hvert svo sem þeir fara …**

### Þekking sem dugar vel

Margt annað nýtt er að gerast í Háskólanum á Bifröst. Sl. haust hófst sérstakt tilraunaverkefni um gerð rekstraráætlana fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi og banka. Milli 25 og 30 fyrirtæki taka þátt í að útvega nemendum í viðskiptafræði og lögfræði raunhæf verkefni til að glíma við. Samtök atvinnulífsins styrkja skólann myndarlega til að auka rannsóknir í þágu atvinnulífsins og fleiri aðilar hafa stutt við þau verkefni. Fyrsta rannsóknaverkefninu mun væntanlega ljúka í aprílmánuði en það fjallar um skattsvik í ferðaþjónustu og hefur vakið mikinn áhuga. Sýning um íslenskt nútímaatvinnulíf er í undirbúningi sem væntanlega fer af stað næsta sumar. Þá hefur skólinn annast umsýslu um sérstakt tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi.

Háskólinn á Bifröst veitir nemendum sínum þekkingu sem dugar þeim vel hvert sem þeir fara að námi loknu og eiga að hafa möguleika til að standa sig erlendis jafnt sem innanlands. Þannig mótar Háskólinn á Bifröst metnaðarfulla, víðsýna og umburðarlynda heimsborgara sem geta notað hæfileika sína til fulls. En skólinn er líka Héraðsskólinn í Norðurárdal þar sem nemendur læra að þeir eiga rætur og rækta vináttu, hjálpsemi og traust sín á milli. Bifrestingar eru héraðshöfðingjar, fólk sem þekkir muninn á réttu og röngu og getur greint í sundur metnað og græðgi.

# Góð niðurstaða ungmenna í Garðabæ í PISA-könnun

MENNTUN



Anna Magnea Hreinsdóttir
leikskólafulltrúi Garðabæjar



Katrín Friðriksdóttir
deildarstjóri skóladeildar Garðabæjar

Nemendur í Garðabæ hafa skv. niðurstöðum PISA-könnunarinnar 2012 óvenju jákvætt viðhorf til skólans og námsins. Líklegt er að það ásamt fjölmörgum samverkandi þáttum í námsumhverfi og inntaki námsins stuðli að góðri niðurstöðu ungmenna í Garðabæ í könnuninni. Árangur nemenda í Garðabæ er í öllum þáttum könnunarinnar mun betri en að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu og þegar horft er á Norðurlöndin í heild. Hér á eftir verður tæpt á því helsta sem við teljum að geti skipt máli þegar rýnt er í ástæður þessa góða árangurs.

### Skólabragur

Stór hluti kennara og skólastjórnenda við grunnskóla Garðabæjar hefur ýmist sótt sér framhaldsmenntun og/eða sinnt símenntun vel. Jákvæður skólabragur einkennir skólana og stöðugleiki ríkir í starfsmannahópnum og í fjárhag og rekstri skólanna.

Í skólum Garðabæjar er unnið eftir stefnu um „skóla án aðgreiningar“. Í leikskólum er fylgst með að öll börn taki framförum, séu virkir þátttakendur og fái viðeigandi stuðning. Í grunnskólunum standa stuðningsteymi vörð um velferð nemenda, styðja þá í náminu og leiðbeina. Skólarnir eru þannig efldir til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Nám í öllum skólum í Garðabæ grundvallast á aðalnámskrám leik- og grunnskóla en skólarnir eru jafnframt hvattir til að marka sér sérstöðu og fara ólíkar leiðir. Lögð er áhersla á fjölbreytni í skólastarfi og rekstrarformi og foreldrum er frjálst að velja skóla fyrir sitt barn.

### Lestur

Síðustu tvo áratugi hefur verið unnið markvisst að þjálfun málmeðvitundar og hljóðkerfisvitundar barna með hlustunar-, rím- og orðaleikjum ásamt hljóðgreiningu í leikskólum. Einnig er lögð áhersla á að efla orðaforða, frásagnarhæfni og hlustunarskilning í daglegum sögu- og samræðustundum. Foreldrar leikskólabarna fá fræðslu um málþroska barna og bernskulæsi og eru hvattir til að lesa fyrir börnin og ræða um lestrarefnið.

Árið 2006 setti Garðabær lestrarstefnu fyrir leik- og grunnskóla sem miðar að því að hvert barn fái sem mesta málörvun og lestrarkennslu við hæfi. Fylgst er með því að lestrarframvinda hvers barns sé í samræmi við getu þess og þroska. Ekki síst er lögð áhersla á að börn njóti þess að lesa.

Samhliða lestrarkennslu er lögð áhersla á lesskilning og þegar tækninni er náð á yndislestur ásamt hæfni í að vinna með texta. Hjá þorra nemenda á unglingastigi er kennslustund í íslensku umfram viðmiðunarstundaskrá og er henni varið í lesþjálfun og textaúrvinnslu. Samvinna heimilis og skóla er mikil varðandi lestrarnám og foreldrar ómissandi þátttakendur í ferlinu.

### Raungreinalæsi

Niðurstaða nemenda í Garðabæ í læsi á stærðfræði er afburðagóð og er geta þeirra með því besta sem gerist. Áhugi nemenda í Garðabæ á stærðfræði hefur aukist verulega og eins trú þeirra á eigin getu. Alþekkt er að viðhorf kennara geta haft mikil áhrif á þessa tvo þætti. Náttúrufræðilæsi þeirra er einnig talsvert betra en íslenskra jafnaldra. Rík hefð er fyrir sterkri faggreinakennslu á unglingastigi í Garðabæ og misstórum námshópum svo kennarar geti betur mætt nemendum þar sem þeir eru staddir. Í kynningu Námsmatsstofnunar á niðurstöðum PISA kom fram að íslenskir nemendur skilja ekki öll þau hugtök sem spurt er um í stærðfræðihluta PISA. Í Garðabæ hefur stór hluti nemenda sem þreytir prófið eða 15-20% þegar hafið nám í framhaldsskólaáföngum í stærðfræði og vera má að hugtökin séu þeim því ekki eins framandi og annars væri.

**➜ Árið 2006 setti Garðabær lestrarstefnu fyrir leik- og grunnskóla sem miðar að því að hvert barn fái sem mesta málörvun og lestrarkennslu við hæfi. Fylgst er með því að lestrarframvinda hvers barns sé í samræmi við getu þess og þroska.**

### Markvisst mat

Lagt er mat á skólastarf með ýmsum hætti og stjórnendur skólanna greina og vinna með niðurstöðurnar. Komi í ljós að árangur í einstökum þáttum sé ekki nógu góður gera skólarnir umbótaáætlanir um hvernig skuli sækja fram ásamt aðgerðaáætlunum þar sem fram kemur hvernig þeir hyggjast ná markmiðum sínum.

Ofangreind atriði teljum við að skýri að hluta góða niðurstöðu ungmenna í PISA-könnuninni. Það skal þó áréttað að PISA mælir aðeins afmarkaða þætti fjölbreytts skólastarfs í Garðabæ.




A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
ÚTSALA
10-70%
Stólar *29.940
(áður 49.900)
DAYS
Svefnsófi
89.910
verð áður 99.900
Valdir stólar
40%
Days svefnsófi fæst svartur og grár
Lengd 227 cm tunga 150 cm
Allir stólar
30%
Borðstofuborð
63.920
verð áður 79.900
Stólar *34.930 (áður 49.900)
Dúkar, löberar og diskamottur frá *1.592
20%
Myndir frá *553 Rammar frá *903
Myndir &Rammar
30%
Speglar frá *1.183
Speglar
30%
Kertaluktir *4.792 (Áður 5.990)
Kertaluktir
20%
Valdir púðar á *800 eða *1.500
Aðrir púðar
30%
Mikið úrval af kertastjökum
Kertastjakar
20%
*verð með reiknuðum afslætti
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
ÍRIS



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**LYDÍA ÞORKELSSON**
**Hamrahlíð 29, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 12. janúar á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 24. janúar kl. 13.00.

**Oddur Carl Einarsson**
**Sigríður Elín Sigfúsdóttir**
**Rannveig Alma Einarsdóttir**
**Ellert Kristján Steindórsson**
**Gunnlaug Helga Einarsdóttir**
**Helgi Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI JÓN HERMANNSSON**
**frkvstj.,**
**Sóltúni 2,**
**áður til heimilis í Haðarlandi 8, Rvk.,**

lést mánudaginn 13. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 23. janúar kl. 13.00.

**Hjörtur Gíslason**
**María Bjarnadóttir**
**Margrét Gísladóttir**
**Sigurður Þorsteinsson**
**Hermann Gíslason**
**Ásta Finnbogadóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**INGIBJÖRG SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR**
**Hringbraut 50, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 5. janúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 20. janúar kl. 13.00.

**Björg Harðardóttir**
**Erpur Snær Hansen**
**Stefán Karl Harðarson**
**Úlfur Alexander Hansen**
**Eldur Antoníus Hansen**
**Sveinfríður Sigrún Stefánsdóttir**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR**
**þroskaþjálfi,**
**Lautasmára 1, Kópavogi,**

sem lést þann 8. janúar, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 17. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Oddný, Gunnlaug og Gestur Yngvabörn**



**SJÖTUGUR Í DAG** Gunnar Kvaran sellóleikari fagnar sjötugsafmæli sínu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fullkomin blanda að kenna og spila

Sellóleikarinn Gunnar Kvaran er sjötugur í dag. Hann hefur meiri tíma til ráðstöfunar en áður og finnst gott að geta spilað tónlist og kennt á eigin forsendum.

Sellóleikarinn Gunnar Kvaran fagnar sjötugsafmæli sínu í dag. Hann ætlar að halda upp á daginn með því að fara út að borða með eiginkonu sinni, Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara, og börnum þeirra tveimur sem eru búsett í Danmörku. Að því loknu ætla þau saman á tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem ungir einleikarar verða í sviðsljósinu.

Áttræðisaldurinn leggst vel í Gunnar, sem hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi undanfarna áratugi. „Það má segja að þetta séu tímamót hjá mér að mörgu leyti," segir hann, aðspurður. „Ég er búinn að draga mjög mikið úr minni vinnu og er ekki lengur í neinni fastri stöðu. Ég er að vísu ekki hættur að kenna en kenni bara örfáum nemendum," segir Gunnar, sem byrjaði að kenna við Tónlistarskólann í Reykjavík þegar hann flutti heim frá Danmörku árið 1980. Hann kenndi einnig í átta ár við Listaháskóla Íslands sem prófessor í sellóleik og kammertónlist. „Að geta sameinað það að kenna, sem ég hef virkilega notið að gera, ásamt því að spila hefur mér fundist vera alveg fullkomin blanda og hefur hentað mér alveg sérstaklega vel."

Gunnar er ánægður með að hafa meiri tíma núna til ráðstöfunar. „Mér finnst ég meira getað spilað og kennt á mínum forsendum. Ég er búinn að fá þetta frelsi og ég met það geysilega mikils. Næst vonar maður að heilsan haldist næstu árin og þá held ég að þetta geti orðið mjög góður tími og ég er staðráðinn í að njóta hans. En ég þarf að passa mig á einu. Mér finnst ég alltaf vera þrítugur en líkaminn er sjötugur. Líkaminn hefur ekki lengur þetta úthald og þessa orku sem maður hafði fyrir tuttugu árum, það segir sig sjálft. En ef maður er ungur í anda held ég að maður eldist síður."

Gunnar hefur á efri árum skrifað niður ljóð og hugleiðingar sínar, sem hann segir góða tilbreytingu frá tónlistariðkuninni. „Það á mjög vel við mig að skrifa svolítið og hugsa svolítið," segir hann og vonast til að eitthvað af því verði gefið út síðar meir.

freyr@frettabladid.is

## Fylgist með handbolta og fótbolta

Núna er EM í handbolta í fullum gangi og segist Gunnar hafa gaman af því. „Ég er mjög stoltur af því hvað Íslendingar hafa komist langt í þeirri grein en ég er enn þá meiri knattspyrnuáhugamaður. Ég var í knattspyrnunni sjálfur þegar ég var ungur og lék með KR. Ég er mjög ánægður með að fylgjast með því hvað við erum að bæta okkur verulega sem knattspyrnuþjóð. Ef maður lítur yfir sviðið er stórkostlegt hvað við höfum mikið af hæfileikafólki á öllum sviðum."



Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA VALDIMARSDÓTTIR**
**Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,**

lést á heimili sínu fimmtudaginn 9. janúar sl. Minningarathöfn verður í Kópavogskirkju mánudaginn 20. janúar kl. 13.00. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 21. janúar kl. 13.30.

**Sigtryggur Jónsson**
**Guðrún Björt Yngvadóttir**
**Jón Bjarni Þorsteinsson**
**Borgþór Yngvason**
**Svanhildur Sigurðardóttir**
**Hafþór Yngvason**
**Sarah Brownsberger**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Kæru vinir. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar dóttur okkar, systur, mágkonu og barnabarns,

**DAGNÝJAR ASPAR RUNÓLFSDÓTTUR**
**Bjarkarheiði 6, Hveragerði.**

**Guðrún Hanna Guðmundsdóttir**
**Runólfur Þór Jónsson**
**Hrefna Lind Heimisdóttir**
**Friðjón Þórðarson**
**Una Ósk Runólfsdóttir**
**Haukur Benedikt Runólfsson**
**Kristinn Hólm Runólfsson**
**Berglind Kvaran Ævarsdóttir**
**Thelma Rún Runólfsdóttir**
**Þráinn Ómar Jónsson**
**Valgerður Magnúsdóttir**
**Guðmundur Jónsson**
**Una Runólfsdóttir**
**Kristján Jónsson**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**INGIBJÖRG V. GUÐMUNDSDÓTTIR**
**fyrrum húsfreyja á Spóastöðum,**

lést 13. janúar á Hjúkrunarheimilinu Ási. Jarðarförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 18. janúar kl 13.30.

**Steinunn Þórarinsdóttir**
**Garðar Hannesson**
**Sigríður Þórarinsdóttir**
**Gísli Hjálmar Ólafsson**
**Þorfinnur Þórarinsson**
**Áslaug Jóhannesdóttir**
**Guðríður Sólveig Þórarinsdóttir**
**Úlfar Harðarson**
**Bjarney Guðrún Þórarinsdóttir**
**Helgi Sæmundsson**
**Ragnhildur Þórarinsdóttir**
**Pálmar Þorgeirsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**INGRID SIGFÚSSON,**

lést á Droplaugarstöðum að morgni 8. desember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Aðalsteinn Brynjúlfsson**
**Bryndís Brynjúlfsdóttir**
**Hersteinn Brynjúlfsson**
**Sigríður Ingibjörg Magnúsdótttir**



Faðir minn, bróðir, afi og langafi,

**ARTHUR NÍELS SUMARLIÐASON**

lést hinn 5. janúar síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram.

**Sigurrós Ósk Arthursdóttir**
**Hreinn Sumarliðason og fjölskylda**
**Arthur Ragnarsson og fjölskylda**
**Víðir Ragnarsson og fjölskylda.**



Eiginmaður minn,

**LÝÐUR INGIMAR MAGNÚSSON**
**Vitabraut 9, Hólmavík,**
**fyrrverandi bóndi, Húsavík,**

lést mánudaginn 13. janúar á Sjúkrahúsinu á Hólmavík Hann verður jarðsunginn frá Hólmavíkurkirkju 18. janúar, klukkan 13.30.

**Ragnheiður Runólfsdóttir**



## MEÐ HÁRIÐ BUNDIÐ Í TAGL

**Eftir því var tekið á Golden Globe-verðlaunahátíðinni að margir karlmenn mættu með hárið bundið í tagl. Nú er spurt hvort þetta sé nýjasta herratískan. Það voru þeir Jared Leto, Joaquin Phoenix og Alex Ebert sem vöktu mesta athygli og hafa nú birst myndir af þeim á helstu tískusíðum á netinu.**






# FULLKOMNUNARÁRÁTTA SKAÐAR

**NÁMSKEIÐ KYNNING** *„Þetta er mitt líf“ er námskeið fyrir fólk sem vill bæta og auðga líf sitt með æðruleysi og öryggi í samskiptum. Ásta Kristrún Ólafsdóttir, ráðgjafi og sálfræðingur, hefur umsjón með námskeiðinu.*

Á námskeiðinu Þetta er mitt líf eru meðal annars kenndar leiðir til að styrkja sjálfsmynd og sigrast á fullkomnunaráráttu og óverðskuldaðri sektarkennd,“ segir Ásta sem telur að þessir þættir geti skaðað heilsu manna og skert lífsgæði.

„Við förum oft býsna frjálslega með hugtakið fullkomnunaráráttu og leggjum það gjarnan að jöfnu við vandvirkni. Að vilja skila vel unnu verki er ekki endilega fullkomnunarárátta. Aftur á móti getur verið að við séum haldin fullkomnunaráráttu þegar við getum ekki lokið verki af því að það er aldrei nógu gott eða við höfum okkur ekki í verk af ótta við að mistakast,“ segir Ásta og bendir á að sá sem sé vandvirkur búi yfir vinnugleði og áhuga en sá sem haldinn sé fullkomnunaráráttu stjórnist af ótta. Til dæmis ótta við gagnrýni, dóma, höfnun, álitshnekki eða skömm.

„Fullkomnunarárátta birtist á ýmsa vegu og snertir flesta þætti mannlífsins. Hún kemur fram í verkum manns, eða frestun þeirra, samskiptum og samböndum og hún heftir andlegan, tilfinningalegan og félagslegan þroska,“ segir Ásta. Hún telur fullkomnunaráráttu gera fólki erfitt um vik að taka ákvarðanir og þá verði öll samskipti í fullkomnunaráráttu stíf og heft. „Maður á erfitt með að slaka á og bregða á leik en leggur mikið á sig til að þóknast öðrum og vera vel liðinn. Streita og kvíði kemur af óhóflegum kröfum og ofurgagnrýni á sjálfan sig og aðra.“

Að sögn Ástu finnst fólki sem haldið er fullkomnunaráráttu það aldrei gera nóg. „Og það sem verra er, við erum aldrei nóg. Við erum aldrei nógu dugleg, góð, klár eða áhugaverð. Við erum ekki nógu gott foreldri, maki, vinur eða starfskraftur. Við reynum sífellt að að standa okkur betur, hafa stjórn og gera öllum til hæfis. Sektarkennd og óánægja með okkur sjálf verður niðurstaðan,“ segir hún.



**RÁÐGJAFI OG SÁLFRÆÐINGUR** Ásta Kristrún Ólafsdóttir hefur umsjón með námskeiðinu Þetta er mitt líf. Þar eru meðal annars kenndar leiðir til að styrkja sjálfsmynd og sigrast á fullkomnunaráráttu og óverðskuldaðri sektarkennd. MYND/DANÍEL

Til að slaka á pressunni leiti fólk gjarnan skammtímalausna sem geti verið heilsuspillandi, á borð við neyslu vímuefna eða óhóf í mataræði.

Ásta segir fullkomnunaráráttu og sektarkennd meðal algengustu birtingarmynda skaddaðrar sjálfsmyndar.

„Ótti, undirgefni, ofstjórn, afneitun eigin þarfa, vanmáttur, átakafælni, feimni, ofnotkun varnarhátta, óljósar hugmyndir um hvað sé viðeigandi hegðun, þráhyggjuhugsanir og áráttuhegðun, áhyggjur, reiði, vantraust og ýkt viðbrögð við mótlæti,“ telur Ásta upp og segir vera meðal birtingarmynda veikrar sjálfsmyndar. Hún bendir jafnframt á að ótal líkamlega kvilla megi tengja við veika sjálfsmynd.

Ekki er þó öll von úti því sjálfsmyndina má laga og styrkja. „Leiðirnar til þess eru margar og krefjast mismikils af okkur. Sjálfsþekking er nauðsynlegur þáttur í þeirri vinnu og verkfærin eru vilji, heiðarleiki, umburðarlyndi, mannvirðing og hugrekki. Mikilvægust er þó sú vissa og trú að við eigum skilið að líða vel í eigin skinni en það er einmitt ein helsta forsenda lífshamingju,“ segir Ásta.

### MITT LÍF

Upplýsingar um námskeiðið Þetta er mitt líf má finna á astaolafsdottir.is, á Facebook undir „Mitt líf“, í síma 694-7997 og á netfanginu astakro@ismennt.is.










**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447.






**ÖÐRUVÍSI** Frumlegur kjóll sem sýndur var á kínversku tískuvikunni fyrir vor 2014.

**FRÆG** Chu Yan er einn frægasti tískuhönnuður í Kína en þessi kjóll var meðal þess sem hún sýndi.

**VESTRÆNT** Kínverskir tískuhönnuðir eru orðnir vestrænir í hugsun.

**SUMARLEGT** Wang Tao tískuhönnuður sýndi þetta sumardress.

**FLOTT** Þetta fallega dress er eftir hönnuðinn Lian Huiqing en í því má sjá kínversk áhrif.

# TÍSKAN EFLIST Í KÍNA

**TÍSKAN** *Mikill uppgangur hefur verið í Kína á undanförnum árum og tískuheimurinn hefur þar ekki verið undanskilinn.*

Þegar vortískan 2014 var sýnd á tískuviku í Peking í lok október og byrjun nóvember sýndi 51 kínverskur fatahönnuður hátískufatnað. Þar á meðal voru sjö eftirsóttustu tískuhönnuðirnir sem hafa verið að gera það gott á alþjóðlegum markaði.

Tískuvikan þótti heppnast frábærlega, enda mikill metnaður lagður í hana. Meira en fimm hundruð fyrirsætur komu fram á sýningum og um 600 blaðamenn hvaðanæva úr heiminum mættu á staðinn. Sýningin þótti afar áhugaverð, ekki síst vegna þess að þar gætti alþjóðlegrar hönnunar. Fatastíllinn sem sýndur var hefði getað verið á tískuviku í hvaða landi sem er.

Meðal þeirra sem sýndu á tískuvikunni er frægasti hönnuður í Kína, Chu Yan, en hún hefur hlotið mörg verðlaun, meðal annars fyrir tveimur árum þegar hún var valin besti hönnuður í Kína árið 2011. Gaman er að skoða vortísku þessara hönnuða en hér má sjá lítið sýnishorn. Mikill uppgangur er á flestum sviðum í Kína og tískan fer ekki varhluta af því.










NÝTT KORTATÍMABIL
40%
afsláttur
af öllum vörum
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
Mind Xtra
Smart verslun fyrir konur
Firði Hafnarfirði • Sími 550 3400


NÝTT KORTATÍMABIL
40%
afsláttur
af öllum vörum
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
Herra
hafnarfjörður
S. 572 3400












**PRENTA Á LÍFRÆN EFNI** Margrét Helga Skúladóttir og Guðrún Eysteinsdóttir stofnuðu Textílprentun Íslands síðastliðið haust og eru þegar komnar í samvinnu við fata- og textílhönnuði. MYND/GVA

# BLÓMSTRA HRATT

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA** *Textílprentun Íslands var sett á fót síðastliðið haust og er þegar komin í samstarf við gallerí, skóla, listamenn og hönnuði.*

Margrét Helga Skúladóttir og Guðrún Eysteinsdóttir standa á bak við Textílprentun Íslands. Þær settu fyrirtækið á laggirnar síðastliðið haust en eru þegar komnar í samstarf við nokkra aðila, enda vantaði þennan prentmöguleika sárlega á markaðinn hér á landi að þeirra sögn.

„Það vantaði sérstaklega stafræna prentun á náttúruleg efni, en við eigum í kringum 18 tegundir af efnum; silki, bómullarefni, bómullarjersey og ullarefni," segir Margrét. „Við höfum haft nóg að gera síðan við opnuðum en við byrjuðum að prenta að einhverju ráði í október á síðasta ári. Við erum nú komnar í samstarf, meðal annars við textíldeild Myndlistaskóla Reykjavíkur og Aurum," segir Margrét. Kenndur verður sérstakur kúrs í Myndlistaskólanum, samstarf nemenda og iðnaðarins, og verður afraksturinn kynntur í Aurum Bankastræti á HönnunarMars 2014.

Rétt fyrir jólin hófst einnig samstarf Textílprentunar Íslands við Spark Design Space. Hugmyndin er að prenta efni samhliða sýningunum sem settar verða upp í Spark með munstrum eftir listamennina. Fyrsta efnið er munstur eftir Sigga Eggerts. Efnin verða svo seld í metravís í Spark og er verkefnið styrkt af Hönnunarsjóði Auroru.

Þær Guðrún og Margrét þróuðu hugmyndina að fyrirtækinu á námskeiðinu Brautargengi á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands enda sáu þær mikla möguleika fyrir þessa þjónustu hér á landi. „Fyrir minni framleiðslu eins og prótótýpugerð í fatahönnunargeiranum er frábært fyrir íslenska fatahönnuði að geta sótt þjónustuna innanlands. Bæði tekur það styttri tíma að fá prufurnar og eins getur hönnuðurinn tekið þátt í ferlinu og þarf ekki að senda út í óvissuna og bíða svo eftir póstinum," segir Margrét.

„Fatahönnuðir hafa mikið heimsótt okkur eftir að við byrjuðum og fengið hjá okkur prufur og eins textílhönnuðir sem eru að vinna tísku- og heimilisvörur. Við unnum til dæmis með Hörpu Einars fatahönnuði og klæddum Agnesi, söngkonu í Sykri, á Airwaves 2013. Það er ýmislegt spennandi að gerast." Er von á eigin textíllínu frá Textílprentun Íslands? „Það er vel mögulegt þegar fram líða stundir."

■ heida@365.is



**GAT Á MARKAÐNUM** „Fyrir minni framleiðslu eins og prótótýpugerð í fatahönnunargeiranum er frábært að geta sótt þjónustuna innanlands."



**AIRWAVES** Textílprentun Íslands og Harpa Einars fatahönnuður klæddu Agnesi Björt Andradóttur, söngkonu í hljómsveitinni Sykur, á Airwaves 2013. MYND/TEXTÍLPRENTUN ÍSLANDS

# APPELSÍNUGULT Í VOR

*Eins og flestir vita marka sýningar stóru tískuhúsanna á haustin línurnar í tísku vorsins og sumarsins á eftir. Augnblýanturinn verður áfram í tísku.*



Oft er það þannig að hin venjulegu Gunna og Jón muna ekki hvernig tískurisarnir sögðu þeim að þau ættu að klæða sig, mála eða greiða sér þegar vorið loksins rennur upp. Það er því um að gera að kíkja á myndir frá tískusýningum haustsins og rifja upp helstu trendin nú þegar styttist í vorið. Á tískupöllunum síðastliðið haust voru bæði appelsínugulur varalitur og mikill, dökkur augnblýantur meðal þess sem var áberandi.

**ÁBERANDI VARIR** Appelsínugulur er litur vorsins fyrir varirnar. Þær sem vilja vera áberandi í vor og sumar ættu því að skarta skærlitum, appelsínugulum vörum. MYND/AFP




ENN MEIRI LÆKKUN
50-70%
AFSLÁTTUR
af öllum útsöluvörum
VORUM AÐ TAKA UPP NÝJA SENDINGU
evans.
TOPSHOP
WAREHOUSE
DOROTHY PERKINS

Nýjar vörur í hverri viku
Alltaf eitthvað nýtt og spennandi



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is





30% afsláttur
"Pleður - Bikerjakki"
Verð nú 9.030 kr.
Stærð: S + M + L
Nýtt kortatímabil.
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516



Útsala
Útsala
50% afsláttur
Kjólar-bolir-peysur-mussur-buxur
Enn er hægt að gera góð kaup :-)
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




# MAGABOLIR OG FLAKSANDI KÖGUR

**VORTÍSKAN** *Magabolir voru síðast áberandi á tíunda áratug síðustu aldar. Þeir hefja nú innreið sína á ný af fullum krafti.*

Magabolir, kögur, gegnsær klæðnaður og einfaldur fatnaður með óvæntum smáatriðum og skrauti mun einkenna kvenfatatískuna í vor samkvæmt samantekt tískutímaritsins ELLE, en þessa strauma mátti greina hjá hinum ýmsu hönnuðum sem kynntu vortískuna 2014 síðastliðið haust.

Svarthvítur fatnaður verður sem fyrr nokkuð ráðandi sem og appelsínuguli liturinn sem sækir sífellt í sig veðrið. Þá munum við sjá mikið af pastellitum með málmáferð.

■ vera@365is



**KÚREKASTEMNING** Kögrið er komið aftur. Þessi er eftir Calvin Klein.

**PASTELLITIR MEÐ METALÁFERÐ** Metaláferð hefur verið nokkuð ráðandi að undanförnu. Með vorinu færist hún úr sterkum litum yfir á mjúka pastelliti. Takið eftir appelsínugula flúrinu á ermum og kraga. Tory Burch er á meðal hönnuða sem boðar ýmiss konar smáatriði og skraut á einföldum flíkum.

**GEGNSÆTT** Narciso Rodriguez leggur meðal annars upp með gegnsæ efni fyrir vorið en það gerðu Calvin Klein og fleiri líka.

**GLITTIR Í MAGANN** Svona sér Narciso Rodriguez vortískuna fyrir sér.

# SLEIKT OG SLÉTTAÐ

*Stjörnurnar höfðu margar mundað sléttujárnið fyrir Golden Globe-verðlaunahátíðina síðastliðinn mánudag.*

Sleikt og sléttað hár vakti athygli á Golden Globe-verðlaunahátíðinni síðastliðinn mánudag.

Mila Kunis var til að mynda með stífan hnút í hnakkanum. Emma Roberts með toppinn sleiktan bak við eyru og rennislétt tagl niður með bakinu. Drew Barrimore var með sléttan toppinn greiddan til hliðar og bak við eyru. Reese Witherspoon, Emma Watson og fleiri völdu sams konar greiðslur.



DREW BARRIMORE · EMMA RPBERTS · REESE WITHERSPOON · MILA KUNIS

# LANVIN ER 125 ÁRA Í ÁR

■ TÍSKA
Árið 2014 eru 125 ár liðin frá stofnun elsta tískuhúss Parísar, Lanvin.

Hið þekkta tískufyrirtæki mun fagna með hjálp samfélagsmiðla. Á vefsíðunni lanvin.com hefur verið settur inn nýr kafli um sögu Lanvin. Þar verður hægt að nálgast myndir, myndbönd og upprunaleg listaverk Jeanne Lanvin, stofnanda Lanvin.

Einnig verða sögunni gerð skil á facebook.com/lanvinofficial en nýr moli úr sögu Lanvin verður birtur á hverjum fimmtudegi. Þar verða meðal annars rifjaðir upp minnisverðir viðburðir eins og opnun fyrstu hattabúðar Lanvin árið 1889. Á Instagram verða sýndar myndir af munum úr eigu Jeanne Lanvin og á pinterest.com/lanvinofficial verður fjöldi mynda úr sögu Lanvin. Þessi stafræna afmælisveisla mun hefjast í byrjun febrúar.





# GULAR NEGLUR

■ SÍTRÓNUSAFI HREINSAR
Neglur geta fengið á sig gulan blæ ef þær eru lakkaðar oft og mikið.

Við freistumst því gjarnan til að lakka neglurnar strax aftur eftir að búið er að hreinsa eldra lakkið af og leyfum þeim ekki að jafna sig. Með sítrónusafa má þó ná gulu slikjunni af.

1. Hreinsið allt naglalakk af með naglalakkseyði.
2. Kreistið safa úr hálfri sítrónu í litla skál og haldið fingrunum ofan í safanum svo neglurnar fari á kaf, í nokkrar mínútur.
3. Þvoið hendurnar með sápu og vatni á eftir.

www.wikihow.com

# SKVÍSULEGA FÓTLEGGI Í SUMARKJÓLANA

*Þegar vorið kemur vilja flestir geta klæðst léttum fötum með stolti yfir líkama sínum og látið sjá í bert hold.*

Níu vikur eru í vorjafndægur og því tímabært að undirbúa línurnar fyrir hlýrri tíð og efnisminni fatnað. Kornakrem sem vinna á appelsínuhúð kosta mörg hver skildinginn en auðvelt er að útbúa kornakrem sem virkar heima. Áhrifaríkasta innihaldsefni kornakrema er koffín sem eykur fitubrennslu þegar það er borið á húð og árangurinn er stinnari og sléttari húð.

**Lífrænt skrúbb fyrir appelsínuhúð**
1/4 bolli ólífuolía (möndlu- eða kókosolía gerir sama gagn)
1 bolli púðursykur
1 tsk. piparmyntuolía eða ekta vanilluþykkni
1/2 bolli kaffiduft

Setjið ólífuolíu og púðursykur í skál og látið blandast í mínútu. Blandið saman við kaffidufti og piparmyntuolíu eða vanilluþykkni. Geymið kornakremið í loftþéttum umbúðum eða glerkrukku. Geymist í einn mánuð. Notið kornakremið í sturtunni. Makið á blauta húð og nuddið rass og læri með hringlaga hreyfingum.



**BERT HOLD** Það er vel hægt að koma sér í betra form fyrir sumarið og njóta lífsins með granna leggi og lýtalausa húð.





KYNNING Á CHANEL Í HYGEU KRINGLUNNI DAGANA 16.-18. JANÚAR

Gréta Boða kynnir vorlínuna 2014 og Le Lift frá CHANEL, nýtt snjallkrem sem er hnitmiðuð meðferð sniðin að þörfum hvers og eins.

HYGEA
Snyrtivöruverslun Kringlu

# ÚTSALA - NÝ SENDING

Ný sending á útsöluna af kjólum og skokkum




Kjólar áður 16.990

Nú 9.990 kr.

FLASH

Sjá fleiri myndir á

Laugaveg 54,
sími: 552 5201


# FRÆGIR TVÍFARAR

**TÍSKA** *Fræga fólkið á sína tvífara eins og aðrir. Mjög erfitt getur verið að greina á milli sumra. Hér eru nokkur skemmtileg dæmi.*

1. Zooey Deschanel úr New Girl og 500 Days Of Summer er ótrúlega lík söngkonunni Katy Perry.
2. Ofurfyrirsætan Christy Turlington og leikkonan Jessica Biel eru mjög áþekkar.
3. Leikkonurnar rauðhærðu Isla Fisher og Amy Adams eru furðulega líkar. Margir þekkja þær ekki í sundur.
4. Hinn frábæri Javier Bardem á sér tvífara í leikaranum Jeffrey Dean Morgan sem sumir þekkja úr fyrstu seríum Grey's Anatomy.



Zooey Deschanel


Katy Perry



Jessica Biel


Christy Turlington



Isla Fisher


Amy Adams



Javier Bardem


Jeffrey Dean Morgan


Vegna frábærra undirtekta framlengjum við tilboðið okkar!

Enginn binditími fyrir internet og heimasíma

7.990 kr.
+ 0 kr.

180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum




## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

**Sex frábærar sjónvarpsstöðvar**
Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.

**Internetið og heimasími innifalið í 36 mán.**
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma.
**Tilboðið býðst út janúar!**

Kynntu þér tilboðin nánar í verslun okkar í Skaftahlíð 24 eða í sölubás okkar á jarðhæð Kringlunnar.
**Þjónustuver 512 5100**
**Nánar á 365.is**

365




# MUNUR Á TEXTÍL

*Linda Björg Árnadóttir, fata- og textílhönnuður, verður með fyrirlestur á vegum Hönnunarmiðstöðvar í kvöld.*

Linda Björg Árnadóttir, fata- og textílhönnuður og lektor í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, heldur fyrirlestur í Hafnarhúsinu klukkan átta í kvöld þar sem hún mun fjalla um eigin verk í textílhönnun og muninn á því að hanna textíl fyrir fatnað og textíl fyrir innanhússmuni.

Hönnunarmiðstöð stendur fyrir fyrirlestrum sem haldnir eru einu sinni í mánuði yfir veturinn. Fyrirlestraröðin er í samstarfi við Listaháskóla Íslands og Listasafn Reykjavíkur. Í fyrirlestri kvöldsins mun Linda Björg fjalla um eigin verk auk þess að fara yfir þroskasögu sína í mynsturhönnun og starfsferil á sviði fatahönnunar í máli og myndum. Linda Björg hefur lifað og hrærst í tískuheiminum í fjölda ára og starfaði meðal annars í París þar sem hönnuðurinn Martine Sitbon var ein af samstarfskonum hennar.



Í dag rekur Linda Björg hönnunarfyrirtækið Scintilla sem hannar heimilistextíllínu með áherslu á grafík, mynstur og áferðir. Í línunni eru til dæmis rúmföt, rúmteppi, púðar og dúkar með mynstrum sem hún hannaði.

Fyrirlesturinn fer fram í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, klukkan átta í kvöld og er enginn aðgangseyrir.

**SCINTILLA** Hönnunarfyrirtæki Lindu Bjargar Árnadóttur, Scintilla, hannar heimilistextíllínu með fallegum mynstrum. Linda verður með fyrirlestur í Hafnarhúsi í kvöld.

# MARTHA STEWART PASSAR HÚÐINA

*Sjónvarpsþættirnir Kokkaskóli Mörthu Stewart hafa verið teknir til sýningar í Bandaríkjunum þriðja árið í röð. Martha var spurð um notkun sína á andlitskremum.*

Martha segist aldrei fara út fyrir hússins dyr nema förðuð. Þess utan hugsar hún vel um húðina og setur á sig andlitsmaska áður en hún fer út á morgnana, til dæmis kollagenmaska frá Mario Badescu eða Chanel Correction Lift. „Það virkar vel á mig að styrkja húðina með maskanum," segir hún og bætir við að hún hafi lengi gert þetta fimm daga vikunnar en reyni að nota ekki sömu tegund á hverjum degi. „Þar sem ég vinn fyrir framan myndavélar þarf ég að hugsa um húðina og ganga úr skugga um að andlit mitt sé vel hreinsað. Ég tek mér góðan tíma á morgnana áður en ég fer úr húsi til að huga að útlitinu."

Martha er 72 ára og þykir líta sérstaklega vel út miðað við aldur. Í viðtalinu nefnir hún ýmsar gerðir af rakakremum sem hún notar daglega en hún forðast að vera mikið í sólinni, jafnvel þótt hún vinni mikið í garðinum. „Ég nota sólarvörn og sólhatt," segir hún. „Ég fer aldrei í rúmið með farða, fyrst set ég volgan, rakan klút á andlitið en síðan nota ég hreinsiolíu, jafnvel Johnson's-barnaolíu. Ég nota olíur því að það heldur góðum raka í húðinni og svitaholur stíflast ekki."




**VANDVIRK** Martha Stewart nýtur mikillar frægðar. Blaðamaður The New York Times spurði hana um útlitið.

## BRÚÐARKJÓLAR Á ÚTSÖLU

**GIFTAST Í HEIMSÞEKKTRI HÖNNUN**

**Tilvonandi brúðir eru margar farnar að kaupa brúðarkjólinn, sem oftar en ekki er dýrasti kjóll lífsins, beint af heimsþekktum hönnuðum í stað þess leita að hinum eina rétta í næstu brúðarkjólaverslun. Það er varla hægt að finna betri afsökun en brúðkaup til að fjárfesta í kjól frá Valentino, Alexander McQueen eða Dolce & Gabbana. Ef vel er valið er jafnvel hægt að nota hann aftur við önnur tækifæri. Vissulega eru kjólakaup sem þessi ekki á allra færi en sem stendur bjóða margir heimsþekktir hönnuðir afslætti og er um að gera að líta inn á heimasíður þeirra. Hver veit nema þar leynist draumakjóllinn frá uppáhaldshönnuðinum á afslætti.**



**DÝRASTI KJÓLL LÍFSINS** Ef þú ætlar á annað borð að fjárfesta í heimsþekktri hönnun hví ekki að gera það fyrir brúðkaupið?

## TÍSKAN Í SAMFÉLAGSMIÐLUM

**AUKNING**

**Tískuheimurinn hefur uppgötvað samfélagsmiðlana. Stylophane birtir mánaðarlega tölur yfir fjölda fylgjenda tískumerkja meðal nokkurra samfélagsmiðla. Burberry hefur flesta fylgjendur á Facebook, eða tæplega sautján milljónir. Næstur er franski tískurisinn Louis Vuitton með tæplega sextán milljónir fylgjenda.**

**Kryddstúlkan fyrrverandi Victoria Beckham ber höfuð og herðar yfir aðra á Twitter með rúmar sjö milljónir fylgjenda. Næst eru Dior og Chanel með tæplega fjórar milljónir.**

**Bandaríski hönnuðurinn Michael Kors hefur flesta fylgjendur á Instagram, rúmlega 1,6 milljónir. Skammt undan er Victoria Beckham með eina og hálfa milljón. Brandy Melville, Louis Vuitton og Burberry koma þar á eftir.**

www.lyfja.is

20% AFSLÁTTUR

Af Nip+Fab 16.-18. janúar í verslunum Lyfju

NIP+FAB



BODY SLIM FIX
MINNKAR UMFANG MJAÐMA
Ferskt líkamsgel sem hentar konum sem vilja þéttari líkamshúð. Hraðvirk formúla og húðin verður mjúk, þétt og rakafyllt.

GLYCOLIC SCRUB FIX
Mildur skrúbbur með 4% glycolic sýru sem hraðar endurnýjun yfirborðs húðar. Þéttir húðholur, gefur bjarta og slétta áferð. Góður undirbúningur fyrir aðrar vörur.

CIRCULATION FIX
BODY SCRUB
Orkugefandi líkamsskrúbbur sem slípar húðina á áhrifaríkan hátt með papaya extract og E-vitamíni + Eucaliptus ilm sem er í senn vekjandi og örvandi fyrir blóðrás.

*Nip+Fab vörurnar eru hannaðar með þarfir nútímakonunnar í huga. Sýnilegur árangur á skömmum tíma.*

Tilboðið gildir í Lyfju Lágmúla, Smáralind, Smáratorgi, Laugavegi, Spönginni og Nýbýlavegi.

LYFJA

## BÍLAR & FARARTÆKI



**TILBOÐ 3.790.000.-**
M.BENZ SPRINTER 313 CDI 4X4 - 9 MANNA.Árg.'06,ek.aðeins 115.þ km,einn eigandi,lítur vel út,hápekja,5 gíra,er á staðnum.Rnr.104036. S:562-1717.



FIAT PANDA.Árg.2013,ekinn AÐEINS 13.þ km,bensín,5 gírar. Grænn bíll-frítt í stæði,er á staðnum.Verð 1.780.000. Rnr.351155.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



VOLVO Xc90 2.5 turbo. Árgerð 2005, ekinn 191 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.990439.



SSANGYONG Kyron. Árgerð 2007, ekinn 83 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.990684.



MERCEDES BENZ Ml 250 dísel bluetec 4matic . Árgerð 2012, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.690.000. Rnr.990625.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



TOYOTA Yaris Sol 1.33 cvt. Árgerð 2013, ekinn 0 KM, bensín, sjálfskiptur, álfelgur, bakkmyndavél, AC og fl.Er á staðnum. Verð 2.790.000. Rnr.133778

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

### Bílar til sölu




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



**TILBOÐ ÓSKAST Í PENNAN**
Hyundai Sportage 2007, ek. 175.000km sjálfsk. V6 2.7L bensín. Ný vetradekk, leður og lúga, einn eigandi allar þjónustubækur fylgja, allt reglubundið viðhald hefur farið fram. Bíll í topp standi. Uppl. í s. 699-5595 milli 16:00 og 18:00

Seldur.is

VILTU SELJA BÍLINN Í DAG? Sendu okkur upplýsingar í gegnum seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð!!

### 250-499 þús.



**YARIS SPARIBAUKUR - TIBOÐ 390 ÞÚS!**
TOYOTA YARIS 1.0 árg' 2001 beinskiptur, 3ja dyra, heilsársdekk, með skoðun, ALGJÖR SPARIBAUKUR ásett verð 520 þús TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% visa/euro s.841 8955



**ÚTSALA 290 ÞÚS!**
Citroen Xsara Picasso 1,8 árg'00 skoðaður 14, beinskiptur, mjög rúmgóður bíll sem eyðir litlu, verð áður 480 þús LÆKKAÐ TILBOÐSVERÐ 290 ÞÚS möguleiki á 100% vis/euro s.841 8955

### Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Jeppar



**TILBOÐ ÓSKAST Í PENNAN**
Toyota LC 100, 1999, ek. 208.000km sjálfsk. V8 4.7L bensín. Ný dekk, góður bíl sem hefur fengið allt reglubundið viðhald. Uppl. í s. 699-5595 milli 16:00 og 18:00

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hópferðabílar



MB sprinter 616,árgerð 2006 22+1 sæti loftpúðar, dvd+tv, nýmálaður. Uppl. í s. 892-3111.

### Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI STÓRSPARNAÐUR!**
Keyptu beint frá Evrópu.

Við aðstoðum þig.
**Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is eða í s. 866 5395**

### Varahlutir

**EIGUM VARAHLUTI Í PESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

### Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**HELGI PÍPARI**
Hitamál, viðgerðir, endurlagnir, nýlagnir og allar pípulagnir. S. 820-8604.

### Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

### Bókhald

**BETRI REKSTUR**
Traust bókhaldsþjónusta
Suðurlandsbraut 8
Sími 519 7585 og 77 50 200
www.betrirekstur.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
25% vetrarafsláttur af öllum mælingum. Frítt verðtilboð. S. 778 0100.

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

**VIÐHALD FASTEIGNA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

### Rafvirkjun




**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## KEYPT & SELT

### Til sölu







### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**


Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Viltu vinna fjölbreytta vinnu á líflegum vinnustað?

:)

**Áberandi leitar að framtíðarstarfsmanni í 100% starf við skiltagerð.**

Starfið felst í almennri skiltagerð, upplímingu og uppsetningu skilta úti í bæ og jafnvel úti á landi.

Hæfniskröfur:
- Jákvætt hugarfar
- Þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi
- Almennt bílpróf
- Ekki spillir fyrir að viðkomandi sé laus við lofthræðslu :)

Áberandi hvetur bæði kyn til að sækja um starfið

Umsóknir og nánari upplýsingar:

Umsóknarfrestur er til **20. Janúar nk.**

Ef þú hefur áhuga sendu þá umsókn á netfangið **atvinna@aberandi.is**

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 414 1900

Við svörum öllum umsóknum sem berast.

áberandi



EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Vanur kranamaður óskast

Eykt ehf óskar eftir öflugum kranamanni með réttindi til að stjórna byggingakrana til starfa sem fyrst vegna byggingar hótels við Höfðatorg. Mikil vinna framundan.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Eyktar. eykt@eykt.is undir „Atvinna" fyrir 24. janúar næstkomandi.
Nánari upplýsingar veitir Pétur Einarsson alla virka daga milli kl 09:00 -16:00 í síma 822-4437

**Eykt ehf. Stórhöfða 34-40. 110 Reykjavík S: 595-4400**


# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2014, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. janúar 2014 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2014, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

> Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2014

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli


SPA-MÓTTAKA



**Býrð þú yfir framúrskarandi þjónustulund?**

Blue Lagoon spa leitar að skipulögðum, áreiðanlegum og reyklausum starfsmanni í móttöku. 75-100% starf. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá og mynd til: thorny@bluelagoonspa.is fyrir 24. janúar.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND





STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Félag Fasteignasala vísir

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is


Kjörís
NÝTT
Mjúkís
Ís ársins 2014
COOKIES
Komdu þér í mjúkinn
Biðin er á enda. Mjúkís ársins 2014 er loksins kominn í verslanir. Dúnmjúkur undir tönn, bragðmikill og blandaður með kökum og kremi að amerískum sið. Verði ykkur að góðu.
Ísinn verður kynntur í Fjarðarkaupum í dag, milli kl. 15:00 og 17:00.
Brandenburg




2 | KL. 20:05 HEILSUGENGIÐ

Vandaðir og fróðlegir þættir í umsjón Völu Matt sem fjalla um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti.

Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 20:30
MASTERCHEF USA
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



2 | KL. 21:10
THE BLACKLIST
Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðalhlutverki.



2 | KL. 21:55
PERSON OF INTEREST
Hörkuspennandi þáttaröð sem kemur úr smiðju J.J. Abrams.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 19:45
AMERICAN IDOL
Einn vinsælasti þáttur í heimi snýr aftur. Dómarar eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.




3 | KL. 21:05
SHAMELESS
Önnur þáttaröðin af þessum gamanþáttum með William H. Macy í aðalhlutverki.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

2 3 Krakka stöðin POPP TÍVÍ BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 3 | 4 | 8 | | | 9 |
| 4 | | | | 5 | | | | |
| 8 | 9 | | 6 | | | | | |
| | | | 7 | | 5 | 2 | | 4 |
| 9 | 1 | 2 | | 8 | | | | 6 |
| | | | 2 | | 6 | | 1 | |
| 3 | 6 | | | | | 4 | | 7 |
| | 7 | 8 | 9 | | | 6 | 5 | 2 |
| | | 4 | 8 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | | | | | 3 | |
| | 5 | 7 | | | 8 | 1 | | 6 |
| | | | | | 7 | | | |
| | | | | 7 | | 5 | 6 | 1 |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | | | | 2 | | 9 | 4 | |
| | 6 | | 1 | | | | | |
| 4 | 8 | | 5 | 3 | | | | |
| 5 | 1 | 9 | | | 4 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | | | 2 | | | 4 | 8 |
| | | 4 | | | 5 | 1 | | 7 |
| | | | | 4 | | 2 | | |
| | 1 | | 7 | | 6 | | | 5 |
| | | 8 | | | | | 9 | |
| | | | 4 | | | | 7 | |
| | 5 | 7 | | | 9 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | 4 | | 3 | | | | 6 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 8 |
| 6 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 1 | 8 | 6 | 2 | 3 | 7 |
| 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 | 4 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 5 | 3 | 6 | 2 |
| 8 | 4 | 3 | 5 | 6 | 2 | 9 | 7 | 1 |
| 9 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 1 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 | 8 |
| 8 | 6 | 2 | 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 7 |
| 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 4 | 9 | 7 | 2 | 8 | 3 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 8 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 4 | 5 | 3 | 6 | 2 | 9 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 5 | 8 | 3 | 9 | 4 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 4 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 3 | 6 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 8 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Fræg manneskja er sú sem er þekkt af mörgum sem hún er ánægð með að þekkja ekki.“

*Lord Byron*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** berjast, **6.** klukka, **8.** vefnaðarvara, **9.** arr, **11.** tveir eins, **12.** fyrirferð, **14.** vínblanda, **16.** tveir eins, **17.** spor, **18.** orlof, **20.** bókstafur, **21.** starf.

**LÓÐRÉTT**
**1.** teikniblek, **3.** tveir eins, **4.** eldsneyti, **5.** eyrir, **7.** ritsmíð, **10.** síðasti dagur, **13.** skarð, **15.** felldi tár, **16.** vafi, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** etja, **6.** úr, **8.** tau, **9.** sig, **11.** rr, **12.** stærð, **14.** grogg, **16.** ee, **17.** far, **18.** frí, **20.** sé, **21.** iðja.
**LÓÐRÉTT: 1.** túss, **3.** tt, **4.** jarðgas, **5.** aur, **7.** ritgerð, **10.** gær, **13.** rof, **15.** grét, **16.** efi, **19.** íí.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Sigurbjörn Björnsson (2.375) átti leik gegn Mikael Jóhanni Karlssyni (2.057) í 3. umferð Skákþings Reykjavíkur. Mikael lék síðast 23... Hg8xg4?**



**Hvítur á leik**
**24. Bf5!** (Mikael yfirsást þessi brella). **24...Hgh4 25. Bxh3 Hxh3.** Hvítum varð ekki skotaskuld úr að vinna þótt það tæki alls um 50 leiki. 4. umferð mótsins fór fram í gærkveldi. **www.skak.is** Önnur umferð Nóa Síríus-mótsins fer fram í kvöld.

# ávextir

netto
Kræsingar & kostakjör



ALLIR ÁVEXTIR Á
# 25%
AFSLÆTTI

AÐEINS Í DAG FIMMTUDAG

NÝTT KORTATÍMABIL

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Grandi |

markhonnun.is

# Gyrðir í Tékklandi

**Tvær bækur Gyrðis Elíassonar hafa nýlega verið gefnar út í Tékklandi, Milli trjánna og Sandárbókin.**

Gyrðir Elíassonar rithöfundur nýtur vaxandi athygli erlendis eftir að sagnasafn hans, Milli trjánna, hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2011.

Tvær bóka Gyrðis komu nýlega út í Tékklandi, verðlaunabókin Milli trjánna og skáldsagan Sandárbókin sem Ólafur Darri Ólafsson hefur tryggt sér kvikmyndarétt-inn að.



**GYRÐIR** Heimurinn kann að meta verk hans.






**EINLEIKARAR** Þau spila með Sinfóníunni í kvöld undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar; Sölvi, Baldvin, Rannveig og Björg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Búinn að bíða lengi eftir þessum degi

**Fjórir ungir og efnilegir einleikarar spila með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld. Þeir sigruðu í einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitarinnar og Listaháskólans.**

Einleikarar kvöldsins með Sinfóníunni eiga það sameiginlegt að vera í tónlistarnámi og hafa verið valdir gegnum einleikarakeppni sem Listaháskólinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands stóðu fyrir. Þetta eru Baldvin I. Tryggvason sem spilar á klarinettu, Björg Brjánsdóttir á flautu, Rannveig Marta Sarc á fiðlu og Sölvi Kolbeinsson á saxófón.

„Ég er búinn að bíða lengi eftir þessum degi," segir Sölvi sem þó er bara 17 ára. Hann er nemandi bæði í Tónlistarskólanum í Reykjavík og MH. Í kvöld ætlar hann að spila konsert fyrir alt-saxófón og strengjahljómsveit eftir Alexander Glazunov, stykki sem hann spilaði fyrst fyrir nokkrum misserum og æfði upp aftur fyrir einleikarakeppnina. Spurður hvort hann sé í músík líka í MH svarar hann: „Ég fæ metið þar það sem ég geri í Tónlistarskólanum og svo spila ég í húsbandinu."

„Þetta verður örugglega góð reynsla og skemmtileg," segir Marta sem tekst á við fiðlukonsert eftir J. Sibelius í kvöld. Hún nemur líka við Tónlistarskólann í Reykjavík og ætlar að útskrifast í vor, bæði þaðan og frá MH. Svo hyggst hún drífa sig til Bandaríkjanna í frekara tónlistarnám og býst við að fara þangað í prufuspil í vor.

Eins og Sölvi hefur Marta komið fram á jólatónleikum Sinfóníunnar. „En þetta er alvöru verk og mun meira krefjandi," segir hún.

Baldvin segir kvöldið leggjast vel í sig. „Þetta verður bara fjör," segir hann. Baldvin er á þriðja og síðasta ári í Listaháskólanum og útskrifast í maí, eftir það stefnir hann út fyrir landsteinana til náms. Skyldi hann vera vanur að spila með stórri hljómsveit? „Ekki einleik, nei, það hef ég aldrei gert áður," svarar Baldvin sem ætlar að spila Klarínettukonsert eftir Aaron Copland í kvöld. „Ég er búinn að spila þetta stykki í um það bil ár og ætti að kunna það ágætlega," segir hann.

Björg ætlar að leika konsert fyrir flautu og hljómsveit eftir Carl Nielsen. Hún kemur frá útlöndum því hún er nemandi á öðru ári við Tónlistarháskóla Noregs í Ósló. Samhliða því lærir hún líkamstækni fyrir tónlistarmenn sem hún er fullviss um að eigi eftir að nýtast henni vel. „Þetta er kennaranám sem ég er hálfnuð með og er að fara í æfingakennslu núna í janúar."

Björg spilaði með sinfóníunni tíu ára á jólatónleikum. „Það var í Háskólabíói en það er allt annað að vera í Hörpunni," segir hún og kveðst vona að einhverjir mæti í kvöld þó stórleikur sé í handboltanum á sama tíma.

gun@frettabladid.is

## Eyjafjallajökull upphafsmynd

Rómantíska gamanmyndin Eyjafjallajökull er opnunarmynd frönsku kvikmyndahátíðarinnar sem hefst í Háskólabíói 17. janúar. Hún skartar leikurunum Valérie Bonneton og Danny Boon í aðalhlutverkum en þau eru miklar stjörnur í heimalandinu og leika í myndinni fráskilin hjón sem ætla að vera viðstödd brúðkaup dóttur sinnar í apríl 2010.

Þegar Eyjafjallajökull byrjar að gjósa er flugi þeirra aflýst og þau velja að fara landleiðina á bílaleigubíl. Gallinn er hins vegar sá að hjónin fyrrverandi hatast innilega. Leiðin frá Frakklandi til Grikklands, þar sem brúðkaupið er haldið, er löng og á ferðalaginu gerist ýmislegt.

Franska kvikmyndahátíðin stendur til 30. janúar. Hægt er að kaupa fimm mynda afsláttarpassa. - gun



**ELDGOS** Eyjafjallajökull hafði áhrif á atburðarás franskrar myndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**AFTANBLIK** Victoria, Gerður og Katalin flytja íslensk, ungversk og rússnesk sönglög.

## Til eru fræ sungið á ungversku og íslensku

**Síðrómantísk sönglög hljóma í Háteigskirkju á hádegistónleikum á morgun í flutningi Aftanbliks.**

Tríóið Aftanblik er skipað Gerði Bolladóttur sópran, Victoriu Tarevskaia sellóleikara og Katalin Lorincz píanóleikara. Það kemur fram í Háteigskirkju klukkan 12 á morgun, föstudag, og flytur úrval síðrómantískra sönglaga sem urðu til á mótum vestrænnar klassískrar tónlistar og innlendrar þjóðlagahefðar á Íslandi, í Ungverjalandi og Rússlandi.

Þarna munu hljóma íslensk sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns, Árna Thorsteinsson, Björgvin Guðmundsson og fleiri í bland við aríur úr óperettum eftir Franz Lehár og verk eftir rússnesku tónskáldin Rimski Korskakov og Dmitri Kabalevski. Meðal annars verður ungverska lagið Til eru fræ sungið á ungversku og svo auðvitað líka á íslensku við ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi.

Tónleikarnir heyra undir röðina Á ljúfum nótum Lilju Eggertsdóttur píanóleikara.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil Nýtt
298
kr. 250ml
froosh Hreinn ávaxtaorkudrykkur
598
kr. kg
Ali ferskur Grísabógur
Kolsýrt vatn
129
krónur 2 ltr.
Kristall plús
198
krónur 1.5 ltr.
STONE OVEN PIZZA MARGHERITA
STONE OVEN PIZZA SALAMI
229
krónur 300g.
298
krónur 350g.
Frosin Euroshopper Pizza
Margaríta og Salami/pepperoni
FRAMLEITT Í SVÍÞJÓÐ
Magnesíum 120 stk.
1198 kr.
D3 vítamín 1000ae 200 stk
898 kr.
BLUEBERRY
298
kr. 250gr
frosin Bláber 250g
BÓNUS TILBÚNIR RÉTTIR
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS PASTA CARBONARA
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS KJÚKLINGUR & NÚÐLUR
GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR ÞRJÁ TIL FJÓRA
998
kr. bakkinn
BÓNUS SPÍNAT
398
kr. 200g
Bónus ferskt Spínat
Pineapple
459
kr. 1.2 kg.
Frosnir Ananasbitar 1 kg.
KJARNAFÆÐI
1698
krónur kg.
Kjarnafæði valið
Saltkjöt/framhryggjabitar
jordbær
459
kr. 1.2 kg.
Frosin jarðarber 1.2 kg.
VINSÆLUSTU
kjúklingabringurnar í verslunum Bónus
KYCKLINGFILÉ
1548
krónur 900g.
SLÁTRUN 2013
1198
krónur kg.
Sláturfélag Suðurlands Frosið lambalæri
Mango
459
kr. 1 kg.
Frosnir mangóbitar 1.0 kg.
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

# Snorri Helgason með tónleika í Mengi

Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason hefur á undanförnum árum skapað sér gott orð í tónlistarheiminum.

Tónlist Snorra er nokkurs konar þjóðlagapoppbræðingur þar sem sterkar melódíur og kassagítarinn eru í forgrunni. Tónlist Snorra hefur verið líkt við söngvaskáld eins og Neil Young, Paul Simon og Harry Nilsson sem voru upp á sitt besta á árunum í kringum 1970.

Snorri hefur verið starfandi sem tónlistarmaður í um sex ár og hefur gefið út fimm plötur sem allar hafa fengið mikið lof gagnrýnenda.

Hljómsveitin Snorri Helgason er skipuð, ásamt Snorra, þeim Guðmundi Óskari Guðmundssyni bassaleikara, Daníel Friðriki Böðvarssyni gítarleikara, Magnúsi Trygvasyni Eliassen trommuleikara og Sigurlaugu Gísladóttur.

Þessi hópur hafði verið að spila tónlist Snorra á tónleikum í um tvö ár áður en hann ákvað að taka skrefið til fulls og stofna hljómsveit um það leyti sem vinnan við upptökur á Autumn Skies hófust, haustið 2012.

Hljómsveitin kemur fram á tónleikum í menningarhúsinu Mengi sem stendur við Óðinsgötu 2 og hefjast klukkan 21.00. Aðgangseyrir 2.000 krónur.



**SAMAN Á SVIÐI** Hljómsveitin Snorri Helgason kemur fram í menningarhúsinu Mengi í kvöld. MYND/EINKASAFN




Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 16. JANÚAR 2014**

### Leiklist

**20.00** Sýningin Lúkas eftir Guðmund Steinsson hefur flutt sig úr Þjóðleikhúsinu í Tjarnarbíó. Meðlimir miðavaktarinnar fá sérstakt tilboð á sýninguna. Þeir fá miðann á 2.900 krónur í stað 3.900 króna fram að fyrstu sýningu, 16. janúar. Tilboðið gildir á allar sýningarnar.

**20.00** Óraunveruleikir eftir Urði Hákonardóttur, Valgerði Rúnarsdóttur og Þyrí Huld Árnadóttur. Sýningin fer fram í Kassanum í Þjóðleikhúsinu og hefst klukkan 20.00.

### Fræðsla

**14.00** Leiðsögn í Þjóðminjasafni fyrir foreldra í fæðingarorlofi fer fram í dag klukkan 14.00. Leiðsögnin er ókeypis.

**17.15** Í dag hefst árleg erindaröð í Bókasafni Kópavogs klukkan 17.15. Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur, flytur erindi sem nefnast Mynd og saga. Í dag talar hann um Mappamundi og ófreskjurnar úti við jaðra heimsins. Tími er um 1 klukkustund. Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir.

### Fundir

**12.00** Viðskiptasmiðjan Startup Energy Reykjavik fjármagnar og styður við verkefni og fyrirtæki í orkutengdum iðnaði og þjónustu. Opnað verður fyrir umsóknir í viðskiptasmiðjuna í dag. Af því tilefni verður haldinn opinn kynningarfundur um verkefnið sama dag. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum Arion banka.

### Félagsvist

**20.00** Rangæingar í Reykjavík athugið! Félagsvist í samvinnu við Skaftfellinga í Skaftfellingabúð í Reykjavík í kvöld klukkan 20.00.

### Kvikmyndir

**19.30** Fjall Buddha fylgir sögu þriggja ungmenna sem hafa flosnað úr námi, Ding Bo, Nan Feng og Fei Zao, ásamt miðaldra leigusala þeirra, fyrrverandi Peking-óperusöngkonu sem missti son sinn í bílslysi. Sagan fjallar um fjórmenningana og árekstur gilda, rómantíkur og kynslóðabils. Sýningin fer fram í stofunni Oddi 101 og hefst klukkan 19.30. Sýningartími: 100 mínútur og er allir eru velkomnir.

### Tónlist

**19.30** Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur að í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu. Hver einleikari flytur hálftíma dagskrá með verkum af ólíkum toga en dómnefnd keppninnar skipar tónlistarfólk í fremstu röð. Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30 og eru í Eldborgarsalnum í Hörpu.

**20.00** Það er eitt ár dyr Stúdentakjallarans voru opnaðar. Blásið verður til tveggja daga afmælisveislu í þessari viku með tónleikum og uppistandi í boði Bláa kortsins. Í kvöld koma fram Húsbandið og Tilbury.

**20.00** Tónleikur er sístækkandi hópur ungs fólks sem allt á það sameiginlegt að semja eigin tónlist og hafa ástríðu fyrir tónlist. Tónlistin sem hópurinn spilar er virkilega fjölbreytt sem gerir það að verkum að andrúmsloftið á tónleikum er mjög litríkt, skemmtilegt og lifandi. Fram koma Jakobsson projectið, Silja Rós, Unnur Sara, Tinna Katrín og Hello I am Ósk. Tónleikarnar fara fram á Hlemmur Square.

**21.00** Tónleikar með Good Moon Deer, Just Another Snake Cult og DJ flugvél og geimskip á Harlem í kvöld. Þessar frábæru hljómsveitir hafa vakið mikla athygli fyrir nýjustu útgáfur sínar og hafa báðar skorað hátt á listum yfir bestu plötur 2013.

**21.00** Á tónleikunum koma fram: Aeterna, Narthraal og Wistaria. Húsið er opnað klukkan 21.00 og tónleikarnir byrja upp úr klukkan 22.00. Frítt inn.

**21.00** Magnús Einarsson flytur lög eftir Bob Dylan á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 í kvöld klukkan 21.00. Frítt inn.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# SKAMMDEGIÐ ER TRUNTA



*... en brakandi nýjar kiljur bíða þín!*






Mögnuð og dramatísk saga eftir vonarstjörnu hollenskra bókmennta



Löðrandi blóðugur spennutryllir sem þú leggur ekki frá þér!









Frönsk verðlaunabók um hættulegasta mann Þriðja ríkisins




**www.forlagid.is**
**– alvöru bókabúð á netinu**

Opið alla virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636



**TÓNNINN GEFINN**
Gunnar Leó Pálsson

# Íhaldssami þröskuldurinn í tónlistinni

Öll vitum við að tónlist er eitthvert besta geðlyf sem völ er á í þessum heimi okkar. Ef svo leiðinlega vill til að þú hefur ekki áttað þig á því þá skaltu snarlega finna tónlist sem þér líkar og gera líf þitt þar með bærilegra.

Ég held að margir einstaklingar glími við það vandamál í daglegu lífi að vera of íhaldssamir. Fólk er oft sátt við þær aðstæður og umhverfi sem það lifir í, það er að segja ef þær eru góðar og ákjósanlegar. Þetta á oft við um tónlistarsmekk almennings og gefa menn oft nýrri tónlist ekki séns á að sanna sig.



Mér þykir íhaldssemin oft vera ákveðinn þröskuldur þegar kemur að nýrri tónlist og oft þarf hin nýja tónlist að grípa íhaldssama einstaklinginn strax frá fyrstu sekúndu.

Ákveðnir aðilar hafa áhrif á álit okkar á tónlist og ef sá aðili segir umrædda tónlist vera algjört dúndur förum við að fíla hana. Í þessum efnum og fræðum eru útvarpsstöðvar oft ansi sterkar og áhrifamiklar. Flestar útvarpsstöðvar á Íslandi spila heldur nýja tónlist og jafnframt kynna þær landsmönnum oft nýja tónlist. Þó eru til stöðvar sem bjóða upp á eldri tónlist og velja margir þær stöðvar enda minna þær oft á yndislega tíma og koma fólki gjarnan í eitthvert nostalgíukast.

Ég veit um marga sem eiga það aðeins of oft til að vera örlítið of íhaldssamir, sem myndi lýsa sér á einfaldan máta þannig að ef tvær hljómplötur væru fyrir framan aðilann, ein sem hann gjörþekkir og hin sem hann þekkir ekkert, myndi hann án nokkurs vafa velja plötuna sem hann þekkir vel. Ástæðan er oft að einstaklingurinn nennir hreinlega ekki að kynna sér nýtt efni og meðtaka það.

Í jólaplötuflóðinu svokallaða sem lauk fyrir skömmu gleymast margir frábærir titlar vegna mikils framboðs og því tilvalið að skella sér í næstu plötubúð og ljá því efni eyra sem gleymdist í jólaöngþveitinu.

Undirritaður á það alveg til að vera íhaldssamur gagnvart eldri tónlist sem hann þekkir og hefur alist upp við fremur en að sækja á ný mið. Sérstaklega þegar menn vilja koma sér í einhvern ákveðinn gír eða skap. Ósjaldan verður hin stórgóða hljómsveit Limp Bizkit fyrir valinu þegar í góðan gír er ætlað, frekar en nýrra efni. Þó tel ég að það sé hollt fyrir alla að kynna sér og vera opnir fyrir nýrri tónlist, því það er alltaf eitthvað nýtt þarna úti sem manni á eftir að líka vel við.

## Í spilaranum







**Sign** - Hermd
**Strumparnir** - Strumpastuð
**Bruce Springsteen** - High Hopes



**FELLDU TÁR** Hljómsveitin Ylja var mjög ánægð með myndbandið. MYND/EINKASAFN

# Ylja gerir það gott úti

### Tónlistarmyndband Ylju við lagið Út valið í lokaúrtak Silversound-hátíðarinnar.

„Ég er mjög stoltur og ánægður með þetta,“ segir Erlendur Sveinsson en hann leikstýrði myndbandi við lag hljómsveitarinnar Ylju sem ber titilinn Út.

Myndbandið hlaut á dögunum þann heiður að vera valið í lokaúrtak Silversound-hátíðarinnar sem fór fram í Brooklyn Bowl í New York síðdegis í gær.

„Ég var því miður ekki viðstaddur keppnina. Í dag er ekkert rosalega mikill markaður fyrir tónlistarmyndbönd sem slík en það er gaman að svona keppni sem ýtir undir metnaðarfull myndbönd,“ útskýrir Erlendur.

Tónlistarmyndbandahátíðin er haldin samhliða Battle of the Bands sem er hljómsveitakeppni í Bandaríkjunum. Leikstjóri sigurmyndbandsins hlýtur tíu þúsund Bandaríkjadali, rúma milljón króna, til að leikstýra og framleiða myndband fyrir sigurhljómsveitina í hljómsveitakeppninni.

Myndbandið fjallar um krakka sem fara út um miðja nótt og gifta sig.

„Hugmyndin er sprottin upp úr því að krakkar voru gjarnan að gifta sig á leikskólanum, fallegt að ganga í það heilaga svona snemma. Tilhugsunin falleg.“ Krakkarnir fara inn í skóg sem er aðeins út úr borginni og byggja þar litla kirkju og gifta sig þar. Það var tekið upp síðastliðið sumar og sjá börn úr leiklistarhópnum Sönglist um öll hlutverk. Ragnheiður Erlingsdóttir sá um framleiðslu, Anton Smári Gunnarsson sá um kvikmyndatöku og Helga Jóakimsdóttir sá um listræna stjórnun.



**GANGA Í ÞAÐ HEILAGA** Ung börn giftast í myndbandinu. MYND/EINKASAFN

„Mér finnst myndbandið æðislegt, við vissum ekki við hverju mátti búast þegar frumsýningin var. Þetta var alveg í þeirra höndum og við felldum alveg nokkur tár þegar við sáum það fyrst,“ segir Guðný Gígja Skjaldardóttir gítarleikari og söngkona í hljómsveitinni.

„Þessi keppni opnar að sjálfsögðu marga glugga fyrir mig og hef ég fengið mjög góð viðbrögð.“ Ekki hefur verið ákveðið samstarf á milli Ylju og Erlends að svo stöddu.

Hljómsveitina Ylju skipa Bjartey Sveinsdóttir og Guðný Gígja Skjaldardóttir, sem báðar leika á gítar og syngja, Smári Tarfur Jósepsson sem spilar á slide-gítar, Valgarð Hrafnsson á bassa og Maggi Magg á trommur og hefur hún vakið verðskuldaða athygli.



**Hugmyndin er sprottin upp úr því að krakkar voru gjarnan að gifta sig á leikskólanum, fallegt að ganga í það heilaga svona snemma.**

*Erlendur Sveinsson*

„Allir sem komu að gerð myndbandsins gáfu vinnu sína. Hljómsveitin er afar þakklát fyrir stuðninginn og óskar Erlendi og þeim öllum til hamingju með þessa viðurkenningu fyrir vel unnin störf,“ segir Ásgeir Guðmundsson, umboðsmaður Ylju.

gunnarleo@frettabladid.is

## 9.1.2014 → 15.1.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | Pharrell | Happy |
| 2 | ▶ | Of Monsters And Men | Silhouettes |
| 3 | ▼ | Kaleo | Automobile |
| 4 | ▶ | Ellie Goulding | How Long Will I Love You |
| 5 | ▼ | Avicii | Hey Brother |
| 6 | ✱ | Steindi jr / StopWaitGo | Springum út |
| 7 | ▲ | Nýdönsk / John Grant | Sweet World |
| 8 | ▲ | Mammút | Blóðberg |
| 9 | ▲ | A Great Big World / Christina Aguilera | Say Something |
| 10 | ▲ | One Republic | Counting Stars |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | Skálmöld og Sinfó | Skálmöld og Sinfó |
| 2 | ▶ | Mammút | Komdu til mín svarta systir |
| 3 | ▼ | Ýmsir | Pottþétt 61 |
| 4 | ▼ | Kaleo | Kaleo |
| 5 | ▲ | Ýmsir | Árið er |
| 6 | ▲ | Samaris | Samaris |
| 7 | ▼ | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| 8 | ▲ | Björgvin Halldórsson | Duet III |
| 9 | ▼ | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| 10 | ▲ | Friðrik Ómar | Kveðja |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.






ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
JANÚAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
4BLS BÆKLINGUR
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
ENN BETRA VERÐ
16GB MINNISLYKILL
Agnarsmár og stórglæsilegur USB3 minnislykill úr nautsterku silikoni sem festist tryggilega á lyklakippu
4.990
8GB USB2 2.990 • 32GB USB3 9.990
ENZO 400
Stórglæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá SonicGear með mjög tæran hljóm og sérhannaða ofur öfluga 4" bassakeilu
9.990
FRÁBÆRT 2.1 HLJÓÐKERFI
ÓGRYNNI LEIKJA
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF LEIKJUM OG FORRITUM FYRIR ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU
TILBOÐSVERÐ 19.900
JXD SMART CONSOLE LEIKJATÖLVA
Öflug spjald- og leikjatölva með öllum klassísku tökkunum ásamt 5" kristaltærum HD snertiskjá og ótrúlegu úrvali af leikjum og forritum.
NÝ SENDING VAR AÐ LENDA
ÚRVAL AF SPJALDTÖLVUM VERÐ FRÁ: 12.900
7" SPJALDTÖLVA
Glæsileg spjaldtölva, tilvalin í leiki, tónlist, kvikmyndir og internetið með Android 4.2
12.900
ALLTAF BETRA VERÐ!
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikstjórinn John Carpenter er 66 ára í dag**

Helstu myndir: Escape from L.A., They Live, The Fog, The Thing, Escape from New York

## FRUMSÝNINGAR
**Föstudagur er bíódagur**

### Krimmar og kjötbollur

**Cloudy With a Chance of Meatballs 2, teiknimynd**

Framhaldsmynd hinnar geysivinsælu teiknimyndar Cloudy With a Chance of Meatballs er frumsýnd á föstudag bæði í þrívídd og tvívídd. Ógurlegur matarstormur fyrri myndarinnar varð til þess að Flint og vinir hans hrökkluðust burt úr bænum. Í kjölfarið býður Chester V, átrúnaðargoð Flints, honum vinnu hjá fyrirtæki sínu. Þar starfa fremstu uppfinningamenn heims við að finna upp tækni til að betrumbæta mannkynið.

Þegar Flint uppgötvar sér til mikillar skelfingar að matartækið hans er enn þá virkt og dælir út úr sér stökkbreyttum matarskrímslum á borð við lifandi súrsaðar gúrkur, glorhungraða takódíla, rækjuapa og eplakökukyrkislöngur, neyðist hann til að snúa aftur með félögum sínum og bjarga heiminum.

**47 Ronin, hasar**

47 samúræjastríðsmenn heita þess að leita hefnda og endurheimta heiður síns fólks eftir að stríðsherra drepur meistara þeirra og gerir allan ættbálkinn brottrækan. Hópurinn er rekinn frá heimilum sínum og dreifist um allt landið, og þarf nú að leita hjálpar hjá Kai, sem leikinn er af Keanu Reeves – blendingi sem þeir áður höfðu hafnað – og þurfa síðan að brjóta sér leið í gegnum erfiða veröld goðsögulegra skrímsla, norna sem breyta um lögun, og miklar hættur. Þegar þessi áður brottrekni þræll, Kai, verður þeirra hættulegasta vopn, þá mun hann breytast í hetju.

Myndin er frumsýnd á föstudag en með helstu hlutverk, auk Keanus, fara Rinko Kikuchi, Hiroyuki Sanada, Tadanobu Asano og Kou Shibasaki.





**ÁTAKANLEG** Myndin hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Margverðlaunað þræladrama sem allir eru að tala um

Kvikmyndin 12 Years a Slave verður frumsýnd á Íslandi á föstudag. Myndin var valin sú besta í dramaflokknum á nýafstaðinni Golden Globe-hátíð og er líkleg til sigurs á Óskarsverðlaunahátíðinni í febrúar.

Kvikmyndin 12 Years a Slave var valin besta dramamyndin á nýafstaðinni Golden Globe-hátíð en hún verður frumsýnd á Íslandi á föstudag. Myndin var tilnefnd til alls sjö Golden Globe-verðlauna en hlaut aðeins eina styttu. Samt sem áður er myndin líklegust til að hreppa Óskarsverðlaunin í febrúar sem besta myndin samkvæmt veðbönkum, til dæmis Paddy Power. Þar eru líkurnar 1/4 á meðan líkurnar á að American Hustle eða Gravity hreppi hnossið eru 1/5. Þá er einn af aðalleikurum myndarinnar, Chiwetel Ejiofor, líklegur til að vinna fyrir bestan leik í aðalhlutverki en hann tapaði fyrir Matthew McConaughey á Golden Globe-hátíðinni, sem var verðlaunaður fyrir frammistöðu sína í Dallas Buyers Club.

Myndin 12 Years a Slave fjallar um Solomon Northup sem fæddist frjáls maður og vann ýmis verkamannastörf í New York til að sjá fjölskyldu sinni farborða. Solomon var einnig lunkinn fiðluleikari og veturinn 1841 komu tveir menn að máli við hann og vildu ráða hann sem undirleikara í leiksýningu. Solomon stökk á tækifærið og fylgdi þeim til Washington en þar yfirbuguðu mennirnir hann og seldu hann í þrældóm. Sá þrældómur átti eftir að vara næstu tólf árin.

Myndin er byggð á samnefndri sjálfsævisögu Solomons Northup sem kom út árið 1853 og átti dyggan þátt í því að þrælastríðið braust út í Bandaríkjunum árið 1861.

Margir hafa borið myndina saman við aðrar epískar dramamyndir eins og Schindler‘s List og The Passion of Christ sem skiluðu fúlgum fjár í kassann þrátt fyrir að fjalla um mjög erfið málefni. Myndin var frumsýnd á Telluride-kvikmyndahátíðinni 30. ágúst í fyrra og hefur skilað rúmlega fimmtíu milljónum dollara í kassann í miðasölutekjum, tæplega sex milljörðum króna.

Þá hefur myndin fengið alls kyns ókeypis auglýsingu hjá stjörnum á borð við Kanye West og Sean Combs. Sá síðarnefndi hvatti alla til að sjá myndina með þessum orðum í myndbandi: „Þessi mynd er átakanleg en samkvæm sannleikanum og hún er hluti af heilunarferlinu. Ég bið ykkur öll um að fara með börnin ykkar og alla að sjá hana. Þið verðið að sjá hana til að skilja, svo þið getið byrjað að skilja.“

Með aðalhlutverk í myndinni fara Chiwetel Ejiofor, Michael Fassbender, Benedict Cumberbatch, Paul Dano, Paul Giamatti, Lupita Nyong‘o, Sarah Paulson, Brad Pitt og Alfre Woodard en henni er leikstýrt af Steve McQueen.

liljakatrin@frettabladid.is

### ➜ Einkunnir

IMDb: 8,6/10
Rotten Tomatoes: 97/100
Metacritic: 97/100



**SKÆR STJARNA** Lupita Nyong‘o var tilnefnd á Golden Globe sem besta leikkona í aukahlutverki en laut í lægra haldi fyrir Jennifer Lawrence.

### BESTA MYND 2013 AÐ MATI ÞESSARA GAGNRÝNENDA

- Peter Travers, Rolling Stone
- Owen Gleiberman, Entertainment Weekly
- Tom Brook, BBC
- Ann Hornaday, Washington Post
- Eric Kohn, Indiewire
- Manohla Dargis, New York Times
- Bill Goodykoontz, Arizona Republic
- Scott MacDonald, A.V. Club
- TV Guide
- Yahoo! Movies
- Jake Coyle, Associated Press
- Lisa Kennedy, Denver Post
- Brian D. Johnson, Maclean‘s
- Mike Scott, Times-Picayune
- Randy Myers, San Jose Mercury News
- Katey Rich, Variety
- Keith Phipps, The Dissolve
- Rafer Guzmán, Newsday
- Bob Fischbach, Omaha World-Herald
- Steve Persall, Tampa Bay Times
- Bruce R. Miller, Sioux City Journal
- Wesley Morris, Grantland
- Genevieve Valentine, Philadelphia Weekly
- David Chen, Slashfilm

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU



25-60% afsláttur
Reykjavík & Akureyri
Sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 5332220

BOSS
HUGO BOSS

# ILMDAGAR Í HAGKAUP







**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM DAGANA 16.-22. JANÚAR.

Finndu þinn Hugo Boss ilm og fáðu veglegan kaupauka frítt með*

*á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



# Jay-Z kom, sá og sigraði heiminn

Rapparinn Jay-Z er nú á tónleikaferðalagi um heiminn. Hann hefur selt yfir 75 milljónir platna, er metinn á 5,3 milljarða, er giftur einni vinsælustu söngkonu heims og er persónulegur vinur Baracks Obama Bandaríkjaforseta. Kjartan Atli Kjartansson, blaðamaður Fréttablaðsins, fór á tónleika hans í nágrenni Miami á dögunum og tvinnar saman umfjöllun um þá og viðburðaríkan feril rapparans.

„Leyfið mér að vera stórkostlegur … mér líður eins og Cassius Clay,“ ómar í hljóðkerfinu eftir að ljósin slökkna. Svart myrkrið verður skyndilega fórnarlamb ljósasýningar á sviðinu. Hinn 44 ára gamli Jay-Z gengur inn á sviðið svartklæddur með derhúfu og gullkeðju. Lagið You Don't Know hefur aldrei hljómað svona vel. Í textanum er Jay-Z að láta hlustendur vita hversu merkilegur hann er. „Þið eruð að horfa á 40 milljóna manninn,“ segir hann og vísar til þess hversu margar plötur hann hefur selt. Lagið kom út árið 2001 og textinn er í raun úreltur. Nú hefur Jay-Z selt 75 milljón plötur, fengið 17 Grammy-verðlaun og er af mörgum talinn besti rappari heims. Hann lýgur því ekki þegar hann kallar yfir áhorfendur, í lok lagsins:

### ÉG MUN ALDREI TAPA

Jay-Z er sannkallaður sigurvegari. Enginn verður óbarinn biskup; Útistöðurnar sem hann hefur lent í eru ófáar. Nas, Mobb Deep og fleiri listamenn hafa orðið fyrir barðinu á Jay-Z á leið hans á toppinn. Þegar hann gengur léttur á fæti um sviðið má merkja sjálfstraust í hverju skrefi. Hann snýr sér að áhorfendum og býr til merki plötufyrirtækis síns, Roc-A-Fella Records með höndunum. Áhorfendur gera slíkt hið sama, allir dansandi í takt. Jay-Z fer úr jakkanum sínum. Undir honum er bolur merktur hönnuðinum Tom Ford. Hann kynnir hinn geysivinsæla Timbaland til leiks. Þeir hafa unnið saman fjölda laga. Þeir unnu fyrst saman árið 1998 og eru enn að. Jay-Z heldur áfram að skemmta áhorfendum. Hann tekur lög af nýjustu plötu sinni, Magna Carta, Holy Grail. Hún hefur farið sigurför um heiminn en verður fyrst og fremst minnst fyrir viðskiptahæfileika Jay-Z. Hann seldi Samsung eiua milljón eintaka áður en platan kom út, hún fylgdi með ákveðnum gerðum af Samsung snjallsímum. Þetta er eitt dæmið um hversu snöggur Jay-Z er að aðlagast breyttum aðstæðum á markaðinum.

### BLUE BAÐ MIG AÐ MINNA YKKUR Á AÐ ÉG ER MAÐURINN

Líf Jay-Z, sem heitir réttu nafni Sean Carter, breyttist þegar hann eignaðist barn með söngkonunni Beyoncé. Dóttirin var skírð Blue Ivy Carter og hafa margir keppst við að reyna að ráða í merkingu nafnsins. Talið er að nafnið Blue komi úr titli Blueprint sem er af mörgum talin besta plata Jay-Z. Millinafnið Ivy er svo talið tengjast tölunni fjórum, en eins og margir vita er IV í rómverska talnakerfinu 4. Fyrstu tveir stafirnir í millinafninu virðast því hafa ráðið nafninu. Talan fjórir er gríðarlega merkileg í lífi Beyoncé, hún á sjálf afmæli 4. september og móðir hennar 4. janúar. Hún segir þetta vera sína uppáhaldstölu.

Jay-Z fjallar um lífið eftir fæðinguna í laginu Holy Grail og ómar söngur Justins Timberlake um salinn og tuttugu þúsund manns taka undir. Hann er þó ekki á staðnum. En stuttu seinna röltir leynigestur á sviðið. Allt tryllist.

### ÞIÐ VITIÐ AÐ ÉG ER MEÐ ÞETTA

Rapparinn Rick Ross geltir í hljóðnemann og gengur rólega inn á sviðið. Þessi íturvaxni rappari er með skyrtuna óhneppta; óhræddur við að sýna vömbina, gullkeðjurnar og húðflúrin. Með sólgleraugu og svægi. Fagnaðarlætin eru gríðarleg, enda tónleikarnir nálægt heimaslóðum Rick Ross sem slegið hefur í gegn og hefur unnið með stærstu listamönnum heims, eins og Lady Gaga. Félagarnir hafa unnið mikið saman undanfarið, eru nýbúnir að ljúka við sitt sjötta lag. Þeir taka lagið umdeilda FuckWithMeYouKnowIgot it. Langur titillinn vísar til viðlagsins sem Rick Ross rappar af sinni alkunnu taktfestu. Samstarf þeirra Jay-Z endurspeglar viðskiptavit hins síðarnefnda. Hann er duglegur að vinna með listamönnum sem eru á uppleið og hefur þannig náð að viðhalda sínum eigin vinsældum og ná til nýrra og yngri markhópa. Kanye West, Pharrell Williams og Drake eru meðal listamanna sem Jay-Z hefur unnið með. Menn sem hafa náð langt. Hann tekur síðan lagið N*ggas in Paris, sem hann gerði einmitt með Kanye West. Hann biður áhorfendur um að standa uppi á sætum sínum. Hann segist hafa fengið sekt fyrir að hvetja fólk til þess annars staðar, en honum sé sama. Hann vilji að fólkið skemmti sér.

### LÁTNIR FORSETAR ENDURSPEGLA MIG

Jay-Z fer hratt yfir sögu á tónleikunum, tekur það besta úr mörgum lögum sínum. Að syrpunni lokinni róar hann salinn og tekur gamlan slagara, Dead Presidents. Í viðlaginu óma orðin „látnir forsetar endurspegla mig“. Látnir forsetar eru slangur yfir peningaseðla og vísar viðlagið því í gildismat Jay-Z. Lagið var eitt af þeim vinsælli á fyrstu plötu hans, Reasonable Doubt, sem kom út árið 1996, fyrir um 18 árum. Jay-Z hefur verið lengur að. Á annarri erminni á bolnum hans eru rómversku tölurnar XXV sem vísa líklega til þess að um 25 ár eru liðin frá árinu 1988, sem Jay-Z hefur nefnt í textum sínum sem mikilvægt ár í hans lífi, en þá segist hann hafa verið að selja eiturlyf.

### VINSAMLEGAST FYLGIÐ LEIÐTOGA YKKAR

Jay-Z skeiðar um sviðið, frár á fæti. Í raun er ótrúlegt að hann hafi gert þetta í um tvo áratugi. Hann tekur helstu lögin af löngum ferli sínum og tvinnar saman þau og lögin af nýjustu plötunni. Inni á milli fá tónlistarmennirnir sem spila undir að sýna sig. Timbaland tekur syrpu af sínum bestu lögum og trommarinn frægi Tony Royster Jr tekur hreinlega magnað trommusóló sem endar með því að hann kastar kjuðunum frá sér og trommar með hnefunum. Hann hefur verið frægur frá barnsaldri og þykir með þeim betri í heiminum á sínu sviði. Jay-Z endar með laginu Run this town, sem fjallar, eins og svo mörg önnur lög hans, um eigið ágæti. Hann segist vera frelsarinn endurborinn og biður fólk að fylgja sér, hann sé þeirra leiðtogi. Hann gengur af sviðinu og ljósin slökkna. En þetta er allt hluti af dagskránni. Allir gestirnir vita hvað er í gangi og byrja að kalla nafn hans í gríð og erg.

### VILJIÐI MEIRA?

Jay-Z snýr aftur og tekur að sjálfsögðu lagið Encore, sem þýðir uppklapp. Lagið er samið einmitt fyrir þessar aðstæður. Jay-Z leikur sér með rapptæknina, fer inn og út úr takti viljandi og sýnir kunnáttu sína í faginu. Enda fáir sem standast honum snúning. Hann snýr sér svo að áhorfendum og hægir á stemningunni. Rólegt og lágstemmt stef ómar undir og á meðan gefur rappstjarnan sér tíma til þess að ræða við fólkið í salnum. Hann beinir myndatökumönnum að ákveðnum aðilum í salnum sem honum finnst í flottum fötum, eða hafa verið duglegir að syngja með. Salurinn klappar fyrir þeim sem Jay-Z hrósar. Hann ávarpar svo allan skarann: „Þar sem þið hafið verið svo dugleg að láta mér líða eins og ég sé heima hjá mér, ætla ég að fara með ykkur á mínar heimaslóðir.“ Lögin Empire State of Mind og Hard Knock Life hreinlega trylla fólkið. Að þeim loknum þakkar hann fólki fyrir að mæta. „Ég veit að það getur verið erfitt að koma á tónleika. Sumir koma langt að, aðrir þurfa að redda pössun eða fá frí í vinnunni. Ég er afar þakklátur,“ segir hann einlægur, greinilega jarðbundinn. Síðan biður hann áhorfendur um að kveikja á símunum sínum og ljósamenn að slökkva ljósin. Mynd af Nelson Mandela birtist á risaskjáum. Lagið Forever Young er tekið í hans minningu og allir syngja með. Stórkostleg stund sem væntanlega fæstir viðstaddra munu nokkurn tíma gleyma.

kjartanatli@365.is

## MARKAÐSMAÐURINN JAY-Z

Jay-Z er metinn á 5,3 milljarða og er efstur á lista tímaritsins Forbes yfir ríkustu rappara heims. Hann hefur verið snjall í samningagerð í gegnum tíðina. Hér eru helstu fyrirtækin sem hann hefur gert samning við:

**2013 → SAMSUNG**
Jay-Z seldi Samsung eina milljón eintaka af nýju plötunni sinni Magna Carta–Holy Grail áður en hún kom út í júlí á síðasta ári. Eigendur Samsung-síma gátu náð í smáforrit sem gerði þeim kleift að sækja plötuna þremur dögum áður en hún kom í búðir.

**2012 → DURACELL**
Jay-Z samdi við rafhlöðurisann Duracell og gerðist andlit nýrrar vöru, Duracell Powermat sem hleður farsíma.

**2009 → ACE OF SPADES**
Jay-Z hafði verið talsmaður Cristal-kampavínsins, en þegar slitnaði upp úr því samstarfi samdi hann við fyrirtækið Armand de Brignac sem framleiðir kampavínið Ace of Spades. Í kjölfarið varð það vinsælasta kampavín heims.

**2006 → HP NOTEBOOK**
Jay-Z lék í frumlegri auglýsingu fyrir HP Pavillion Notebook tölvurnar. Andlit hans sést aldrei í auglýsingunni, en hann sýnir með höndunum hvernig tölvan eykur framleiðni hans.

**2006 → BUDWEISER**
Jay-Z var fenginn til þess að hjálpa til við að stýra auglýsingaherferð Budweiser Select-bjórsins.

**2003 → REEBOK**
Jay-Z var fyrsti maðurinn sem er ekki í íþróttum til þess að fá sína eigin strigaskólínu. Skórnir kölluðust S.Carter og hefur enginn skólína Reebok selst jafn hratt. Jay-Z gerði fjögurra ára samning við skórisann.


Opið til kl. 21 í kvöld
ÚTSALA
ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN
50%
afsláttur af öllum
útsöluvörum
Nýtt
kortatímabil
Flott merki á lækkuðu verði
DIESEL
Herschel
CHEAP MONDAY
modström
2ND ONE
JUST FEMALE
MINKPINK
Moss
SAMSØE ϕ SAMSØE
G-STAR RAW
CONVERSE
!Solid
5
Nudie Jeans co
BULL BOXER
...og fleiri spennandi merki
gallerisautján
Kringlan | Smáralind
ntc.is | facebook | Instagram



**SÚPERLIÐ** Hér er Gylfi með súperliðinu. Ekki amalegur félagsskapur þetta.

# Gylfi Sigurðsson í súperliði Pepsi

Pepsi afhjúpar í dag súperlið sitt fyrir árið 2014. Margir bestu knattspyrnumenn heims eru í liðinu, þar á meðal Lionel Messi, Robin Van Persie og Vincent Kompany. Gylfi Sigurðsson er í liðinu og segist hann vera mjög ánægður með að taka þátt í herferðinni. Mynd af Gylfa mun prýða hálfs lítra og tveggja lítra Pepsi- og Pepsi Max-flöskur á Íslandi eftir páska og leikur hann í auglýsingu með súperliðinu.

„Pepsi hefur stillt upp fótboltaliði reglulega síðustu fimmtán ár eða svo. Við höfum aldrei haft þann möguleika áður að fá íslenskan leikmann í hópinn en Pepsi gaf leyfi til þess núna. Við höfðum samband við Gylfa Sigurðsson og hann tók vel í þessa hugmynd frá upphafi. Það er ótrúlega spennandi og skemmtilegt að vinna að svona herferð. Algjör forréttindi. Gylfi er algjör fagmaður, heill náungi og svakalega góð fyrirmynd,“ segir Jón Mikael Jónasson, vörumerkjastjóri Pepsi hjá Ölgerðinni. Íslenski knattspyrnumaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson hefur verið valinn í súperlið Pepsi með fótboltagoðunum Lionel Messi, Robin van Persie, Sergio Aguero, Jack Wilshire, David Luiz, Sergio Ramos, Juan Guillermo Cuadrado, Clint Dempsey, Tarik Elyounoussi, Maynor Figueroa, Mario Gomez, Vincent Kompany, Kemar Lawrence, Victor Moses, Peter Osaze Odemwingie, Oribe Peralta, Andriy Pyatov og Mohamed Salah. Þessi hópur myndar eitt magnaðasta og hæfileikaríkasta lið allra tíma að mati Pepsi og munu knattspyrnumenn hvetja aðdáendur um heim allan til að tileinka sér slagorðið „Live for Now“ á árinu 2014.

Súperliðið er afhjúpað í dag og er þessi afhjúpun einnig upphafið á spennandi viðburðum út árið sem eru hluti af Pepsi-fótboltaherferðinni 2014. Leikmennirnir munu meðal annars leika aðalhlutverkið í alþjóðlegri sjónvarpsauglýsingu sem afhjúpuð verður síðar á árinu. „Gylfi fer í tökur á sjónvarpsauglýsingunni 3. febrúar og mun þá leika á móti þessum leikmönnum,“ segir Jón Mikael. Þá mun mynd af Gylfa einnig prýða Pepsi- og Pepsi Max-flöskur innan tíðar.

„Myndin af Gylfa verður á hálfs lítra og tveggja lítra flöskum sem fara í sölu strax eftir páska. Þá fer Pepsi-deildin hér heima líka að rúlla þannig að þetta helst allt í hendur. Við setjum kóða aftan á flöskumiðana sem fólk getur slegið inn í smáforrit í gegnum Facebook. Fólk fær að vita strax hvort það vinnur eða ekki og á möguleika á að vinna mikið af flottum fótboltatengdum vinningum,“ segir Jón Mikael. „Gylfi verður líklegast bara á umbúðum á Íslandi og ég hef trú á því að sjónvarpsauglýsingin með honum verði keyrð meira og minna bara á Íslandi. Herferðin fer á fullt fljótlega eftir páska og samanstendur af sjónvarpsauglýsingu og margs konar markaðsefni fyrir fjölbreytta fjölmiðla og verslanir. Gylfi mun vera í aðalhlutverki, ásamt Lionel Messi, í herferðinni sem keyrð verður á Íslandi. Aðrir leikmenn sem verða í herferðinni á Íslandi eru Jack Wilshere, Sergio Aguero og David Luiz. Það mun allt snúast um fótbolta hjá okkur næsta sumar, eins og fleirum væntanlega. Pepsi-deildin og Gylfi Sigurðsson eru tengingar sem Pepsi og Ölgerðin eru ótrúlega stolt af og við ætlum okkur að gera íslenskri knattspyrnu og knattspyrnumönnum hátt undir höfði í sumar.“

Aðspurður um kostnað við herferðina segir Jón Mikael hana ekki kosta mikið meira en hefðbundna Pepsi-herferð.

„Ég get ekki gefið upp hvað Gylfi fær í sinn hlut en herferðin í sjálfu sér kostar ekki mikið meira en fótboltaherferðir sem Pepsi hefur verið með í gegnum tíðina.“

Gylfi vill ekki gefa upp hvað hann fær greitt fyrir herferðina en til dæmis má taka að Lionel Messi fékk tvær milljónir dollara, rúmlega 230 milljónir króna, fyrir herferð hjá sportvörumerkinu Adidas. Þá er stutt síðan söngkonan Beyonce landaði samningi við Pepsi og fékk fyrir það fimmtíu milljónir dollara, tæpa sex milljarða króna.

„Ég einbeiti mér bara að því að spila fótbolta. Þegar ég var yngri langaði mig að vera eins og þessir frægu leikmenn eins og Beckham sem voru alls staðar. Núna finnst mér þetta meira bara bónus. Mér finnst bara gaman að taka þátt í þessari herferð með þessu stórfyrirtæki. Þetta er frábær auglýsing fyrir sjálfan mig og íslenskan fótbolta. Fótboltalega séð gerir þetta ekkert fyrir ferilinn en vonandi kemur þetta Íslandi einhvern veginn á kortið fyrir einstaklinga úti í heimi sem þekkja ekki fótboltann þar,“ segir Gylfi.

Síðasta ár endaði með því að Gylfi var valinn Íþróttamaður ársins á Íslandi og árið byrjar með súperliði Pepsi. Hvernig leggst árið 2014 í Gylfa? „Árið leggst vel í mig fyrir utan þessi meiðsli sem ég lenti í í lok árs og ég hef verið að einbeita mér að að losna við. Tottenham er í ágætis málum í deildinni og við erum enn í Evrópukeppninni. Svo byrjar ný undankeppni með landsliðinu þannig að það er margt sem maður hlakkar til að takast á við. Meiðslin eru horfin núna og ég hef verið að æfa síðustu fjóra til fimm daga. Þetta er allt á réttri leið,“ segir Gylfi en næsti leikur liðs hans, Tottenham, er á sunnudag gegn Swansea. Tottenham er í sjötta sæti en Swansea í því þrettánda í ensku úrvalsdeildinni.

„Auðvitað vonast ég til þess að fá að spila á sunnudag en liðið er búið að vinna tvo til þrjá leiki í röð í deildinni og persónulega finnst mér að ætti ekki að breyta liðinu eftir þessa sigra. En ég vonast allavega til þess að vera í hópnum.“

Og þá liggur beinast við að spyrja Gylfa hvort hann sé sólginn í Pepsi.

„Já, ég er mikill Pepsi-maður.“

liljakatrin@frettabladid.is

> **Þegar ég var yngri langaði mig að vera eins og þessir frægu leikmenn eins og Beckham sem voru alls staðar. Núna finnst mér þetta meira bara bónus.**
>
> *Gylfi Þór Sigurðsson*



**STUND MILLI STRÍÐA** Gylfi slakar á með Pepsi og kíkir á símann.

## HELSTU AFREK GYLFA SIGURÐSSONAR

- Gylfi varð á dögunum þriðji yngsti knattspyrnumaðurinn sem er kosinn Íþróttamaður ársins. Hann hefur þrisvar verið á meðal fjögurra efstu á síðustu fjórum árum.
- Gylfi átti þátt í átta mörkum íslenska landsliðsins í síðustu undankeppni HM, skoraði fjögur og lagði upp fjögur fyrir félaga sína. Gylfi hefur skorað 5 mörk í 21 leik fyrir íslenska A-landsliðið.
- Gylfi er fyrsti Íslendingurinn sem kosinn hefur verið besti leikmaður mánaðarins í ensku úrvalsdeildinni en hann fékk þau verðlaun fyrir mars 2012. Gylfi var kosinn besti leikmaður ensku b-deildarinnar í mars tveimur árum fyrr.
- Gylfi hefur skorað 13 mörk í 60 leikjum í ensku úrvalsdeildinni og er þegar orðinn fjórði markahæsti Íslendingurinn á eftir þeim Eiði Smára Guðjohnsen (55), Heiðari Helgusyni (27) og Hermanni Hreiðarssyni (14).
- Tottenham keypti Gylfa frá Hoffenheim fyrir tíu milljónir evra í júlí 2012 en þýska liðið hafði borgað Reading 5,2 milljónir evra fyrir Gylfa tæpum tveimur árum áður og græddi því vel á íslenska landsliðsmanninum.
- Gylfi hefur tvisvar verið kosinn besti leikmaður tímabilsins hjá sínu félagi en hann fékk þau verðlaun hjá Reading fyrir tímabilið 2009-10 og hjá Hoffenheim leiktíðina 2010–11.



# Við hækkum EKKI

## Hærra verð hækkar verðbólgu og rýrir kaupmátt. Verðhækkanir eru ekki náttúrulögmál!

**Stöðugleiki er mikilvægur.**
Til að halda verðbólgu í lágmarki og rýra ekki kaupmátt enn frekar þurfa fyrirtæki að standa saman og forðast verðhækkanir eftir fremsta megni.

IKEA sýndi það í verki strax í haust að fyrirtækið tekur þessa samfélagslegu ábyrgð sína alvarlega. Að jafnaði hefur vöruverð í IKEA ekki hækkað síðustu 16 mánuði og kemur ekki til með að hækka næstu 8 mánuði.

Verðbreytingar eru gerðar í IKEA einu sinni á ári, og í upphafi núverandi viðskiptaárs þann 1. september var lögð áhersla á að halda verðbreytingum í algjöru lágmarki, og margar vörur lækkuðu í verði. Það hefði ekki tekist nema með aðhaldi í rekstri og hagræðingu.

**Viðskiptavinir IKEA geta treyst því að við leggjum okkar lóð á vogarskálarnar til að halda stöðugleika.**

Þetta snertir okkur öll.

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2014

# Einstuðningur

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**ÉG** hef varla þorað að taka að mér að skrifa gagnrýni nema sem litlu nemur. Eitt sinn skrifaði ég bókargagnrýni á vefsíðu og forðaðist að tala illa um bækurnar, og allra síst höfundana. Að hluta til vildi ég ekki særa höfundana en fyrst og fremst snerist þetta um mig og mínar tilfinningar. Ég vildi ekki eignast óvini. Eitt sá ég þó fljótt. Það er allt í lagi að skrifa illa um höfunda sem almennt er skrifað illa um án þess að lenda í vandræðum sjálfur. Sjálfelska mín = þátttaka í einelti.

**SVO** er önnur hlið á þessu. Það er erfitt fyrir gagnrýnanda að skrifa neikvætt um listamenn sem eru hátt skrifaðir, sérstaklega ef þeir hafa notið velgengni erlendis. Þá lítur gagnrýnandinn út fyrir að vera afbrýðisamur. Það var áhætta sem ég þorði aldrei að taka. Ekki vildi ég líta út fyrir að vera öfundsjúkur og beina athyglinni að eigin vanköntum. Sjálfselska mín = þátttaka í einstuðningi.

**ÞAÐ** er mikið búið að tala um einelti í samfélaginu. Mér finnst einelti tómt mál um að tala (nema kannski hefðbundið skólalóðaeinelti sem má alveg tala um hreint út). Ég sé ekki tilgang í að tala um einelti þegar rót vandans er augljóslega sjálfselska. Ef við tölum bara um einelti sem vandann þá mun sjálfelskan brjótast út í hinum bróðurnum, einstuðningnum.

**VIÐ** getum kallað það einstuðning að flykkjast um málstað vegna þess að það er ekki kúl að vera á móti honum. Þannig var íslenska bankaútrásin, þannig er stuðningur við allt íslenskt sem meikar það í útlöndum og þannig er stuðningur við ýmis mannréttindasjónarmið – einstuðningur – ekki keyrður áfram á grundvelli manngæsku, vilja og allra síst rökhyggju heldur bara vegna þess að þú gætir átt yfir höfði þér árásir ef þú ert á móti.

**ÍSLENDINGAR** eru stemningsþjóð. Hér þarf að gera allt með átökum, æðum og yfirkeyrslu. Við þurfum að muna að einstuðningur springur alltaf í hausinn á manni, sama hversu góður málstaðurinn er.



**SIGURSÆLL** Davíð Örn Halldórsson tekur á móti styrk frá Carnegie Art Awards. MYND/ BERTIL ENEVÅG ERICSON.

# Of fyndið til að móðgast

Aðrir verðlaunahafar Carnegie Art Awards sendu ljósmyndir af verkum Davíðs Arnar til endurgerðar hjá kínverskum skiltamálurum. Honum er boðið á sýningu á verkinu í Kaupmannahöfn.

Í tilefni af því að hætt var við að fara með sýningu Carnegie Art Awards á flakk um Norðurlöndin verður listahópurinn A Kassen með gjörning í Kaupmannahöfn með endurgerðum kínverskra skiltamálara á verkum af Carnegie Art Award. Öllum þátttakendum í Carnegie Art Award verður boðið til Kaupmannahafnar. Davíð Örn Halldórsson var einn af þeim sem fengu verðlaun í keppni Carnegie.

„Það er stór brandari hjá þeim að gagnrýna Carnegie-verðlaunin á þennan glettilega hátt fyrir að standa ekki við orð sín og fara með sýninguna til Kaupmannahafnar og Óslóar," segir Davíð Örn. „Það er eins og þeir séu að gera það besta úr því að sýningin hafi verið minni í sniðum en áætlað var. Þetta eru ekki þeirra eigin verk, og síðan láta þeir framleiða endurgerðirnar fyrir sig. Þetta er ranghali hugmynda um það hvað er orginal. Það á allt að vera svo orginal þegar maður talar um myndlist á sýningu á borð við Carnegie, og þeir eru svolítið að gera grín að því."

A Kassen-hópurinn sendi ljósmyndir af öllum verkunum á sýningunni til Kína. „Þar endurgerðu kínverskir skiltamálarar allar myndirnar á sýningunni. Þessar endurgerðir verða á sýningu A Kassen í Kaupmannahöfn."

Öllum listamönnunum sem tóku þátt í sýningunni verður boðið út til Danmerkur. „A Kassen sér um að hýsa alla. Ég trúi ekki öðru en að fólk taki bara vel í þetta. Þetta er of fyndið til að verða fúll. Annars er myndlist misheilög fyrir listamönnum. Ég veit ekki hvernig sölu á verkunum verður háttað, og hvað er rétt og rangt í þeim efnum. Ég er mjög spenntur og mér finnst gott hjá þeim að gera þetta."

> **Það er stór brandari hjá þeim að gagnrýna Carnegie-verðlaunin á þennan glettilega hátt fyrir að standa ekki við orð sín og fara með sýninguna til Kaupmannahafnar og Óslóar.**

Sautján listamenn tóku þátt í Carnegie Art Awards, og verðlaun voru veitt fyrir þrjú efstu sætin. Að auki var einn styrkur eyrnamerktur ungum listamanni. Davíð Örn hlaut þau verðlaun. Verðlaunaféð var 100 þúsund sænskar krónur, sem er um tvær milljónir íslenskra króna. A Kassen fékk þriðju verðlaun. „Þeir eru svolítið ungir og efnilegir. Þeir hafa sýnt hérna í Reykjavík í Kling og Bang og í Skaftfelli á Seyðisfirði."

ugla@frettabladid.is



**HAPPAHJÓL** Þetta verk eftir Davíð heitir Wheel of Fortune.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ













SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BELIEVE | KL. 3.30 - 5.40 - 7 | L |
| LONE SURVIVOR | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 9.10 - 10.30 | 7 |
| SECRET ... WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 3.30 - 4.30 - 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 2D | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | KL. 5.30 - 10 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 9 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | KL. 5:50 - 8 - 10:15 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5:50 - 8 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 10.15 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | 8, 10:30 | 16 |
| HOBBIT 2 | 5:30, 9 | 12 |
| JUSTIN BIEBER'S BELIEVE | 6 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5, 8, 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:30 - 8:20 - 10:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE VIP | KL. 6 - 9 | VIP |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 8:20 - 10:20 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 5:30 - 8:40 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 8 | 10 |
| FROZEN ENSTAL 2D | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL | KL. 2D: 5:40 3D: 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 7 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG HFR 3D | KL. 7 - 10:20 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 4:40 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 4:40 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL 3D | KL. 4:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 6 - 9 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 6 | 7 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 - 10:30 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 7:30 - 10:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 10:20 | 16 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS
BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



ÞÚ SPARAR
3.600 KR.

Vnr. 10708500
RONDA handlaug, 33,5x29x11,5 cm. Hægt að nota á vegg eða borð. Blöndunartæki fylgir ekki.
6.390 kr.
FULLT VERÐ: 9.990 kr.



ÞÚ SPARAR
800 KR./M²

Vnr. 0113478
RUGGED OAK plastparket, 192x1285mm, 8mm.
1.720 kr./m²
FULLT VERÐ: 2.520 kr.



ÞÚ SPARAR
1.300 KR.

Vnr. 42378860
MELISSA kaffikanna, 1,2 l.
2.690 kr.
FULLT VERÐ: 3.990 kr.

ALLT Á AÐ
SELJAST
LAGERHREINSUN

# LAGER-HREINSUN!

## GERÐU GÓÐ KAUP

## SÍÐUSTU DAGAR

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



ÞÚ SPARAR
10.000 KR.

Vnr. 13615050
Baðinnrétting dökkgrá, 70 cm, með tveimur skúffum. Blöndunartæki fylgir ekki
33.990 kr.
FULLT VERÐ: 43.990 kr.



ÞÚ SPARAR
1.000 KR.

Vnr. 74090563
SKIL höggborvél, 550W.
6.490 kr.
FULLT VERÐ: 7.490kr.



ÞÚ SPARAR
8.000 KR.

Vnr. 74874099
BOSCH rafhlöðuborvél, GSR 18-2-Li.
39.995 kr.
FULLT VERÐ: 47.995 kr.



ÞÚ SPARAR
1.500 KR.

Vnr. 49278106
KAPRO hallamál, 60 cm.
990 kr.
FULLT VERÐ: 2.490 kr.



ÞÚ SPARAR
2.000 KR.

Vnr. 74097003
SKIL juðari.
5.190 kr.
FULLT VERÐ: 7.190 kr.



ÞÚ SPARAR
500 KR.

Vnr. 38910030
SMARTY járnhillur, 138x70x30 cm.
2.490 kr.
FULLT VERÐ: 2.990 kr.



ÞÚ SPARAR
850 KR.

Vnr. 52220191
ALABASTRO veggljós.
400 kr.
FULLT VERÐ: 1.250 kr.



ÞÚ SPARAR
2.000 KR.

Vnr. 65105787
Geislahitari, 2000W á fæti.
5.990 kr.
FULLT VERÐ: 7.990 kr.



ÞÚ SPARAR
1.000 KR.

Vnr. 77700705
TORIN verkfærabox, 16".
1.990 kr.
FULLT VERÐ: 2.990 kr.



Vnr. 41100109
Matar- og kaffistell fyrir fjóra, alls 20 stk.
4.690 kr.
FULLT VERÐ: 7.690 kr.

ÞÚ SPARAR
3.000 KR.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum. Gildir meðan birgðir endast.

EXPO · www.expo.is

## HVER ER MIKILVÆGUST Í OLÍS-DEILD KVENNA?

| | |
|---|---|
| 1. Florentina Stanciu, Stjörnunni | 36 stig |
| *(Hún fékk 7 atkvæði í fyrsta sæti)* | |
| 2. Íris Björk Símonardóttir, Gróttu | 22 (1) |
| 3. Steinunn Björnsdóttir, Fram | 13 (2) |
| 4. Guðný Jenny Ásmundsdóttir, Val | 7 |
| 5. Martha Hermannsdóttir, KA/Þór | 6 (1) |
| 6. Rakel Dögg Bragadóttir, Stjörnunni | 5 (1) |
| 7. Marija Gedroit, Haukum | 4 |
| 8. Sigurbjörg Jóhannsdóttir , Fram | 3 |
| 8. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Val | 3 |
| 8. Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Selfossi | 3 |
| 8. Lene Burmo Skredderstuen, Gróttu | 3 |
| 12. Hekla Daðadóttir, Aftureldingu | 2 |
| 13. Vera Lopes, ÍBV | 1 |



**GÓÐ AUGLÝSING** Florentina Stanciu, sem sést hér í landsleik með Íslandi, hefur verið ótrúleg í marki Stjörnunnar á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HVER ER BESTI MARKVÖRÐURINN Í OLÍS-D. KVENNA?

| | |
|---|---|
| 1. Florentina Stanciu, Stjörnunni | 53 stig |
| *(Hún fékk 10 atkvæði í fyrsta sæti)* | |
| 2. Guðný Jenny Ásmundsdóttir, Val | 27 (1) |
| 3. Íris Björk Símonardóttir, Gróttu | 25 (1) |
| 4. Guðrún Ósk Maríasdóttir, FH | 2 |

**Þjálfarar deildarinnar tilnefndu þrjá leikmenn (ekki úr eigin liði) í 1., 2. og 3. sæti. Fyrsta sætið fékk 5 stig, annað sætið fékk 3 stig og þriðja sætið fékk 1 stig. Hámarkið var 55 stig.**

# Mikil gleði og kraftur í kringum hana

Markvörðurinn Florentina Stanciu er mikilvægasti leikmaður deildarinnar að mati þjálfara Olís-deildar kvenna en hún var einnig valin besti markvörðurinn.

**HANDBOLTI** Fréttablaðið fékk þjálfara Olís-deildar kvenna til að velja þá leikmenn sem skara fram úr í deildinni. Í dag skoðum við hver er mikilvægasti leikmaður deildarinnar að mati þjálfaranna tólf en sami leikmaður er einnig besti markvörður deildarinnar.

Florentina Stanciu eða Flora eins og hún er oftast kölluð er mikilvægasti leikmaður deildarinnar að mati þjálfaranna en hún stendur í marki Stjörnunnar á ný eftir nokkra fjarveru frá liðinu. Florentina er einnig besti markvörður deildarinnar.

Valið kemur þjálfara hennar, Skúla Gunnsteinssyni, ekki á óvart.

„Flora hefur allt að bera sem afreksíþróttamaður þarf að hafa til þess að ná langt í sinni grein," segir Skúli.

„Hún leggur rosalega hart að sér og æfir ekki bara vel heldur einnig mjög skynsamlega. Hún hugsar mjög vel um sig og æfir aukalega sjálf. Flora er mjög svo fagleg í sinni nálgun á íþróttinni og er gríðarlegur keppnismaður í öllu," segir Skúli en Stjarnan er í efsta sæti deildarinnar eins og er.

Skúli segir að það skipti engu máli hvort um sé að ræða upphitunarfótboltann eða alvöru keppnisleiki, Flora verður alltaf að fara með sigur af hólmi.

### Mikilvæg liðinu

„Fyrir liðið er hún ótrúlega mikilvæg og það er ávallt ofboðslega mikil gleði og kraftur í kringum hana. Hún hefur jákvæð áhrif á liðið og gerir í leiðinni verkefni okkar mun skemmtilegri. Hún skilar mun meira til liðsins en bara að vera góð í marki og hvetur liðsfélaga sína alltaf áfram."

Florentina lék fyrst með ÍBV á Íslandi áður en hún gekk til liðs við Stjörnuna árið 2006. Hún gekk síðan aftur í raðir ÍBV árið 2011 en fyrir núverandi tímabil kom markvörðurinn síðan aftur í Stjörnuna. Florentina hefur einnig leikið erlendis með Handball Metz Metropole í Frakklandi og Uni Ursus Cluj í Rúmeníu. Á ferlinum hefur hún unnið marga titla og orðið Íslandsmeistari bæði með ÍBV og Stjörnunni.

„Ég held að flestir séu sammála því að markmannsstaðan sé mikilvægasta staðan á vellinum. Ef markmaðurinn ver öll skot andstæðingsins þá er ekki hægt að tapa og Flora er ótrúlega öflugur markvörður. Hún á mikinn þátt í því að liðinu gengur vel. Varnarleikur liðsins í heild sinni hefur verið góður í vetur og það hefur sitt að segja upp á markvörslu. Florentina er klárlega gríðarlega mikilvæg liðinu en ég myndi segja að andlegir og félagslegir eiginleikar hennar séu það sem gerir hana í raun ómissandi fyrir liðið."

### Flott fyrirmynd

Að mati þjálfarans er Florentina mikill sigurvegari og ungum handknattleikskonum frábær fyrirmynd.

„Hún er rosalega góð auglýsing fyrir handboltann og hefur mjög jákvæð áhrif hér á landi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hún eigi eftir að verða mjög skemmtileg í úrslitakeppninni fyrir alla þá sem fylgjast með handbolta."

- sáp

# Ætlar ekki að láta gullið af hendi

Kristinn Torfason fær verðuga samkeppni í langstökkskeppni RIG á sunnudag.

**FRJÁLSAR** „Ég er orðinn mjög spenntur. Maður ætlar aldrei að tapa á heimavelli," segir langstökkvarinn Kristinn Torfason. FH-ingurinn fær verðuga keppni á Reykjavík International Games í Laugardalshöll á sunnudaginn því von er á tveimur öflugum erlendum keppendum. Annars vegar Dananum Morten Jensen og hins vegar Bretanum Danier Gariner.

„Það verður gaman að reyna að vinna Morten aftur," segir Kristinn um hinn 31 árs mótherja sinn sem hann þekkir vel til. Sá á best 8,25 metra frá árinu 2005 og fékk bronsverðlaun á EM innanhúss árið 2011 með stökki upp á 7,64 metra.

„Það er svolítið langt síðan hann stökk sitt besta. Ég held að þetta gæti orðið mjög jöfn keppni," segir Kristinn sem hlakkar til sunnudagsins.

„Stuðningurinn á heimavelli er alltaf meiri og fullt af fólki sem mætir."

Kristinn þekkir aftur á móti minna til breska kappans sem verður 24 ára á árinu. Gariner á best 7,58 metra frá því í fyrra en hann er öflugur hlaupari líkt og Hafnfirðingurinn. Okkar maður á best 7,77 metra innanhúss frá árinu 2011 en Íslandsmet Jóns Arnars Magnússonar í greininni er 7,82 metrar.

„Ég horfi svolítið mikið til Íslandsmetsins," segir Kristinn sem langar líka að fljúga yfir átta metra múrinn í sumar. Það sé því sem næst heilög tala líkt og 80 metrarnir í spjótkasti.

„Það er eitthvað sem maður er alltaf með í kollinum."

Íslandsmet Jóns Arnars utanhúss er einmitt átta metrar sléttir. „Ég held að það gæti gerst í ár. Ég er í mjög góðu formi og gæti hitt á það."

Langstökkskeppnin á sunnudag hefst klukkan 13.15.

- ktd



**Á FLUGI** Kristinn varð Íslandsmeistari á Akureyri síðastliðið sumar. MYND/GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON





Afsláttur 100.000

Thevo Multi lyftihægindastóll THO-6392

Verð áður: 397.500 kr. **297.500 kr.**



20% þú sparar 750

Töskuvog SOE-661722

Verð áður: 3,750 kr. **3,000 kr.**



40% þú sparar 5.180

Fótaspa með hita HOM-ELMFS250

Verð áður: 12,950 kr. **7,770 kr.**



33% þú sparar 18.473

Nuddsæti Shiatsu MAX HOM-CBS1000

Verð áður: 55,980 kr. **37,507 kr.**



20% þú sparar 1.190

IMAK gigtarhanskar activ IMA-A2018

Verð áður: 5,950 kr. **4,760 kr.**



40% þú sparar 7.900

Nuddpúði með gelhausum HOM-SP1000

Verð áður: 19,750 kr. **11,850 kr.**



25% þú sparar 8.987

Nuddsæti Shiatsu bak með geli HOM-SGM425H

Verð áður: 35,950 kr. **26,963 kr.**



30% þú sparar 2.085

Þurrburstun HOM-ELMDB150

Verð áður: 6,950 kr. **4,865 kr.**

> Verslaðu á vefnum > Frí sending að 20 kg > 1 árs skilaréttur

Eirberg

# Útsala 20%–50%

Opið virka daga kl. 9 - 18 • og á laugardögum kl. 11 - 15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



30% þú sparar 2.925

Stirio sjálfvirkur hrærir MEC-27320

Verð áður: 9.750 kr. **6.825 kr.**



30% þú sparar 2.085

Fótavermir SOE-68022

Verð áður: 6,950 kr. **4,865 kr.**



20% þú sparar 17.950

Airfree Lotus 60 m² AIR-L150H

Verð áður: 89,750 kr. **71,800 kr.**

*Allt Airfree - 20% afsláttur - **frá 19.800 kr.***



25% þú sparar 7.462

Raka- og lofthreinsitæki Hvítt AOS-E2441WHI

Verð áður: 29,850 kr. **22,388 kr.**

*Öll rakatæki - 25% afsláttur - **frá 6.338 kr.***



25% þú sparar 9.937

Blóðrásaörvun fyrir fætur MEC-18057

Verð áður: 39,750 kr. **29,813 kr.**



30% þú sparar 2.925

Hitapúði Vario herðar og bak SOE-680129

Verð áður: 9,750 kr. **6,825 kr.**



20% þú sparar 1.950

Baðvog balance Active shape SOE-63333

Verð áður: 9,750 kr. **7,800 kr.**



Afsláttur 100.000

Rafskutlur á einstöku tilboði PRI-R130RED

Verð áður 595.000 kr. **495.000 kr.**

*Rafskutlur í úrvali - **verð frá 199.200 kr.***

Yfir 200 vörunúmer á útsölunni – Vörur sem efla heilsu og auka lífsgæði

# Staðan skýrist korteri fyrir leik

Aron Pálmarsson verður í stöðugri meðhöndlun fram að leik í kvöld.

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson tók því frekar rólega á æfingu landsliðsins í gær og var aðallega í meðferð hjá sjúkraþjálfara. Hann er bæði slæmur í hné og ökkla. Það er ekkert sérstaklega gott þegar aðeins einn hvíldardagur er á milli leikja á EM.

„Standið á mér er samt fínt. Þetta hélt alveg en ég er þreyttur í löppinni þar sem hún er ekki nógu sterk. Maður hefur oft bölvað því að þurfa að æfa mikið en núna er alveg óþolandi að geta ekki æft. Þetta er bara staðan, því miður, og það lá alltaf fyrir að ég gæti ekki gert of mikið hérna úti,“ sagði Aron eftir æfingu liðsins í gær sem var létt. Aðeins þeir sem lítið spiluðu á þriðjudag tóku aðeins á því.

Menn velta því fyrir sér miðað við ástand Arons hversu mikið hann geti beitt sér í leiknum gegn Spáni í kvöld.

„Það kemur í ljós á leikdegi. Hver dagur telur sem og hver meðhöndlun. Ég fer nokkrum sinnum á dag til sjúkraþjálfaranna og er að japla á einhverjum Voltaren-töflum. Það er allt reynt og allt gert. Svo korteri fyrir leik getur maður sagt til um hvernig staðan er.“

Spánverjar eru heimsmeistarar og með eitt besta lið heims. Þeir sýndu þó veikleikamerki gegn Noregi. „Það eru klárlega veikir hlekkir og við ætlum að finna þá. Þeir eru reyndar fáir en við þurfum að notfæra okkur þá. Þetta verður hrikalega erfiður leikur.“ - hbg



**Á SJÚKRABEKKNUM** Aron Pálmarsson sést hér í meðferð sjúkraþjálfara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**NÚLL PRÓSENT** Hans Lindberg hefur klikkað á öllum þremur vítum sínum á EM 2014. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

## Lindberg í vítavandræðum

**HANDBOLTI** Danir hafa unnið tvo fyrstu leiki sína á EM í handbolta með sannfærandi hætti og það er ekki hægt að finna að miklu í leik liðsins nema kannski frammistöðu vítaskyttnanna.

Danir hafa nefnilega aðeins nýtt 3 af 7 vítum sínum í fyrstu tveimur leikjunum sem er aðeins 43 prósent vítanýting og lakasta vítanýtingin í mótinu til þessa. Þetta er mjög óvanalegt enda eru Danir vanir að vera með yfir 90 prósent vítanýtingu á stórmótum. Á HM 2013 og ÓL 2012 nýtti danska landsliðið til dæmis 50 af 53 vítum sínum sem gerir 94 prósent vítanýtingu.

Hinn íslenskættaði Hans Lindberg hefur klikkað á öllum þremur vítum sínum á mótinu en Bo Spellerberg klikkaði líka á eina víti sínu. Aðalástæðan er kannski fjarvera einnar af bestu vítaskyttum í heimi.

Lindberg hefur þurft að taka upp hanskann fyrir Anders Eggert sem hafði nýtt 39 af 41 víti sínu á síðustu tveimur stórmótum. Eggert var ekki með í fyrstu leikjunum vegna kálfameiðsla en kom aftur til móts við danska hópinn í gær. Lindberg fær því væntanlega ekki að taka fleiri víti á EM. - óój

## Færra fólk á staðnum

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar hafa fengið frábæran stuðning í fyrstu tveimur leikjum sínum á EM. Mun færri Íslendingar yfirgnæfðu Norðmenn og svo söng allur kórinn þjóðsönginn með glans á þriðjudag.

Stór hluti þessa kórs hvarf af landi brott eftir Ungverjaleikinn og er kominn heim til Íslands. Þeirra verður örugglega sárt saknað í glímunni við heimsmeistara Spánverja.

Engu að síður er enn sterkur kjarni Íslendinga enn í Álaborg og vitað er að einhverjir þeirra ætla að fylgja liðinu til Herning. Þá er einnig búist við að fleiri Íslendingar láti sjá sig þar og verður örugglega stemning er Ísland leikur þar fyrir framan fimmtán þúsund manns. - hbg

# Við spilum til sigurs í kvöld

Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari ætlar sér ekki að gefa heimsmeisturum Spánverja neitt frítt í úrslitaleik B-riðils á EM í kvöld. Undir eru líka tvö stig inn í milliriðilinn. Óvissa er með þátttöku nokkurra leikmanna.

**Henry Birgir Gunnarsson**
henry@frettabladid.is
**Daníel Rúnarsson**
danielr@365.is
Frá EM í Álaborg



**HANDBOLTI** Strákarnir okkar tóku daginn snemma í gær. Mættu á létta æfingu til þess að ná úr sér mesta hrollinum eftir Ungverjaleikinn. Þeir sem lítið spiluðu í þeim leik fengu aðeins að taka á því. Aðrir tóku því létt en nokkrir leikmenn gátu ekki æft vegna meiðsla.

„Þetta snýst um endurheimt milli leikja og að halda þeim sem minna spila á tánum,“ sagði landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson. Hann þarf að halda áfram að púsla liðinu saman. Aron Pálmarsson og Arnór Atlason eru meiddir og geta ekki æft frekar en Þórir Ólafsson og Vignir Svavarsson.

„Við vissum áður en við lögðum af stað hingað að það væru nokkrir menn laskaðir og að það þyrfti lítið að koma fyrir því þetta eru erfiðir leikir sem við erum að spila. Það þurfa allir í hópnum að vera klárir og við höfum engin efni á að bíða með skiptingar. Arnór hélt að hann myndi ekki geta spilað gegn Ungverjum og því tókum við Ólaf Guðmundsson inn. Hann gat það svo á endanum.“

### Arnór kominn til Álaborgar

Arnór Þór Gunnarsson var kallaður til Álaborgar í gær vegna meiðsla Þóris Ólafssonar. Þegar þetta er skrifað var ekki ljóst hvort Arnór kæmi inn í hópinn eða hvort reynt yrði að láta Þóri spila gegn Spáni í kvöld.

„Ef Þórir getur ekki spilað þá verður Arnór að koma inn,“ sagði Aron en Ísland hafði frest þar til í morgun með að tilkynna breytingar á hópnum. Ef Arnór kemur inn þá kveður Þórir og fer heim til sín.

Leikurinn við heimsmeistara Spánverja í kvöld er í raun fyrsti leikur í milliriðli hjá báðum liðum. Það lið sem vinnur leikinn fer með tvo aukapunkta inn í milliriðilinn enda eru báðar þjóðir búnar að tryggja sig þar inn.

„Við ætlum að reyna að vinna þennan leik enda úrslitaleikur um sigur í riðlinum. Spánverjar eru auðvitað með mjög gott lið en það er samt alltaf möguleiki. Þeir eru með virkilega sterkt varnarlið og eru stórhættulegir í hraðaupphlaupum. Við verðum því að vera þolinmóðir í sókninni og agaðir í okkar leik.“

### Norðmenn stríddu Spánverjum

Spánverjar sýndu gegn Noregi á þriðjudag að liðið getur misstigið sig. Þeir lentu í miklu basli með spræka Norðmenn en mörðu sigur að lokum í hörkuleik. Þeir búa aftur á móti yfir mikilli breidd og geta leyft sér að skipta mikið án þess að það komi nokkuð niður á leik liðsins.

„Markvörður Norðmanna átti stórleik og við þurfum eitthvað slíkt til þess að vinna. Það er vel hægt að vinna þetta lið og við munum því spila til sigurs. Það verður svo að koma í ljós hvort það dugar til.“

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 17.00 og verður í beinni textalýsingu á Vísi.



**TÆPUR VEGNA TOGNUNAR** Þórir Ólafsson tók takmarkaðan þátt í æfingu íslenska liðsins í Álaborg í gær en óvissa er um hvort hann geti spilað í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Ef Þórir getur ekki spilað þá verður Arnór að koma inn.**
>
> *Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari*



**HUGSI** Aron Kristjánsson þarf að finna leiðir til að stoppa heimsmeistara Spánverja í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Gott að losna við svona skrímsli

Sverre Jakobsson bíður spenntur eftir að slást við spænsku tröllin í kvöld en hann sleppur við Aguinagalde.

**HANDBOLTI** Það verður heldur betur nóg að gera hjá Sverre Jakobssyni og félögum í íslensku vörninni í kvöld. Spænsku leikmennirnir eru mikil tröll og enginn hægðarleikur að hafa hemil á þeim.

„Þeir eru ekkert ósvipaðir Ungverjunum en þeir eru kannski skrefinu framar í flestum þáttum handboltans. Vinna mikið tveir á tvo og nýta klókindi sín til hins ýtrasta. Við verðum að vera klárir frá fyrstu sekúndu,“ sagði Sverre.

Hann þarf ekki að glíma við línutröllið Julen Aguinagalde þar sem hann er frá vegna meiðsla. Munar um minna fyrir Spánverjana en Sverre segist samt muna sakna þess að slást við hann. „Það er alveg furðugaman að kljást við hann en ég get ekki neitað að það er gott að losna við svona skrímsli. Hinir tveir eru samt kröftugir, stórir og sterkir líka þannig að þetta verður ekkert auðveldara þannig. Þetta verður bara þriðja stríðið í þessari keppni á nokkrum dögum,“ sagði Sverre og hló við eins og svo oft áður.

Noregur sýndi í sínum leik gegn Spánverjum að það er hægt að gera ýmislegt gegn þeim. „Við teljum okkur vera það góða að við getum gert meira en að stríða öllum liðum. Við getum líka lent í hinu. Við verðum að vera vel innstilltir og ég efast ekki um að við verðum það,“ sagði Sverre Jakobsson á æfingu liðsins í gær. - hbg



**GETUM STRÍTT ÖLLUM LIÐUM** Sverre Jakobsson á æfingu með íslenska liðinu í Álaborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# HOT WINGS MÁLTÍÐ

**Nýtt!**

AÐEINS
**990**
KRÓNUR




## TAKTU ÞÁTT Í LEIKNUM!

## #KFCHOTWINGS

**Vinningar:** Playstation 4, snjóbretta- eða skíðanámskeið, jöklaferð, Hot Wings-veisla, Garmin VIRB hasarmyndavél.

**VINNINGAR Í HVERRI VIKU!**

### LEYSTU EINHVER AF EFTIRTÖLDUM VERKEFNUM:

Taktu selfie með selebi, skelltu þér í sjósund, knúsaðu stjórnmálamann, gerðu góðverk að eigin vali, farðu í alla stuttermabolina þína í einu, spilaðu Quiz Up uppi á Esjunni, notaðu venjulegan síma með snúru, hoppaðu í polla ...

PIPAR\TBWA • SÍA • 133374

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI

WWW.KFC.IS

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 20.05**
## Heilsugengið
Vandaður og fróðlegur íslenskur þáttur sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts verða hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.

## Í KVÖLD



**EM í handbolta**
**SJÓNVARPIÐ KL. 16.50** Ísland – Spánn. Bein útsending frá leik Íslendinga og Spánverja á Evrópumeistaramótinu í handbolta í Danmörku.



**American Idol**
**STÖÐ 3 KL. 19.45** Prettánda þáttaröð þessa vinsæla þáttar en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu.



**Tekinn**
**STÖÐ 2 GULL KL. 21.15** Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk'd með Ashton Kutcher. Auddi hrekkir þjóðþekkta einstaklinga og tekur allt saman upp á falda myndavél.

**Bylgjan kl. 13.00**
## Rúnar Róberts
Rúnar er í loftinu á milli klukkan 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.








## STÖÐ 2
**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Nashville**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Next Avengers. Heroes of Tomorrow**
**14.30 The O.C**
**15.15 Hundagengið**
**15.40 Ofurhetjusérsveitin**
**16.05 Tasmanía**
**16.30 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar**
**19.40 The Michael J. Fox Show** *(10:22)* Frábær gamanþáttur með Michael J. Fox í aðalhlutverki.
**20.05 Heilsugengið**
**20.30 Masterchef USA** *(3:25)*
**21.10 The Blacklist** *(11:20)* Æsispennandi þáttaröð með James Spader í hlutverki eins eftirlýstastasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington, sem gefur sig fram við FBI og býður fram aðstoð sína við að klófesta hættulega glæpa- og hryðjuverkamenn.
**21.55 Person of Interest** *(22:22)*
**22.40 NCIS. Los Angeles** *(21:24)*
**23.25 The Tunnel**
**00.10 Breathless**
**00.55 Spaugstofan**
**01.20 Banshee**
**02.10 Feel the Noise**
**03.35 Diary of the Dead**
**05.10 Banlieue 13 - Ultimatum**

## SPORT
*besta sætið*
**07.00 Man. City - Blackburn**
**16.30 Espanyol - Real Madrid**
**18.10 Sportspjallið** Vikulegur þáttur í umsjón íþróttafréttamanna 365.
**18.50 Man. City - Blackburn**
**20.30 World's Strongest Man 2013**
**21.00 World's Strongest Man 1985**
**22.00 NB90's. Vol. 1** Skemmtilegur þáttur um NBA á 10. áratugnum.
**22.25 Los Angeles - Miami**

## SPORT 2
*enski boltinn*
**12.05 Man. Utd. - Swansea**
**13.45 Stoke - Liverpool**
**15.25 Messan**
**16.45 Newcastle - Man. City**
**18.25 Cardiff - West Ham**
**20.05 Premier League World**
**20.35 Football League Show**
**21.05 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**22.00 Tottenham - Crystal Palace**
**23.40 Southampton - WBA**

## ÍNN
**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3
**17.20 Top 20 Funniest**
**18.00 How To Make It in America**
**18.30 Game tíví**
**19.00 Ben and Kate**
**19.25 1600 Penn** *(3:13)*
**19.45 American Idol** *(1:37)*
**21.10 Shameless** *(7:12)*
**21.55 The Tudors** *(9:10)*
**22.50 Grimm** *(9:22)*
**23.35 Strike Back**
**00.20 Ben and Kate**
**00.40 1600 Penn**
**01.00 American Idol**
**02.25 Shameless**
**03.10 The Tudors**
**04.05 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin
**07.00** Skógardýrið Húgó **07.23** Elías **07.34** Ævintýraferðin **07.47** UKI **07.52** Tommi og Jenni **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.46** Hvellur keppnisbíll **09.56** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Brunabílarnir **10.43** Latibær **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Skógardýrið Húgó **11.23** Elías **11.34** Ævintýraferðin **11.47** UKI **11.52** Tommi og Jenni **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.46** Hvellur keppnisbíll **13.56** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Brunabílarnir **14.43** Latibær **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Skógardýrið Húgó **15.23** Elías **15.34** Ævintýraferðin **15.47** UKI **15.52** Tommi og Jenni **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.46** Hvellur keppnisbíll **17.56** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Brunabílarnir **18.43** Latibær **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Puss N'Boots **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL
**06.25 Tónlistarmyndbönd**
**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Grey's Anatomy** *(4:24)*
**20.45 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(8:9)*
**21.15 Tekinn**
**21.40 The Drew Carey Show** *(19:24)*
**22.05 Curb Your Enthusiasm** *(5:10)*
**22.40 Game of Thrones**
**23.35 Hæðin**
**00.25 Hið blómlega bú**
**01.00 Twenty Four**
**01.45 A Touch of Frost.**
**03.30 Auglýsingahlé Simma og Jóa**
**03.53 Tekinn**
**04.23 The Drew Carey Show**
**04.48 Curb Your Enthusiasm**
**05.14 Game of Thrones**

## BÍÓ
**11.50 Johnny English Reborn**
**13.30 Skate or Die**
**15.00 Dumb and Dumber**
**16.50 Johnny English Reborn**
**18.35 Skate or Die**
**20.05 Dumb and Dumber**
**22.00 Extremely Loud and Incredibly Close**
**00.10 The Rum Diary**
**02.05 Taken 2**
**03.35 Extremely Loud and Incredibly Close**

## RÚV
**15.05 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**15.55 Stundin okkar**
**16.20 Táknmálsfréttir**
**16.30 EM stofa**
**16.50 EM í handbolta - Ísland-Spánn** Bein útsending frá leik Íslendinga og Spánverja á Evrópumeistaramótinu í handbolta í Danmörku.
**18.30 EM stofa** Björn Bragi og gestir gera upp leik Íslands og Spánar á EM í handbolta.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.00 EM í handbolta - Noregur-Ungverjaland** Seinni hálfleikur í leik Noregs og Ungverjalands á EM í handbolta í Danmörku.
**20.45 EM stofa** Í þættinum fer Björn Bragi Arnarsson ásamt góðum gestum yfir leiki dagsins og stöðuna á Evrópumeistaramótinu í handknattleik 2014.
**21.05 Fisk í dag** Skemmtilegir og fræðandi þættir þar sem Sveinn Kjartansson matreiðslumeistari fær ungling sér til aðstoðar í eldhúsið.
**21.15 Innsæi** *(10:10) (Perception)* Dr. Daniel Pierce er sérvitur taugasérfræðingur sem hjálpar yfirvöldum að upplýsa flókin sakamál. Meðal leikenda eru Eric McCormack, Rachael Leigh Cook og Arjay Smith.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(5:24) (Criminal Minds VIII)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**23.00 Erfingjarnir**
**23.55 Kastljós**
**00.10 Fréttir**
**00.20 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN
**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 90210**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Parenthood**
**19.10 Cheers**
**19.35 Trophy Wife**
**20.00 Svali&Svavar** *(2:10)*
**20.30 Happy Endings** *(20:22)*
**20.55 Parks & Recreation** *(20:22)*
**21.20 Scandal - NÝTT** *(1:22)* Við höldum áfram að fylgjast með Oliviu og félögum í Scandal. Fyrsta þáttaröðin sló í gegn meðal áskrifenda en hægt var að nálgast hana í heilu lagi í SkjáFrelsi.
**22.10 Groundhog Day**
**23.55 CSI**
**00.45 Franklin & Bash**
**01.35 Excused**
**02.00 Scandal**
**02.50 Blue Bloods**
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin
**08.15** PGA Tour 2014 **11.15** Feherty **12.00** PGA Tour 2014 - Highlights **12.55** PGA Tour 2014 **15.55** Feherty **16.40** Golfskóli Birgis Leifs **17.05** Golfskóli Birgis Leifs **17.30** Inside The PGA Tour 2014 **17.55** Herminator Invitational **18.30** Herminator Invitational **19.10** Feherty **19.35** Inside The PGA Tour 2014 **20.00** PGA Tour 2014

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# STÓRMÓT Á STÓRUM SAMSUNG SJÓNVÖRPUM

MÁ RÖVLA VIÐ DÓMARANN EF ÞIÐ ERUÐ EKKI SÁTT VIÐ UPPSETT VERÐ




SAMSUNG

9005 LÍNAN
LED SMART TV

**ULTRA HIGH DEFINITION OFURSJÓNVARP**

Stærðir: 65"/55"




SAMSUNG

Samsung
SMART TV
The Future of Smart TV, Now

7005 LÍNAN
LED SMART TV

Stærðir: 60"/55"/46"



## ÁFRAM ÍSLAND!

EISA AWARD
Best Product 2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000

8005 LÍNAN
LED SMART TV

Stærðir: 75"/65"/55"

SAMSUNG SETRIÐ

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM
FRÁ KL. 12–16

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

## BESTI TÖLVULEIKURINN



MYND/NICKY DIGITAL

**„Besti leikurinn sem hefur komið út er Pokémon X. Hann er hluti af tölvuleikjaseríu sem ég byrjaði að spila 12 ára gömul. Ég spila hann á Nintendo 3DS XL og tek hana með mér hvert sem ég fer, sérlega gott fyrir tónleikaferðalög."**

Júlía Hermannsdóttir, samfélagsmiðlari hjá Plain Vanilla og tónlistarkona.

# Le Corbusier-stólar í nytjagámi Sorpu

Ekki vitað hvort stólarnir voru gefnir af rausnarskap eða í misgáningi.

Tveir stólar frá hönnuðinum Le Corbusier rötuðu í nytjagám Sorpu og eru til sölu í Góða hirðinum.

„Casa selur sömu stóla með leðuráklæði, en stólarnir sem við fengum eru með strigaáklæði. Í Cösu kosta stólarnir 412 þúsund krónur stykkið með leðuráklæði. Ég geri ráð fyrir því að strigaáklæðið sé ódýrara en leðrið, en þetta eru samt sem áður verðmætir stólar," segir Aðalsteinn Atli Guðmundsson, starfsmaður Góða hirðisins. Í Góða hirðinum kosta stykkið 95 þúsund krónur. „Þeir eru þó ekki í versluninni, heldur baksviðs inni á lager til að forða þeim frá sliti og kaffislettum í verslunarrýminu," segir Aðalsteinn.

„Við vitum ekki hvort einhver var mjög rausnarlegur af ásettu ráði, eða hvort þetta var gefið án meðvitundar um virði stólanna."

Le Corbusier var frægur mubluhönnuður. „Hann hannaði stólana árið 1928. Hönnunin er frá þeim tíma, en þessi eintök voru framleidd einhvern tímann eftir 1970. Þeir eru stimplaðir af fyrirtækinu Cassina, sem er með framleiðslurétt á stólunum."



**BAKSVIÐS** Le Corbusier-stólar í Góða hirðinum. MYND/EINKASAFN



**VERÐMÆTIR STÓLAR** Aðalsteinn er starfsmaður Góða hirðisins. MYND/EINKASAFN


REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

ÚTSALA

Í FULLU FJÖRI
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

Stillanleg heilsurúm í sérflokki!
20%-35% afsláttur



C&J STILLANLEGT
með Infinity heilsudýnu
Verðdæmi 2x90x200 cm
Fullt verð kr. 581.800 ÚTSÖLUVERÐ KR. 465.440

Þráðlaus fjarstýring
Fæst í mörgum stærðum.

Vandaðar dúnsængur
20-30% afsláttur
140x200 verð frá
kr. 19.900



QUILTS OF DENMARK®

Tempur® Original heilsukoddi!
50% afsláttur
Útsöluverð
kr. 8.950
Verð kr. 17.900




TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Allir aðrir Tempur® heilsukoddar 25% afsláttur

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16


# Calvin Klein einn fyrirlesara HönnunarMars

Fyrirlestradagur Hönnunarmiðstöðvar á HönnunarMars er stjörnum prýddur.

Bandaríski fatahönnuðurinn Calvin Klein mun flytja erindi á „DesignTalks" – fyrirlestradegi Hönnunarmiðstöðvar á HönnunarMars 27. mars næstkomandi. Greipur Gíslason, verkefnastjóri HönnunarMars, er gríðarlega spenntur fyrir stóra deginum.

„Við vorum að leita að einhverjum sem gæti talað um stefnumótun fyrirtækis í áraraðir og hugsanlega stefnumótun þess að draga sig í hlé sem er mjög áhugavert," segir Greipur.

„Calvin kom auðvitað strax upp í hugann og við nýttum persónulega vináttu og tengsl sem virkaði – spiluðum bara Íslandsspilinu," útskýrir Greipur, léttur í bragði.

Calvin Klein ætti að vera flestum kunnugur en hann hefur um árabil verið einn fremsti fatahönnuður og ilmvatnsframleiðandi heims.

Í erindi sínu á fyrirlestradeginum í Hörpu mun hann meðal annars fjalla um stefnumótun og aðferðir á ólíkum stigum starfsferils síns og mikilvægi samvinnu þvert á hönnunargreinar.

„Fyrirlestradagurinn á HönnunarMars er að verða mikilvægasti vettvangur umræðu um framtíðina á sviði hönnunar á Íslandi en honum er líka ætlað að gefa öðrum geirum tækifæri til að kynna sér mátt hennar í rekstri fyrirtækja, sveitarfélaga og jafnvel þjóða. Þar verða fyrirlestrar Wong, Firth og Steinberg mjög áhugaverðir," bætir Greipur en við, en ásamt Calvin Klein verða fyrirlesarar þau Robert Wong hjá Google Creative Lab, Kathryn Firth, arkitekt og hönnunarstjóri hjá London Legacy Development Corporation, Mikael Schiller, stofnandi sænska fatamerkisins Acne Studios, og Marco Steinberg, fyrrverandi stjórnandi Helsinki Design Lab.

„Það verður auðvitað gaman að heyra í öllum en ég reikna með að Calvin eigi eftir að geta skilið kjarna byggðan á reynslu frá hismi sem oft virðist einkenna umræðuna," segir Greipur að lokum.

Miðasala á fyrirlestradaginn hefst í dag á midi.is.

olof@frettabladid.is

## Vongóðir karlmenn biðu í röð út á götu

Elite-skrifstofan á Íslandi gerði mikla leit í september 2010 hér á landi að næsta andliti bandaríska tískumerkisins Calvin Klein. Leitað var að íslenskum karlmönnum á aldrinum 16 til 30 ára og að sögn Ingibjargar Finnbogadóttur, framkvæmdastjóra Elite-skrifstofunnar á Íslandi á þeim tíma, sóttu tæplega tvö hundruð manns prufuna.

„Við vorum mjög vongóðar í upphafi leitarinnar og bjuggumst við hátt í fjörutíu manns. Raunin varð aftur á móti önnur því fimm mínútum fyrir auglýstan tíma var stigagangurinn troðfullur af strákum og náði röðin alla leið út á götu," segir Ingibjörg.

Tveir Íslendingar komust í lokaúrval en hvorugur þeirra fékk verkefnið að endingu.

### ➜ Calvin Klein

Calvin Klein stofnaði fyrirtækið Calvin Klein Inc. ásamt æskuvini sínum árið 1968. Frá stofnun hefur fyrirtækið verið forystuafl í tískuheiminum og merkisberi fyrir einfaldleika og fágun. Auk fatnaðar framleiðir fyrirtækið ilmvötn og húsbúnað.

Í nálgun sinni leggur Klein áherslu á að hanna nýja hluti sem hæfa nútímamanninum og heimili hans.

Calvin Klein er meðal þekktustu vörumerkja heimsins og er virði merkisins metið á yfir 7 milljarða Bandaríkjadala.

**„Calvin kom auðvitað strax upp í hugann og við nýttum persónulega vináttu og tengsl sem virkaði – spiluðum bara Íslandsspilinu.**



**CALVIN KLEIN** Ásamt Klein eru fyrirlesarar þau Robert Wong hjá Google Creative Lab, Kathryn Firth, arkitekt og hönnunarstjóri hjá London Legacy Development Corporation, Mikael Schiller, stofnandi sænska fatamerkisins Acne Studios, og Marco Steinberg, fyrrverandi stjórnandi Helsinki Design Lab. MYND/STEVEN KLEIN

# Í burðarhlutverki í Fortitude

Björn Hlynur Haraldsson leikur lögreglumann í sjónvarpsseríunni Fortitude.

Leikarinn Björn Hlynur Haraldsson kemur til með að leika burðarhlutverk sem lögreglumaður í sjónvarpsþáttunum Fortitude, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefjast tökur á fyrstu seríu þáttanna á mánudaginn.

Þættirnir, sem eru í anda Twin Peaks, fjalla um smábæinn Fortitude sem er talinn vera einn öruggasti bær í heimi þangað til vísindamaður í bænum er myrtur og allir liggja undir grun. Glæpurinn setur allt á annan endann í Fortitude og enginn er óhultur.

Hlynur fékk hlutverkið í gegnum umboðsmann sinn í Bretlandi, Angharad Wood.

Ásamt Birni Hlyni mun leikkonan Sofie Gråbøl fara með hlutverk í þáttunum, en hún er hvað best þekkt fyrir hlutverk sitt sem Sarah Lund í dönsku þáttunum Forbrydelsen. Þau Sofie og Björn leika hjón í þáttunum.

Alls verða teknir upp þrettán þættir og fara tökur aðallega fram á Reyðarfirði, en einnig í London. Framleiðslufyrirtækið Pegasus þjónustar verkefnið á Íslandi. - ósk

➜ Þættirnir fjalla um smábæinn Fortitude sem er talinn vera einn öruggasti bær í heimi þangað til vísindamaður í bænum er myrtur og allir liggja undir grun.



**ÞÆTTIR Í ANDA TWIN PEAKS** Björn Hlynur leikur eiginmann Sofie Gråbøl í seríunni, en hún leikur Söruh Lund í Forbrydelsen. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sumarið selst hratt!

## Þökkum ótrúleg viðbrögð við forsölunni.
## Ertu búinn að bóka ferðina þína?

**FORSALA Á SUMARIÐ!**
Allt að **60.000 kr.** afsláttur fyrir 4 manna fjölskyldu. Takmarkað sætaframboð!

### Tenerife
28. maí - vika



★★★
**Hovima Jardin Caleta**
Tilboðsverð á mann:
**96.300** KR.
verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 106.900 kr.

### Almería
1. júlí - vika



★★★★
**Arena Center**
Tilboðsverð á mann:
**83.900** KR.
verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 107.900 kr.

### Benidorm
27. maí - vika



★★
**Paraiso Centro**
Tilboðsverð á mann:
**77.500** KR.
verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 87.900 kr.

### Albir
24. júní - vika



★★★★
**Albir Playa**
Tilboðsverð á mann:
**85.200** KR.
verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi m. morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 100.200 kr.

### Alicante borg
3. júní - vika



★★★
**Best Western Albahia**
Tilboðsverð á mann:
**80.900** KR.
verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi m. morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 91.000 kr.

### Costa Brava
16. júní - vika



★★★
**Xaine Park**
Tilboðsverð á mann:
**96.300**
verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi m. hálfu fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 102.600 kr.

### Barcelona
20. júní - 3 nætur



★★★
**San Augustin**
Tilboðsverð á mann:
**99.800** KR.
verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með morgunmat.

### Madeira
22. apríl - 8 nætur



★★★
**Four Views Monumental Lido**
Tilboðsverð á mann:
**159.900** KR.
verð á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó án fæðis.




ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRI 19, 201 KÓPAVOGI | S. 585 4000 | MEIRA Á **URVALUTSYN.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Uppselt á Sónar í Stokkhólmi

Uppselt er á Sónar-tónlistarhátíðina í Stokkhólmi, sem haldin er í samvinnu við og um sömu helgi og Sónar Reykjavík, dagana 14. og 15. febrúar. Þetta er í fyrsta sinn sem Sónar-hátíðin er haldin í Stokkhólmi og eru skipuleggjendur hennar í skýjunum yfir hversu vel hátíðinni hefur verið tekið.

Sónar Stockholm var hleypt af stokkunum í kjölfar velgengni Sónar Reykjavík, en uppselt var á fyrstu Sónar-hátíðina hérlendis í fyrra.

Meðal þeirra flytjenda sem koma fram á Sónar Stockholm er íslenska sveitin **Sísí Ey**, sem einnig kemur fram á Sónar Reykjavík í ár. Paul Kalkbrenner, Bobobo, Daphn, James Holden og Jon Hopkins koma einnig fram á bæði Sónar í Reykjavík og Stokkhólmi.



- glp

### Ætlar að gefa Traktor

**Margeir Ingólfsson**, betur þekktur sem DJ Margeir, tilkynnti á Facebook-síðu sinni í gær að hann hygðist gefa einum upprennandi plötusnúð forritið Traktor.

„Forritið getur gert hvern sem er að DJ-stjörnu og það er ekki fyrir bændur. Ég ákvað að gefa eintak sem ég fékk frá Tónastöðinni og vonandi verður þetta til þess að einhver stígi skrefið og gerist plötusnúður og bæti tónlistarlífið,“ segir Margeir



- hg

## Mest lesið vísir

1 Fjölskyldum stúlknanna nóg boðið
2 Öskrandi leikari hræddi nágranna í miðbænum
3 Samkynhneigður þingmaður giftir sig útaf bréfi til jólasveinsins
4 Dönskum ferðamanni nauðgað á Indlandi
5 Hefur bjargað tugum villikatta

RISA ÚTSALA
YFIR 1000 VÖRUTEGUNDIR
ALLT AÐ 75% AFSL.
SJÓNVÖRP ÚTVÖRP
FERÐATÆKI BÍLTÆKI
DVD SPILARAR MAGNARAR
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR
HLJÓMBORÐ MP3 SPILARAR
REIKNIVÉLAR VÖFFLUJÁRN OFNAR
FRYSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR
ÖRBYLGJUOFNAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
ÞVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN ÍSSKÁPAR
SAMLOKUGRILL KAFFIVÉLAR RAKVÉLAR
HELLUBORÐ RYKSUGUR HRÆRIVÉLAR
UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞURRKARAR
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500

ÚTSALA!



40% afsláttur af öllum vörum
BOSS
HUGO BOSS
BOSS KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

40% afsláttur
af öllum útsöluvörum
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

nýjar vörur